FRÉTTABLAÐIÐ
212. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2016

# Viðreisn bætir við sig fylgi

**Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn fá langmest fylgi samkvæmt nýrri könnun. Viðreisn og Samfylkingin með álíka fylgi. VG hefur tapað þriðjungsfylgi yfir sumarið. Fylgi Bjartrar framtíðar að þurrkast út.**

**STJÓRNMÁL** Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn eru enn stærstu stjórnmálaflokkar á Íslandi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Píratar fengju 29,5 prósent fylgi ef kosið væri nú og Sjálfstæðisflokkurinn fengi 28,2 prósent fylgi. Munurinn á milli flokkanna tveggja er innan vikmarka.

Næstir á eftir koma Vinstri græn með 12,7 prósent fylgi og Framsóknarflokkurinn með 10,7 prósent fylgi. Munurinn á milli þessa tveggja flokka er líka innan skekkjumarka.

Þá segjast 7,5 prósent ætla að kjósa Samfylkinguna og 6,7 prósent ætla að kjósa Viðreisn og er munurinn þar á milli líka innan vikmarka. Tvö prósent segjast síðan ætla að kjósa Bjarta framtíð.

**Fylgi flokka** 6. og 7. sept




Fréttablaðið kannaði síðast fylgi við flokka dagana 23. og 24. maí. Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn voru þá einnig með talsverða forystu, Sjálfstæðisflokkurinn með 31,5% en Píratar með 28,7 prósent. Vinstri grænir voru þá hins vegar með 18,1 prósent fylgi og hafa því tapað umtalsverðu fylgi yfir sumarið.

Í könnuninni í maí var Viðreisn einungis með 1,1 prósent fylgi og hefur því bætt umtalsvert við sig. Könnun Fréttablaðsins og Vísis núna var gerð í gær og fyrrakvöld. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður tilkynntu síðan í gær að þau hygðust ganga til liðs við Viðreisn.

„Það hefur smám saman verið að opnast tómarúm fyrir miðju stjórnmálanna. Við teljum mikilvægt að það verði fyllt,“ sagði Þorsteinn Pálsson í samtali við Stöð 2 um þá ákvörðun sína. Þorgerður Katrín sagðist ekki líta á framboðið sem klofningsframboð „Ég horfi ekki á þetta sem klofning frá Sjálfstæðisflokknum heldur einfaldlega er verið að finna farveg fyrir frjálslyndu öflin til þess að þeirra sjónarmið heyrist aðeins hærra heldur en hefur verið á umliðnum misserum,“ sagði Þorgerður Katrín.

Þegar Þorgerður og Þorsteinn tilkynntu um framboð sitt var búið að hringja í liðlega helming svarenda. Þegar borinn er saman munurinn á svörum eftir kvöldum sést að 2 prósent fleiri sögðust ætla að kjósa Viðreisn seinna kvöldið en fyrra kvöldið. Sá munur er innan skekkjumarka.

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.164 manns þar til náðist í 795 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 6. og 7. september. Svarhlutfallið var 68,3 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 54,2 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. – **jhh** / **sjá síðu 6**



**Poppstjarnan Justin Bieber lenti á Reykjavíkurflugvelli upp úr hádegi í gær. Hann kom til landsins í einkaflugvél frá Los Angeles þar sem hann hefur verið undanfarna daga. Hann heldur tvenna tónleika í Kórnum, í kvöld og annað kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Búningarnir í takti við tísku hvers tíma



**LÍFIÐ** Flugfreyjan og tískutröllið Anna Margrét Jónsdóttir fer yfir helstu kosti og galla íslensku flugliðabúninganna og fræðir lesendur um tísku háloftanna.

„Á tímabili reyndi ég að rokka upp einkennisfatnaðinn minn sem flugfreyja við alls ekki jákvæðar undirtektir yfirmanna minna. Að mínu mati má einkennisfatnaður ekki vera of háður tísku,“ segir Anna Margrét. – **gjs**/**sjá síðu 46**

## Fréttablaðið í dag

**HALLDÓR**



**SKOÐUN** Arnar Eggert Thoroddsen vill meiri menningu og meira pönk. 17

**SPORT** Landsliðsþjálfarinn vill fullan Laugardalsvöll. 28

**MENNING** Sannsögulega leikritið Sóley Rós ræstitæknir frumsýnt í Tjarnarbíói. 38

**LÍFIÐ** Kaffi Laugalækur er í eigu tveggja æskuvina 50

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







AFSLÁTTARDAGAR

15%
AF ÖLLUM VÖRUM
(gildir ekki af tilboðsvörum)

fim/fös/lau

Tekk KRISTALL
Laugavegi 178 – sími 568 9955

## Veður




Gengur í norðaustan 8-15 m/s um landið SA-vert með rigningu. Hvessir norðanlands með rigningu þegar líður á daginn. Heldur hægari og úrkomuminna suðvestan til. Hiti 8 til 13 stig að deginum.
SJÁ SÍÐU 36

# Stefnan tekin á Viðreisn




**Þau Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður, tilkynntu í gær að þau myndu segja skilið við flokkinn og ganga til liðs við Viðreisn. Eftir að Þorgerður tilkynnti um ákvörðun þeirra á Twitter mættu þau í sjónvarpsviðtal á Stöð 2 og Vísi þar sem þau gerðu grein fyrir ákvörðun sinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Það verður minna að gera fyrir rjúpnaskyttur í ár en í fyrra.**

## Heimilt að veiða 40 þúsund

**UMHVERFISMÁL** Náttúrufræðistofnun leggur til að ráðlögð rjúpnaveiði í haust verði 40 þúsund fuglar, en hún var 54 þúsund fuglar á síðasta ári. Stofnunin leggur mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar. Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, fékk tillögurnar í fyrradag. Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað haustið 2013 að rjúpnaveiðitíminn yrði 12 dagar næstu þrjú ár. Gera má ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. – **jhh**

## Funduðu um loftslagsmál

**UTANRÍKISMÁL** Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra ræddi loftslagsmál á fundi með Abdul Hassan Mahmood Ali, utanríkisráðherra Bangladess, í gær. Auk þess ræddu ráðherrarnir efnahagsmál, samvinnu á sviði sjávarútvegs og orkunýtingar og mannréttindamál. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Bangladess sé í hópi þeirra ríkja sem munu finna mest fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga vegna láglendis við sjó, og því voru loftslagsmál mikið rædd á fundinum. – **jhh**



**Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra**

## Með sverð á heimilinu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum, vopnalögum og lyfjalögum. Refsingin fellur niður haldi maðurinn almennt skilorð í tvö ár.

Maðurinn var meðal annars sakfelldur fyrir að hafa haft í sínum vörslum amfetamín, marijúana og anabólíska stera. Þá geymdi hann mikið magn skotfæra í ólæstum hirslum á heimili sínu. Að auki hafði hann undir höndum sverð, tvo fjaðurhnífa og úðavopn. Brotin áttu sér stað í júlí á síðasta ári.

Maðurinn játaði brot sín skýlaust. Hann hefur ekki áður gerst brotlegur við lög. Með hliðsjón af því þótti unnt að skilorðsbinda refsinguna. Þá voru áðurnefnd lyf, vopn og fíkniefni gerð upptæk. – **jóe**

# Tekjur af turninum fara yfir 200 milljónir

**Heimsóknum gesta í Hallgrímskirkjuturn hefur fjölgað mikið síðustu ár. Samhliða hafa tekjur kirkjunnar aukist verulega. Tekjurnar fara meðal annars í að greiða fjögur hundruð milljóna króna bankalán sem hvílir á kirkjunni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áætlað er að heimsóknum gesta í Hallgrímskirkjuturn muni fjölga um 30% frá því í fyrra. Þetta segir Jónanna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, í samtali við Fréttablaðið. Um 200 þúsund gestir kirkjunnar keyptu sér far upp í turninn á síðasta ári sem gaf Hallgrímskirkju tekjur sem námu um 161 milljón króna. Flestir af þeim eru ferðamenn. Haldist hlutfallsleg fjölgun gesta út þetta ár má ætla að turngestir verði yfir 260 þúsund í árslok. Þetta þýðir að tekjur kirkjunnar fara yfir 200 milljónir. Aðgangseyrir að turninum er nú 900 krónur fyrir fullorðna, en 100 krónur fyrir börn 6-16 ára.

Jónanna segir að nákvæmar heimsóknartölur fyrir kirkjuna alla séu ekki alveg á hreinu. Í ársbyrjun var nýtt talningartæki tekið í notkun sem enn sé verið að fá reynslu á. Samkvæmt talningum þess hefur daglegur meðalfjöldi gesta í ár verið um 2.500 manns. Jónanna segir hins vegar að reynslan sýni að um fjórðungur gesta kaupi aðgang að turninum. Sé tekið mið af tölum um tekjur af turnheimsóknum í ársreikningum Hallgrímskirkju 2010-2015, sem sjá má í töflunni hér til hliðar, kemur í ljós að heildarfjöldi kirkjugesta muni fara yfir eina milljón á þessu ári. Tekið skal fram að tekjur sem birtast vegna þessa árs eru uppreiknaðar miðað við 30% fjölgun heimsókna frá 2015.

Allar tekjur af turnferðunum renna til Hallgrímskirkju, en starfsmenn kirkjunnar sjá um að taka á móti gestum og rukka inn. „Þessi sala gerir það að verkum að við getum haft kirkjuna opna yfir allt árið,“ segir Jónanna en opnunartími kirkjunnar er frá kl. 9-21 frá maí til september, en frá kl. 9-17 yfir vetrarmánuðina. „Það að vera með starfsfólk hér á öllum þessum tímum og þurfa að sinna öllu viðhaldi er kostnaðarsamt. Þetta hús er gríðarlega stórt og þarfnast gríðarlega mikil viðhalds,“ segir hún og bendir á að nú sé unnið að steypuviðgerðum utanhúss upp á 60 milljónir. Þá hvíli á kirkjunni 400 milljóna króna bankalán sem tekið var vegna umfangsmikilla viðhaldsframkvæmda á kirkjuturninum 2008-2009. Einnig er á döfinni að endurnýja turnlyftuna og kaupa nýjan tæknibúnað sem knýr kirkjuklukkurnar. „Engar þessara viðhaldsframkvæmda væru mögulegar ef ekki kæmu til tekjur af útsýnispalli í turninum,“ segir Jónanna.

Hún segir almenna ánægju vera meðal þeirra gesta sem sækja kirkjuna. „Þeir eru mjög ánægðir með heimsóknir í kirkjuna og upp í turninn. Samkvæmt óformlegri könnun sem við gerðum í febrúar og mars kom í ljós að hún stenst þær væntingar sem gestir gera til hennar.“ **hlh@365.is**

### Aðgangseyrir í Hallgrímskirkju




> Þessi sala gerir það að verkum að við getum haft kirkjuna opna yfir allt árið
>
> Jónanna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju



blómaval | HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# AFMÆLIS ÚTSALA

60 ÁRA 1956 - 2016

Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar 20-40% afsláttur
- Pottaplöntur 20-50% afsláttur
- Handverkfæri 20- 30% afsláttur
- Gjafavara Blómaval 20-50% afsláttur
- Verkfæratöskur 20-50% afsláttur
- Ljós 25% afsláttur
- Kerti 20% afsláttur
- Stanley verkfæri 20% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 25% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Álstigar og -tröppur 20% afsláttur
- Garðverkfæri 30% afsláttur
- Ryksugur 20% afsláttur
- Plastkassar 30% afsláttur
- Garðálfar 50% afsláttur
- Plastkörfur 25% afsláttur
- Straubretti 25% afsláttur
- Þvottasnúrur 25% afsláttur
- Luktir 20% afsláttur
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen 20% afsláttur
- Nilfisk háþrýstidælur og ryksugur 20% afsláttur
- Henrad miðstöðvarofnar 20% afsláttur
- Stanley loftpressur 25% afsláttur
- Málning 20% afsláttur
- Vegg- og loftaþiljur 20% afsláttur
- Útiarinn 25% afsláttur
- Örbylgjuofnar 20% afsláttur
- Búsáhöld 25-30% afsláttur
- Fatnaður 15-20% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Valdar vörur á lækkuðu verði: Frystikistur • Parket Blöndunartæki • Handlaugar

... og margt fleira!

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.



- 40% - 50% - 20% - 30% - 40%
BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TIL




Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-blaðinu á www.husa.is

Byggjum á betra verði

www.husa.is



Fjör í Skrekk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hafnfirðingar vilja í Skrekk

**SKÓLAR** Tillaga um að Hafnfirðingar reyni að koma að fulltrúum í hæfileikakeppninna Skrekk var lögð fram á síðasta fundi fræðsluráðs bæjarins.

„Okkur finnst mikilvægt að ungmenni eins og við fáum tækifæri til þess að tjá okkur listrænt og ég veit að ef við fáum að keppa þá aukast listrænir og hugrænir hæfileikar ungmenna í Hafnarfirði,“ segja tillöguflytjendur.

Til þessa hefur Skrekkur eingöngu verið fyrir reykvíska grunnskólanema. „Við vonumst til að komast með í þessa keppni eða þá til að hafa undanúrslit Hafnarfjarðar og tveir bestu skólarnir myndu þá keppa.“ Fræðsluráðið vísaði málinu til íþrótta- og tómstundaráðs. **– gar**

## Ferðamenn verði 2,4 milljónir

**FERÐAÞJÓNUSTA** Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna í ár verði 1,76 milljónir, sem er 39 prósenta aukning frá því í fyrra. Ferðamenn verði svo orðnir 2,37 milljónir á næsta ári. Spáin byggir á gögnum sem Isavia hefur birt um úthlutuð stæði fyrir tímabilið 1. nóvember 2016 til 25. mars 2017. Gangi spá Greiningar um fjölda ferðamanna eftir verður fjöldinn á næsta ári ríflega sjöfaldur íbúafjöldi í landinu. Afar fáar þjóðir státa af álíka háu hlutfalli. **– jhh**

**1,76**

**milljónir ferðamanna munu koma hingað í ár samkvæmt spá Greiningar Íslandsbanka.**

**LEIÐRÉTT**

*Ranglega var farið með nafn stofnanda Invent Farma á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Hann heitir Friðrik Steinn Kristjánsson.*

## Grunnþjónusta á kostnað „gæluverkefna“

Minnihlutinn bendir á að borgin skuli forgangsraða og beina sjónum að grunnþjónustunni í stað þess að eyða fjármunum í gæluverkefni. Þess skal þó getið að ekki er hægt að færa fjármuni sem ætlaðir eru til fjárfestingar yfir í rekstur.

**670 milljónir króna** er hagræðingarkrafa á Skóla- og frístundasvið. Hún er til viðbótar við 125 milljóna króna niðurskurð í upphafi árs.

**Dæmi um verkefni borgarinnar sem ekki flokkast undir grunnþjónustu:**

- Framkvæmdir í Gröndalshúsi **30 milljónir**
- Rúmur helmingskostnaður við hjólastíga á einu ári **205,5 milljónir**
- Viðbótarframlög til Hörpu **83,5 milljónir** á ári
- Þrenging Grensásvegar **170 milljónir**
- Hjóla- og göngubrú yfir Breiðholtsbraut **125 milljónir**
- Veggmyndir í Breiðholti **56 milljónir**

# Mótmæla að neyðarástand ríki

**Framsókn og flugvallarvinir vilja skipa neyðarhóp um skólamál í borginni. Meirihlutinn vísaði tillögunni frá, ætlar að snúa vörn í sókn en mun ekki endurskoða hagræðingu upp á 670 milljónir króna.**



Borgaryfirvöld segjast ekki ætla að taka til baka 670 milljóna króna hagræðingarkröfu á Skóla- og frístundasvið.

**SKÓLAMÁL** Á borgarstjórnarfundi í fyrradag komu Framsókn og flugvallarvinir með þá tillögu að neyðarhópur yrði skipaður um vanda leikskóla í borginni og skiladði niðurstöðum í lok september.

Meirihlutinn vísaði tillögunni frá og Sjálfstæðisflokkur sat hjá enda vilja borgarfulltrúar hans beina sjónum að öllum skólastigum, sem séu fjársvelt.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir enga ástæðu til að setja það góða starf sem unnið er á leikskólum í samhengi við neyðarástand. Það sé nú forgangsverkefni meirihlutans að bæta rekstrarskilyrði leikskólanna eftir tímabil aðhalds og sparnaðar. Tillögur hafi verið í mótun undanfarnar vikur og verði kynntar og settar í framkvæmd strax í þessum mánuði.

„Við ætlum að snúa vörn í sókn,“ segir Skúli. 670 milljóna króna hagræðingarkrafa á Skóla- og frístundasvið verði þó ekki tekin til baka. „Við horfum fram á veginn. Við teljum að þær aðgerðir sem voru gerðar hafi verið skynsamlegar til að færa fjármagnið til. Sú ákvörðun byggði á þverpólitískri vinnu starfshópa.“

Skúli segir hluta af tillögunum koma til framkvæmda strax, annar hluti um áramót og sá þriðji fari í fjárhagsáætlun næsta árs. Hann vill ekki fara nánar út í hvaða breytingar verði gerðar en jánkar því að auðvitað snúist þetta um peninga og að sjónum verði beint að bættu starfsumhverfi og nýliðun í starfsstéttinni. „Við erum búin að ná þannig utan um reksturinn með hagræðingu síðustu ár að við getum farið að bæta aftur í,“ segir hann.

Leikskólar taka á sig 79,3 milljóna króna niðurskurð og grunnskólar 183,1 milljón af 670 milljóna króna hagræðingarkröfu á Skóla- og frístundasvið borgarinnar. Hins vegar þurfa leik- og grunnskólar einnig að taka með sér halla ársins yfir á nýtt ár en fjölmargir skólar glíma við halla í kjölfar niðurskurðar síðustu árin.

Þar að auki hækkuðu laun starfsstétta á sviðinu á árinu án þess að því væri mætt með auknu fjármagni. Það þýðir að minna fjármagn fer í aðra kostnaðarliði, svo sem mat, viðhald og annan rekstur. Öll þessi atriði hafa þrengt verulega að leik- og grunnskólum í borginni.

**erlabjorg@frettabladid.is**

**Við horfum fram á veginn.**



Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

### 43 starfshópar



Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, benti á það í ræðu sinni á borgarstjórnarfundinum að fyrir ári hefðu verið stofnaðir 43 starfshópar innan skóla- og frístundasviðs. Að minnsta kosti fjórir hópar fjölluðu sérstaklega um fjármál sviðsins. „Hvað kom út úr þessu?“ spurði hún í pontu og beindi máli sínu til meirihlutans. „Að ætla að skoða reiknilíkanið núna er í besta falli yfirklór.“


## Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**



**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 13., 20. og 27. september kl. 16:10 – 19.**

Námskeiðsstaður er Katrínartún 2 (Höfðatorg), 16. hæð, Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is**

**Námskeiðsgjald er 40.000 kr. og greiðist við skráningu.**

Lexista

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.**


## Hólmsheiði seinkar enn frekar

**FANGELSISMÁL** Nýtt fangelsi á Hólmsheiði verður tekið síðar í notkun en áætlað var. Stefnt var að því að fyrstu fangarnir gætu hafið afplánun um síðustu mánaðamót en af því varð ekki.

„Við gerum ráð fyrir að fyrstu fangar fari í hús núna um mánaðamótin september-október. Ég er bjartsýnn á að það takist,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri við Fréttablaðið.

Nýja fangelsið var vígt 10. júní síðastliðinn og hafði fangelsismálastjóri vonast til þess að hægt væri að boða fyrstu dómþola í afplánun við afhendingu. Í samtali við Vísi 28. júlí síðastliðinn sagði hann að „[það væri] seinkun á þessu og lítil sem engin vinna í gangi“. Ófremdarástand væri í fangelsismálum.

Í hinu nýja fangelsi verður aðstaða til þess að 56 fangar geti afplánað. Fangelsið er bæði hugsað sem gæsluvarðhaldsfangelsi og sem móttökufangelsi. Þá verður þar sérstök álma fyrir kvenfanga í langtímaafplánun en Hólmsheiði verður eina kvennafangelsið.



Fangelsið á Hólmsheiði var opnað með pompi og prakt þann 10. júní síðastliðinn en hefur ekki enn verið tekið í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Töfin nú stafar af því að við viljum hafa allt pottþétt. Það er að mjög mörgu að huga. Fangaverðir eru að læra inn á nýtt öryggiskerfi og húsnæði og við viljum ekki fara af stað fyrr en við teljum það öruggt,“ segir Páll.

Líkt og áður segir er stefnt að því að fyrstu fangarnir verði kallaðir í afplánun í lok þessa mánaðar. Þar verði á ferðinni allir kvenfangar sem þurfi að afplána í lokuðu fangelsi. Byrjað verði á fimm til tíu föngum og umfang síðan aukið smám saman. Um áramótin er stefnt að því að á þriðja tug fanga verði í afplánun á Hólmsheiði. **– jóe**

# NÚ Á ALLT AÐ SELJAST!

**Við rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum enn meiri verðlækkun á útsöluvörunum okkar.**





# NÚ ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

# 30%

## AUKAAFSLÁTTUR





**Athugið að það getur verið takmarkað magn af sumum vörum hjá okkur. Fyrstir koma fyrstir fá!**





RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR TIL 12.09 2016

# Sýrlandsher varpar efnavopnum á Aleppo

**SÝRLAND** Her ríkisstjórnar Sýrlands varpaði sprengjum sem innihéldu klórgas á borgina Aleppo á þriðjudag. Þetta var fullyrt í tilkynningu mannúðarsamtakanna Syrian Civil Defence sem birt var í gær. Alls særðust 80 í árásinni og sjálfboðaliðar samtakanna segjast hafa séð fólk á götum úti berjast við að ná andanum.

Klórgas getur valdið köfnun og þar með dauða ef það kemst ofan í lungun og er notkun þess í hernaði bönnuð samkvæmt samkomulagi sem náðist á efnavopnaráðstefnunni í París og New York á tíunda áratugnum.

Sýrlandsher hefur ekki staðfest árásina og hefur líka alltaf neitað að hafa notað efnavopn í aðgerðum sínum. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna sem birt var fyrr í ár segir hins vegar margt benda til þess að það sé ekki rétt. Þar er Sýrlandsher sagður hafa notað efnavopn að minnsta kosti tvisvar árin 2014 og 2015. **– þea**


SKIPULAGSDAGURINN 2016

Gæði byggðar og umhverfis

15. september kl. 09:00—16:00, Grand hótel, Reykjavík

Skipulagsdagurinn er ætlaður öllum sem koma að skipulagsgerð og ákvörðunum um skipulag. Fjölmörg áhugaverð erindi eru á dagskrá en meðal fyrirlesara eru:

**Brian Mark Evans**, prófessor við The Glasgow School of Art, sem mun fjalla um skipulag á Íslandi í alþjóðlegu samhengi.

**Karl Otto Ellefsen**, prófessor við Arkitektur- og designhøgskolen í Oslo, sem mun segja frá verkefni sem snýr að ferðamannavegum í Noregi.

Dagskrá og upplýsingar um skráningu má nálgast á skipulag.is

Skipulagsstofnun







# Páfinn heilsar lýðnum



Frans páfi heilsaði kristnum mönnum þegar hann kom að Péturstorginu í Vatíkaninu í gær. Frans hefur vakið athygli fyrir frjálslyndari skoðanir og hegðun en forverar hans. Á sunnudag vakti það athygli þegar hann hélt pitsaveislu fyrir heimilislausa, eftir að Móðir Teresa hafði verið tekin í dýrlingatölu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bjarni undrast ákvörðun Þorgerðar

**Formaður Sjálfstæðisflokksins undrast þá ákvörðun Þorgerðar Katrínar að ganga til liðs við Viðreisn. Segir sjálfstæðismenn ekki breyta stefnu sinni. Bendir á að erlendis snúist stjórnmálaumræðan um útgöngu úr Evrópusambandinu.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist undrandi yfir því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður flokksins, skuli ganga til liðs við stjórnmálaafl sem berjist fyrir stefnu sem er öndverð stefnu Sjálfstæðisflokksins. Þorgerður Katrín og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, tilkynntu bæði í gær að þau væru gengin til liðs við Viðreisn. Þorgerður mun taka sæti á lista í Kraganum en Þorsteinn tekur ekki sæti á lista.

Bjarni segir reyndar nokkuð langt síðan Þorgerður var varaformaður flokksins. „Engu að síður er maður nokkuð undrandi yfir því að hún vilji stíga inn á vettvang stjórnmálanna til þess að berjast fyrir nýrri stefnu, annarri en þeirri sem hún tók þátt í að móta á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og framfylgja, og við störfuðum saman að því að vinna fylgi,“ segir hann.

> Við erum að hefja kosningabaráttu þar sem við leggjum mjög góð verk í dóm kjósenda – og skýra framtíðarsýn
>
> Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins



Bjarni segir að það hafi legið lengi fyrir að Evrópusinnaðir sjálfstæðismenn væru ósáttir. Í Viðreisn hafi þeir fundið sér farveg til að fá útrás fyrir áhuga sinn á inngöngu í Evrópusambandið. Hann segir framboð Viðreisnar þó ekki hafa nein áhrif á stefnu Sjálfstæðisflokksins. „Það er alveg ljóst að það er mikill yfirgnæfandi meirihluti sjálfstæðismanna sem er á móti inngöngu í Evrópusambandið. Við eigum góða samleið með landsmönnum, kjósendum, um þá stefnu og hún er ekki til endurskoðunar. Ég sé ekki að þetta hafi áhrif á stefnuna,“ segir hann.

Bjarni segir skoðanakannanir undanfarna mánuði hafa sýnt að Viðreisn sæki fylgi til Evrópusinnaðra kjósenda. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið stöðugur á undanförnum mánuðum og ég geri ekki ráð fyrir að á því verði miklar breytingar. Við erum að hefja kosningabaráttu þar sem við leggjum mjög góð verk í dóm kjósenda – og skýra framtíðarsýn,“ segir hann.

Bjarni segir að í öðrum löndum hafi líka verið hræringar á vettvangi stjórnmálanna. „Og þar höfum við séð átök, en þau hafa kannski miklu frekar snúist um það að komast út úr Evrópusambandinu heldur en það að berjast fyrir inngöngu,“ segir hann. **jonhakon@frettabladid.is**

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 8.-12. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA

## Sterkustu vígi Johnsons




## Fylgi frambjóðendanna




## Torveld leið en ekki ófær

Til þess að verða forseti Bandaríkjanna þyrfti Johnson að koma í veg fyrir að einhver frambjóðandi fengi meirihluta kjörmanna. Kosningakerfið í Bandaríkjunum virkar þannig að kjörmenn kjósa forseta en almenningur kýs hvern kjörmenn skulu kjósa í hverju fylki fyrir sig. Allir kjörmenn fylkisins kjósa sama frambjóðanda, sama hversu mörg atkvæði sigurvegarinn í fylkinu fær. Ef Johnson nær að koma í veg fyrir að annar frambjóðandi fái meirihluta velur fulltrúadeild þingsins forsetann. Johnson stólar þá á að þeir repúblikanar sem ekki styðja Trump og demókratar sammælist um að velja hann sem eins konar málamiðlum.



Johnson byggir framboð sitt á hugsjónum um frjálsan markað.


## Sjávarleður hf.

ATLANTIC LEATHER

Til sölu eru eignir Þrotabús Sjávarleðurs hf. að Borgarmýri 5, Sauðárkróki, Nánar tiltekið er um að ræða eftirtaldar eignir:

Fasteignin Borgarmýri 5, Sauðárkróki, fastanr. 213-1301 og 1302, verksmiðjuhús á einni hæð byggt 1969 og 1975 samtals 3.968 m²

Þá eru til sölu lausafjármunir sútunarverksmiðjunnar, s.s. áhöld og tæki til fullvinnslu á skinnum og roði o.fl. auk lagers af sjávarleðri, mokkaskinnum, gærum, húðum og hráefnum.

Óskað er eftir tilboðum í ofangreindir eignir, annað hvort í heild eða að hluta. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Tilboðsfrestur er til og með 15. sept.

Nánari upplýsingar veita Einar Sigurjónsson, hdl., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, sími 5200-900, einar@logmannsstofan.is. Ágúst Guðmundsson löggiltur fasteignasali Suðurgötu 3, Sauðárkróki s. 453-5900, fasteignir@krokurinn.is og Björn Guðmundsson löggiltur fasteignasali hjá Fasteignasölunni Byggð Akureyri s. 464-9950, byggd@byggd.is





VIRÐING

## LYFJA HF. – OPIÐ SÖLUFERLI

Fyrirtækjaráðgjöf Virðingar, fyrir hönd Lindarhvols ehf., auglýsir Lyfju hf. til sölu. Lyfja er stærsta keðja apóteka og heilsuverslana á Íslandi en samtals rekur félagið 39 apótek, útibú og verslanir, auk minni útibúa, sem staðsett eru um land allt undir merkjum Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins.

Einnig á Lyfja dótturfélagið Heilsu ehf. sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á matvörum, vítamínum, snyrtivörum og almennri apóteksvöru.

Söluferlið fer eftir samþykktum reglum Lindarhvols ehf., sem er að fullu í eigu ríkissjóðs, en þar kemur fram að leggja skuli áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt er gagnsæis og jafnræðis bjóðenda.

Frá og með fimmtudeginum 8. september 2016 geta áhugasamir fjárfestar sett sig í samband við Virðingu og nálgast stutta kynningu á félaginu, trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingablað um fjárfesti. Þeir fjárfestar sem uppfylla skilyrði um þátttöku í söluferlinu fá í framhaldinu afhent ítarleg sölugögn um félagið.

Áhugasömum bjóðendum er boðið að skila inn óskuldbindandi tilboði fyrir kl. 16 miðvikudaginn 5. október. Þeim sem eiga hagstæðustu tilboðin verður boðin áframhaldandi þátttaka í ferlinu og munu þeir fá aðgang að rafrænu gagnaherbergi með ítarlegri gögnum, kynningu á félaginu frá stjórnendum Lyfju hf. og gefast kostur á að framkvæma áreiðanleikakönnun á félaginu.

**Áhugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf Virðingar með tölvupósti á netfangið lyfja@virding.is.**

VIRÐING | BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | 585 6500 | WWW.VIRDING.IS


# Johnson fetar þröngan stíg að Hvíta húsinu

**Forsetaframbjóðandi Frjálshyggjuflokksins í Bandaríkjunum mælist með um átta prósenta fylgi. Hann telur sig eygja möguleika á sigri en fetar þröngan stíg. Enginn frambjóðandi utan stóru flokkanna tveggja hefur fengið svo mikið fylgi í kosningum í 24 ár.**




Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is


**BANDARÍKIN** Gary Johnson, fyrrverandi ríkisstjóri Nýju-Mexíkó og forsetaframbjóðandi Frjálshyggjuflokksins í Bandaríkjunum, mælist með allt að 12 prósenta fylgi. Meðaltal skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman mælir Johnson með um 8 prósenta fylgi.

Þótt fylgi hans sé mun minna en fylgi Hillary Clinton, frambjóðanda demókrata, og Donalds Trump, frambjóðanda repúblikana, hefur enginn frambjóðandi utan flokkanna tveggja fengið svo mikið fylgi frá því Ross Perot fékk 19 prósent atkvæða í kosningum árið 1992.

Johnson og varaforsetaefni hans, Bill Weld, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, byggja framboð sitt á reynslu sinni og hugsjónum um frjálsan markað og frjálslynt samfélag. Þeir hafa tranað sér fram sem valkostur fyrir þá sem óánægðir eru með Clinton og Trump en samkvæmt skoðanakönnunum er álit almennings á þeim sögulega lítið.

### Sá vinsælasti í áratugi

Ef Johnson heldur fylgi sínu stöðugu í um 8 prósentum mun það vera áttföldun á því fylgi sem hann fékk í kosningunum árið 2012, þá uppskar hann einungis eitt prósent atkvæða.

Samkvæmt greiningu FiveThirtyEight telst það afar líklegt. Í samantekt þeirra má sjá að fylgi þriðja valkosts helst nokkuð stöðugt frá ágúst og fram til kosninga. Þannig var Ross Perot með um 20 prósenta fylgi í ágúst 1992 og uppskar 19 prósent í kosningunum. Sömu sögu er að segja af Ralph Nader árið 2000. Hann fór úr fjórum prósentum í þrjú.

### Nálgast í tveimur fylkjum

Johnson mælist vel yfir 10 prósentum í þó nokkrum fylkjum ef marka má nýja könnun Washington Post. Hann mælist með 19 prósent í Alaska, Suður-Dakóta og Idaho og 17 prósent í Kansas.

Í heimafylkinu Nýju-Mexíkó kemst hann einna næst því að fá meira fylgi en annar hvor frambjóðendanna tveggja. Þar mælist Johnson með 25 prósenta fylgi, Trump 29 og Clinton 37. Þá er hann einungis fjórum prósentustigum frá Clinton í Utah. Johnson mælist þar með 23 prósent, Clinton 27 og Trump 34.

### Of hár kappræðuþröskuldur

Til þess að fá að taka þátt í sjónvarpskappræðum með þeim Clinton og Trump þarf Johnson að auka fylgi sitt í 15 prósent en þess krefjast sjónvarpsstöðvarnar sem halda kappræðurnar. Næstu kappræður eru á CNN þann 26. þessa mánaðar.

Johnson hefur reynt að freista þess að ná upp í 15 prósentin en ekki haft erindi sem erfiði enn sem komið er. Framboðið hefur varið um tveimur milljónum bandaríkjadala, andvirði um 230 milljóna króna, í útvarpsauglýsingar og öðru eins í sjónvarpsauglýsingar en ljóst er að langt er í land.




„Sama hversu vel maður getur þjálfað það að vera flottur í blaðaviðtölum eða að stjórna stærðarinnar áhöfnum í Ameríku þá er maður ekki leikstjóri síns eigin lífs," segir Baltasar. FRÉTTABLAÐIÐ/X

# Stjórnsemin er *skepna*

**Baltasar Kormákur lifir og lærir í gegnum þær sögur sem hann býr til fyrir hvíta tjaldið. Hann hafnaði tveimur stórmyndum til þess að gera Eiðinn.**

Birgir Örn Steinarssom
birgirorn@365.is



Nýjasta kvikmynd Baltasars Kormáks verður frumsýnd í dag á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Íslendingar eru orðnir svo vanir því að fá fréttir af leikstjóranum og samstarfi hans við alþjóðlegar kvikmyndastjörnur á borð við Denzel Washington, Jake Gyllenhaal, Mark Wahlberg, Josh Brolin, Aliciu Vikander, Keiru Knightley og flesta sem vettlingi geta valdið í Hollywood að það telst nánast til tíðinda að hann skuli gera mynd hér á litla Íslandi með íslenskum leikurum og áhöfn.

Það að hann hafi svo ákveðið að birtast sjálfur á hvíta tjaldinu eftir átta ára fjarveru gerir myndina einnig forvitnilega en síðast sáum við hann leika í Reykjavík-Rotterdam.

Í Eiðnum leikstýrir hann sjálfum sér en það hefur hann ekki gert síðan hann hlaut eldskírn sína sem kvikmyndaleikstjóri með 101 Reykjavík árið 2000.

Baltasar leikur hjartaskurðlækninn Finn í myndinni. Hann horfir upp á það þegar dóttir hans Anna (leikin af Heru Hilmarsdóttur) verður ástfangin af Óttari (sem Gísli Örn Garðarsson leikur) sem er tengdur undirheimum Reykjavíkurborgar. Þegar ást þeirra ber rotinn ávöxt neyðist Finnur til að takast á við sinn innri mann.

### Áhrif úr eigin reynsluheimi

Ólafur Egilsson var undir áhrifum úr eigin reynsluheimi þegar hann skrifaði handritið og Baltasar segist hafa tengt við persónu og breyskleika Finns. Mann sem hefur nær algjöra stjórn á eigin lífi en er svo gjörsamlega bjargarlaus þegar kemur að lífi hans nánustu.

„Það hljómar kannski svolítið hrokafullt en þegar ég fór að skoða þetta þá fannst mér ég vera mjög heppilegt val í hlutverkið," segir Baltasar. „Mér fannst þessi maður að sumu leyti líkur mér. Hann hefur notið mikillar velgengni í starfi. Hann telur sig geta stjórnað hlutum í lífi sínu, og jafnvel í lífi annarra vegna starf síns, en svo þegar kemur að hans nánustu þá finnur hann til smæðar sinnar og valdleysis. Ég tengi við þetta. Sama hversu vel maður getur þjálfað það að vera flottur í blaðaviðtölum eða að stjórna stærðarinnar áhöfnum í Ameríku þá er maður ekki leikstjóri síns eigin lífs."

Baltasar vinnur við það að segja öðrum hvað þeir eigi að gera, hvar þeir eigi að vera og hvernig þeir eigi að haga sér í vissum aðstæðum. Hann vinnur einnig við það að veiða hugmyndir úr tóminu og ákveða hverjar þeirra séu líklegastar til þess að ná blóma. Það er því kannski ekkert svo undarlegt að hann detti stundum í leikstjórann á sínu eigin heimili.

„Stundum kemur maður heim eftir að hafa verið á setti í Bandaríkjunum og her manna er búinn að hlýða manni eins og maður sé Guð almáttugur. Maður er búinn að vera stjórna mönnum eins og Denzel Washington og jafnvel hann er búinn að beygja sig fyrir manni. Svo er maður í þeirri orku þegar heim er komið en þar gilda önnur lögmál. Það getur tekið tíma fyrir mann að stilla sig af," segir Baltasar.

„Ég á erfitt með að hemja mig þegar hlutir fara ekki á þann hátt sem ég vil. Ég hef nú lært að díla við það betur með aldrinum en hér áður fyrr þá barði ég menn og rakst utan í fólk ef það gat ekki verið sammála mér um hvernig hlutir ættu að vera. En það var nú meira tengt drykkju og öðru sem ég hef náð að slíta mig frá."

Baltasar segir að persóna hans í Eiðnum eigi í sömu baráttu. Stjórnsemi sé skepna sem erfitt sé að temja. Þannig geti góðir menn sem vanir séu að halda um taum eigin lífs frekar kosið að ríða inn á myrk svæði en að sætta sig við eigin vanmátt gagnvart óviðráðanlegum aðstæðum.

„Sumir telja að hið illa komi að utan en yfirleitt er það nú þannig að hið illa kemur að innan. Í hverjum og einum okkar getur leynst mikil illska og ólga sem eru ekkert endilega fyrirsjáanlegar. Ákveðnar aðstæður geta kallað fram svoleiðis hluti. Ég er þannig maður að ég er eiginlega hræddastur við sjálfan mig. Ég er ekkert endilega hræddur við hvað aðrir menn gera mér. Ég er miklu hræddari við hvernig ég myndi haga mér í ákveðnum kringumstæðum. Það er talað um að lofthræðsla sé ekki hræðsla við að falla, heldur hræðslan við að stökkva. Það þekki ég mjög vel – að þurfa að spyrja sjálfan mig hvort ég sé nægilega brjálaður til þess að stökkva fram af brúninni."

> **Ég er þannig maður að ég er eiginlega hræddastur við sjálfan mig. Ég er ekkert endilega hræddur við hvað aðrir menn gera mér.**

Það var víst þrautaganga systur handritshöfundarins Ólafs Egilssonar sem varð honum innblástur að sögunni. Baltasar kannast sjálfur við svipaðar aðstæður úr eigin lífi.

„Einn besti vinur minn fór og náði í dóttur sína með haglabyssu. Hún er búin að vera í afvötnun núna í ár og er að ná sér á strik en það er búið að vera alveg svakalega erfiður tími hjá honum. Svo var líka eitt svona mál í móðurfjölskyldu minni. Sá maður lenti í fangelsi í langan tíma. Maður hefur heyrt um gullfallegar stúlkur sem fara að deita glæpamenn úr þessum heimi. Maður hefur heyrt af ansi skrautlegum skírnarveislum þar sem á einum endanum er kannski fólk úr leiklistinni en í hinum endanum fólk úr glæpaheiminum. Svo er Gísli Pálmi tengdur fjölskyldunni. Það eina sem ég vil segja um það mál er að mér finnst fólk á netinu tala heldur óvarlega um það sem kom fyrir þar. Það má ekki gleyma því að þetta eru manneskjur þó svo að þær séu auðvitað að leika sér að eldinum."

Baltasar segist hafa fengið góðar viðtökur frá þeim sem hafi séð Eiðinn. Einn þeirra lýsti myndinni sem „Taken í raunveruleikanum".

„Barnið er tekið af þér en ekki með valdi. Það fær þráhyggju fyrir einhverjum aðila. Allt það sem þú hefur verið að reyna að ala í brjósti þess með uppeldinu fer út um gluggann og þú missir algjörlega tökin á því. Slík eru átök ástarinnar. Hvar heldurðu í og hvar sleppir þú? Eftir að hafa farið í gegnum tvær unglingsstelpur þá get ég sagt þér að ég er með háskólagráðu í því að reyna. Á aldrinum 13 ára til 19, þá verður mjög erfitt fyrir pabbann að ná til dætra sinna. Ef maður hefur gengið í gegnum það tvisvar er maður búinn að eyða lengri tíma í að kynnast slíku en það tekur að fá háskólagráðu."

### Ekki ósvipað að gera sjálfsmynd

Baltasar segir að þegar leikstjórar ákveði að leikstýra sjálfum sér sé það ekki ósvipað og þegar listmálari geri sjálfsmynd.

„Þetta er afar persónuleg túlkun á verkinu. Menn geta farið yfir um í sjálfsdýrkun sem getur verið hættulegt ef menn geta ekki skilið þarna á milli. Ég fékk óbragð í munninn eftir að hafa gert þetta í 101 Reykjavík en þar gleymdi ég eiginlega að leikstýra sjálfum mér og rumpaði því bara af.

„Ég held að ég sé meiri leikstjóri en leikari. Ég fæ meira út úr því að upplagi en að leika. Það eru ekkert margir leikstjórar sem hafa sjálfir leikið aðalhlutverk í bíómyndum. Svo líður tíminn og mér fannst eins og ég hefði misst þá tengingu við sjálfan mig. Þetta snýst því ekki um að stækka en ég hef ennþá mikla þörf fyrir það að gera betur. Það var búið að bjóða mér að gera The Mummy og Fast & the Furious og ef ég hefði viljað stækka þá hefði ég bara farið þangað. Í staðinn fór ég heim og gerði Eiðinn, til þess að reyna að ná betra sambandi við listina og gera betur. Ég keyri mig áfram á því að vilja gera betur."


DEBENHAMS
SPRENGIDAGAR
ALLT AÐ
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM
KONUR • HERRAR • BÖRN • SNYRTIVÖRUR
FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG!
DÆMI UM VÖRUR Á OFURTILBOÐI:
ROCHA.JOHN ROCHA
40% afsláttur
Úrval af jakkafötum á 4 – 16 ára
THE COLLECTION DEBENHAMS
40% afsláttur
Herraskyrtur og bindi frá The Collection
ULTIMATE DEBENHAMS
40% afsláttur
Úrval af brjóstahöldurum
REAL TECHNIQUES by Sam&Nic
40% afsláttur
Duo-Fibre Collection burstar
STAR BY julienmacdonald
40% afsláttur
af öllum töskum
THE COLLECTION DEBENHAMS
40% afsláttur
af Collection peysukápum
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
*Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Skálarnir við Landmannalaugar. Þar vinna fjórir skálaverðir.



Bergþór Bjarki vinnur morgunverkin og dregur fánann að húni.



Bergþór Bjarki tínir til rusl og óskilamuni.

# Dagur í lífi skálavarða



Stefán Karlsson
stefank@365.is
ljósmyndari

Fjórir skálaverðir vinna í skálunum við Landmannalaugar. Ljósmyndari Fréttablaðsins gerði sér ferð þangað, fylgdist með störfum skálavarða og tók af þeim myndir við störf sín.



Nína skúrar gólfið í klósettaðstöðunni árla morguns.



Ferðamaður er vakinn snemma morguns og beðinn um að færa bíl sinn sem hann hafði lagt á lokuðu svæði.



Sabine frá Leipzig skúrar gólfin.

Valensia

Nýja línan er
komin í verslanir!







Brjóstahaldari/íþróttatoppur **3.999**
Nærbuxur **1.299**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




**Ráðgert er að hleðslustöðvarnar verði komnar í nóvember.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tólf hleðslustöðvar við Kringluna

Kringlan og Íslenska gámafélagið hafa gert samning um að setja upp tólf hleðslustöðvar fyrir rafmagns- og tengiltvinnbíla á bílastæðum Kringlunnar. Markmiðið er að gera viðskiptavinum Kringlunnar kleift að hlaða bíla sína á meðan þeir gera innkaup.

Íslenska gámafélagið og Kringlan hafa unnið lengi í samstarfi að umhverfismálum með góðum árangri. Allur úrgangur frá verslunum Kringlunnar er flokkaður og skilað til endurvinnslu. Er þetta góða samstarf því tekið enn lengra með uppsetningu á hleðslustöðvum segir í tilkynningu.

Ráðgert er að nýju hleðslustöðvarnar verði teknar í notkun í nóvember. Íslenska gámafélagið býður allar lausnir frá heimahleðslu til öflugra hraðhleðslustöðva. Íslenska gámafélagið mun kynna allar lausnir sínar á sýningunni Saman gegn sóun, sem verður í Perlunni um næstu helgi. **– sg**

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR




JOHN COLTRANE 90 ÁRA

Flutt verður eitt merkasta verk Coltranes; svítan
A LOVE SUPREME frá 1964 í útsetningu Wynton Marsalis
auk fleiri spennandi verka frá ólíkum tímum.

Stjórnandi: Snorri Sigurðarson

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

HARPA KALDALÓN
Sunnudag 11. september kl. 20:00
Miðaverð frá kr. 2.500
Miðar á harpa.is og í miðasölu Hörpu

**Stór innlendur bjór**

| | |
|---|---|
| Osló | 1.150 kr. |
| Reykjavík | 1.000 kr. |
| Stokkhólmur | 800 kr. |
| París | 800 kr. |
| Kaupmannahöfn | 700 kr. |
| Lundúnir | 700 kr. |
| Dyflinn | 700 kr. |
| Róm | 600 kr. |
| Berlín | 350 kr. |
| Barselóna | 350 kr. |

**Þriggja rétta máltíð**

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 11.900 kr. |
| Osló | 11.700 kr. |
| Kaupmannahöfn | 10.300 kr. |
| Stokkhólmur | 9.400 kr. |
| Lundúnir | 8.300 kr. |
| Dyflinn | 7.700 kr. |
| París | 6.400 kr. |
| Róm | 6.400 kr. |
| Barselóna | 5.200 kr. |
| Berlín | 5.200 kr. |

**Þriggja stjörnu hótel**

| | |
|---|---|
| Stokkhólmur | 15.400 kr. |
| Kaupmannahöfn | 15.300 kr. |
| Reykjavík | 15.000 kr. |
| París | 13.500 kr. |
| Lundúnir | 13.000 kr. |
| Osló | 11.600 kr. |
| Barselóna | 11.400 kr. |
| Róm | 10.800 kr. |
| Dyflinn | 10.300 kr. |
| Berlín | 8.500 kr. |

Heimild: Samtök atvinnulífsins (verð á núverandi gengi dollara)



**Reykjavík er í dýrari kantinum sem áfangastaður í Evrópu, miðað við hótelverð og verð á veitingastöðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Reykjavík orðin dýrust

**Verulegar verðhækkanir hafa átt sér stað á liðum tengdum ferðaþjónustu á Íslandi á síðustu mánuðum. Hótel og veitingastaðir eru orðnir dýrari en fyrir hrun og dýrari en á evrusvæðinu og í Noregi. Tryggja þarf samkeppnisstöðu Íslands.**

Reykjavík er dýrasta höfuðborg í Evrópu sé litið til meðalverðs á stórum innlendum bjór, þriggja rétta máltíð, nætur á þriggja stjörnu hóteli og leigubílaferðar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, Komið þið fagnandi. Ferðaþjónusta á Íslandi: Uppgangur og áskoranir, sem var kynnt á opnum umræðufundi Samtaka atvinnulífsins í gær.

Gengisstyrking krónunnar hefur leitt til hærra verðlags í ferðaþjónustu, og svo gæti farið að með áframhaldandi styrkingu krónunnar verði Ísland of dýr áfangastaður.

„Það eru vísbendingar um að við séum í dýrari kantinum miðað við aðrar höfuðborgir. Í kjölfar efnahagshrunsins vorum við hlutfallslega mjög ódýr vegna veikingar krónunnar í evrum talið, en verðlagið hefur verið stígandi upp á við undanfarin árin. Bæði vegna aukinnar verðbólgu en einkum og sér í lagi vegna gengisstyrkingar krónunnar,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

„Það sem er sláandi er að við sjáum verulegar verðhækkanir á liðum tengdum ferðaþjónustu, eins og hótelum og veitingastöðum. Nokkrir þættir hafa þar áhrif. Í fyrsta lagi er ferðaþjónustan verulega útsett fyrir

> Áframhaldandi styrking á krónunni mun grafa undan samkeppnisstöðu greinarinnar og við verðum ennþá dýrari.
>
> Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA.



miklum launahækkunum enda vinnuaflsfrek grein, í öðru lagi hefur gengisstyrking krónunnar þau áhrif að við verðum dýrari í erlendum gjaldmiðlum. Í þriðja lagi þá hefur verið framboðsskortur einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu sem hefur sitt að segja. Við sjáum að hótel og veitingastaðir eru dýrari í evrum en til að mynda fyrir 2008 og hlutfallslega dýrari í samanburði við evrusvæðið eða Noreg.“

Fram kemur í greiningunni að samkvæmt könnun Travelsat var fjórða algengasta ástæða sem ferðamenn tilgreindu fyrir því að velja áfangastað að þeir hefðu fengið gott tilboð eða töldu áfangastaðinn ódýran. Því getur verðlag haft veruleg áhrif á val á áfangastað. Að mati Ásdísar gæti komið til þess að Ísland verði of dýr áfangastaður og það dragi úr fjölgun ferðamanna. „Áframhaldandi styrking á krónunni mun grafa undan samkeppnisstöðu greinarinnar og við verðum ennþá dýrari. Mikilvægt er að gæði og þjónusta standi undir slíkri verðlagningu, að öðrum kosti verður upplifun ferðamanna einfaldlega neikvæð.“

Að mati Ásdísar þarf að horfa á heildarmyndina, og tryggja samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og annarra útflutningsgreina. „Ferðaþjónustan hefur verið í örum vexti og allt útlit fyrir að slíkur vöxtur verði áfram, a.m.k. í bili. Áframhaldandi styrking nafngengis, verulegar launahækkanir og hátt vaxtastig grefur hins vegar undan greininni. Horft fram á veginn þarf að vera skýrari stefna um framtíð ferðaþjónustunnar og tryggja að ferðaþjónustan geti starfað í heilbrigðu og stöðugu rekstrarumhverfi,“ segir Ásdís.

Efnahagssviðið leggur til að launahækkanir taki mið af svigrúmi útflutningsgreina eins og ferðaþjónustunnar. Að skýr stefna verði um hvernig stjórnvöld ætli að tryggja sjálfbærni greinarinnar til langs tíma og hámarka arðinn af þessari nýju atvinnugrein. **saeunn@frettabladid.is**




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online

# Viðreisn og evra



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Viðreisn hefur aðgreint sig frá Sjálfstæðisflokknum í stórum málum en hvaða stefnu ætla forystumenn flokksins að taka í gjaldmiðils- og peningamálum og verður það hitamál í kosningabaráttunni?

„Ástæðan fyrir því að þetta fór illa árið 2008 var fyrst og fremst vegna umgjarðar peningastefnunnar. Það hvort það var Jón Sigurðsson eða Effelturninn á peningaseðlunum var ekki aðalatriðið heldur umgjörðin og hvernig ákvarðanir voru teknar og hvernig við brugðumst við áhættum.“ Þetta sagði Gylfi Zoëga, prófessor og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, í viðtali á Stöð 2 í mars. Rétt ályktað enda skiptir ekki máli hvaða gjaldmiðill er notaður ef hagstjórnin er í molum. PIIGS-ríkin, Portúgal, Ítalía, Írland, Grikkland og Spánn, voru þau ríki sem urðu verst úti í skuldakreppunni á evrusvæðinu. Flest hafa þau náð þokkalegri viðspyrnu að Grikklandi undanskildu sem hefur verið dæmt til áratuga ánauðar af lánardrottnum sínum. Þá er óvíst hvernig ítölsku efnahagslífi reiðir af vegna stöðu bankakerfisins þar. Vanda þessara ríkja má rekja til ákvarðana sem voru teknar við hagstjórn í aðdraganda kreppunnar. Evran gerði það hins vegar að verkum að sum þessara ríkja náðu síðbúinni viðspyrnu og alls engri viðspyrnu eins og í tilviki Grikklands. Þá eru margir af virtustu hagfræðingum heims á þeirri skoðun að myntsamstarfið um evruna sé stórgallað í óbreyttri mynd.

Barátta fyrir launum í mynt sem rýrnar ekki og er ekki undirorpin sveiflum og óvissu er án nokkurs vafa eitt mikilvægasta baráttumál sem launafólk á Íslandi hefur staðið frammi fyrir lengi. Hins vegar hefur reynslan af skuldakreppunni á evrusvæðinu sýnt að þátttaka í myntsamstarfi hefur sína ókosti. Um þessar mundir er íslensk þjóð jafnframt að ganga í gegnum lengsta stöðugleikatímabil frá því verðbólgumarkmið var tekið upp árið 2001. Umræðan um gjaldmiðilsmál er því ekki jafn heit í þjóðfélaginu og oft áður.

> **Með tilkomu Viðreisnar eru kjósendur á miðjunni og hægra megin við miðjuna komnir með valkost sem aðgreinir sig frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum í mikilvægum málaflokkum.**

Viðreisn hefur aðgreint sig með skýrum hætti frá Sjálfstæðisflokknum í tvíþættu tilliti. Annars vegar vill flokkurinn að sjávarútvegsfyrirtækin greiði markaðstengt auðlindagjald með því að árlega fari ákveðinn hluti kvótans á markað. Hins vegar vill Viðreisn að landbúnaðurinn lúti lögmálum almennrar samkeppni og að innflutningstakmarkanir og tollar á landbúnaðarvörur verði afnumin í áföngum. Með tilkomu Viðreisnar eru kjósendur á miðjunni og hægra megin við miðjuna komnir með valkost sem aðgreinir sig frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum í mikilvægum málaflokkum. Að þessu sögðu verður hins vegar forvitnilegt að sjá hvaða afstöðu forystumenn Viðreisnar taka í gjaldmiðils- og peningamálum. Hvort þeir munu leggja höfuðáherslu á að Ísland eigi að stefna á aðild að Evrópska myntbandalaginu með undanfarandi aðild að ESB. Í því sambandi er eðlilegt að spyrja, er það eftirsóknarvert á meðan staðan á evrusvæðinu er jafn brothætt og viðkvæm og raun ber vitni?

## Halldór




DÚNDUR
LAGERSALA
NTC
Kultur
eva
GK
Kultur menn
KARAKTER
COMPANYS
galleri sautján
focus
URBAN
FLÓ & FRANSÍ
SMASH
gs skór
HEFST Á MORGUN
KL. 10:00
3. HÆÐ KRINGLUNNI
Farðu inná "Lagersala NTC" á facebook fyrir frekari upplýsingar

## Frá degi til dags

**Kanónur kljúfa hægrið**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að bjóða sig fram til Alþingis að nýju í haust fyrir stjórnmálaflokkinn Viðreisn. Einnig hefur Þorsteinn Pálsson ákveðið að ganga til liðs við flokkinn. Sætir þetta auðvitað miklum tíðindum að slíkir þungavigtarmenn kljúfi Sjálfstæðisflokkinn og hefji störf fyrir annað stjórnmálaafl. Nú er svo spurningin hvaða áhrif þetta hefur á stöðuna í kosningum fram undan. Gaman verður að sjá Bjarna Benediktsson og Þorgerði Katrínu takast á í komandi baráttu.**

**Lífið er lambagras**

**Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda skrifaði langan pistil þar sem hann las blaðamanni Fréttablaðsins pistilinn vegna frétta um aukningu síðustu ára í framleiðslu lambakjöts. Lesa má úr skrifum framkvæmdastjórans að honum sé mikið niðri fyrir. Rétt er að taka fram að allt stenst skoðun sem Fréttablaðið hefur sent frá sér um sauðfjárbúskap og engin afstaða tekin með eða á móti greininni. Því er ákveðið að fara í manninn en ekki boltann. Rétt er að benda á að í forsetakosningunum 2012 gagnrýndi hann einmitt þá sem fóru í manninn en ekki boltann.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Lærdómur Færeyja



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Við Íslendingar höfum ekki verið sammála um hvernig skipta eigi arðinum sem auðlindirnar okkar skapa og endalausar deilur eru um málið ár eftir ár. Þó margt hafi tekist vel í sjávarútvegi hér á landi þá vantar enn réttlætistilfinninguna um að samfélagið allt njóti góðs af auðlindanýtingunni eins og best verður á kosið. Því það er til lítils að eiga verðmætar þjóðarauðlindir ef sjúkrahúsin og skólarnir njóta ekki góðs af.

**Fullt verð í eigin vasa**

Kvótaútboð eru þegar stunduð á Íslandi en þau eru alfarið í höndum einkaaðila. Nú geta þeir sem fá úthlutað kvóta stungið fullu verði í eigin vasa með því að selja og leigja kvóta til þriðja aðila. Sem dæmi má nefna að kvótalitlar útgerðir þurfa að greiða stærri útgerðum 200 krónur fyrir kílóið af þorski í veiðigjald á meðan ríkið innheimtir aðeins 13 krónur. Eina breytingin með útboði á aflaheimildum er því sú að þá mun þjóðin sjálf, eigandi auðlindarinnar, stunda frumútboð á heimildum og njóta arðsins.

> **Sem dæmi má nefna að kvótalitlar útgerðir þurfa að greiða stærri útgerðum 200 krónur fyrir kílóið af þorski í veiðigjald á meðan ríkið innheimtir aðeins 13 krónur.**

**Fólkið nyti arðsins**

Ef við gætum verið viss um að tekjurnar renni til uppbyggingar í sveitarfélögunum vítt og breitt um landið og til heilbrigðisþjónustu sem sárlega vantar fjármagn, mundi nást sú sátt sem nauðsynleg er um fiskveiðikerfið. Útgerðarmenn þyrftu þá ekki lengur að treysta á að stjórnmálamenn ákveði veiðigjald sem er þeim þóknanlegt og gætu treyst því að ekki sé verið að hygla einum umfram aðra. Fólkið í landinu fengi notið arðsins af auðlindinni til uppbyggingar í sveitarfélögunum og til almennrar velferðar. Það er réttlátt.

Í hádeginu í dag stendur Samfylkingin fyrir fundi í Sjóminjasafninu í Reykjavík um útboð á kvóta. Við höfum boðið hingað þingmanni jafnaðarmanna í Færeyjum og mun hann fara yfir lærdóm Færeyinga sem hófu útboð á aflaheimildum fyrr á þessu ári. Þangað mæta einnig fulltrúar helstu hagsmunaaðila og vonast ég eftir góðum umræðum um þetta mikilvæga mál fyrir íslenskt samfélag.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sjö vikur til kosninga

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Formenn þriggja stjórnmálaflokka, Pírata, Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, lýstu því yfir fyrr í sumar „að þeir útiloki samstarf við Sjálfstæðisflokkinn eftir næstu kosningar“. Þessi yfirlýsing er nýmæli og vitnar um hversu sjálfstæðismenn hafa gengið fram af andstæðingum sínum á Alþingi og einnig mörgum mönnum sem búast nú til að fara fram gegn Sjálfstæðisflokknum undir merkjum Viðreisnar. Yfirlýsingin vitnar einnig um vilja þriggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna á þingi til að koma sér saman um mál fyrir kosningar.

Eðlilegt næsta skref væri yfirlýsing þessara flokka um samstarf eftir kosningar nái þeir saman meiri hluta á Alþingi svo sem margt bendir nú til að geti tekizt. Píratar hafa þá sérstöðu meðal stjórnmálaflokkanna að þeir hafa sett staðfestingu nýrrar stjórnarskrár í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 langefst á sína stefnuskrá. Þess er því að vænta að Pírötum veitist svigrúm til að afgreiða stjórnarskrármálið eftir kosningar í samvinnu við Sf og Vg sem komu málinu af stað í ríkisstjórn 2009 þótt þeim entist ekki þrek til að ljúka því fyrir lok kjörtímabilsins 2013.

Hafi tveir flokkar einhvern tímann átt að þiggja útrétta hönd eins og þá sem Píratar bjóða nú fram ættu Sf og Vg að grípa hana fegins hendi án frekari tafar.

**Sjálfstæðismenn lögðu línuna**

Píratar hafa komið sér saman um þaulreynda áætlun um framgang málsins á þingi, áætlun sem er í aðalatriðum samhljóða verklagi Sjálfstæðisflokksins þegar hann beitti sér fyrir nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni 1942 og 1959 til að jafna atkvæðisréttinn í samræmi við breytta búsetu í landinu.

Stjórnarskráin frá 1944 kveður á um að fyrst skuli Alþingi samþykkja stjórnarskrárbreytingu og segir síðan: „Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Í samræmi við þetta ákvæði hafði Sjálfstæðisflokkurinn forustu um eitt stutt kjörtímabil og tvennar kosningar til að staðfesta stjórnarskrárbreytingarnar bæði 1942 og 1959 og hafði til þess fulltingi vinstri flokkanna tveggja á Alþingi. Framsóknarmenn börðust gegn breytingunum en urðu undir.

Nú búast Píratar til að hafa sama háttinn á, helzt í samstarfi við Sf og Vg.

**Eitt stutt kjörtímabil, tvennar kosningar**

Það er engin tilviljun að sagan skuli endurtaka sig með þessum hætti. Lýðveldisstjórnarskráin mælir beinlínis fyrir um að þessi háttur – eitt stutt kjörtímabil, tvennar kosningar – skuli hafður á breytingum á stjórnarskránni nema um smávægilegar breytingar á orðalagi sé að ræða. Tafir á staðfestingu nýrrar stjórnarskrár sem Alþingi hefur samþykkt eða kjósendur hafa samþykkt í þjóðaratkvæði bjóða hættunni heim. Þess vegna segir stjórnarskráin „Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar …“

Nýkjörnir þingmenn sem ætlast til að fá að sitja heilt kjörtímabil að loknum kosningum og fresta þannig staðfestingu nýrrar stjórnarskrár og setja hana í uppnám eru að reyna að misnota aðstöðu sína. Þeir vanvirða lýðræðið þar eð þeir standa þá í vegi fyrir staðfestingu nýrrar fullbúinnar stjórnarskrár sem fyrst Stjórnlagaráð 2011 og síðan stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis 2013 hafði lagt fyrir þingið og einnig vegna þess að þeir eru kjörnir skv. kosningalögum sem kjósendur höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Þingmenn sem streitast gegn stuttu kjörtímabili og tvennum kosningum með stuttu millibili eru í reyndinni að biðja um að farið verði á svig við gildandi stjórnarskrá við samþykkt nýrrar, t.d. með því að Alþingi leiði í lög ákvæði nýju stjórnarskrárinnar þess efnis að samþykki Alþingis í eitt skipti og staðfesting kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu dugi til að ný stjórnarskrá öðlist gildi og láti þau lög duga til að staðfesta nýju stjórnarskrána. Sumar þjóðir hafa farið slíkar leiðir við endurskoðun stjórnarskráa.

> **Haldi Sjálfstæðisflokkurinn áfram að hunza þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012 þurfa Píratar, Sf og Vg að veita sjálfstæðismönnum sömu meðferð á Alþingi og sjálfstæðismenn ásamt vinstri flokkunum veittu Framsókn 1942 og 1959. Það gekk þá, m.a.s. mjög vel. Gerum það aftur.**

**Gerum það aftur eða …**

Ekkert getur talizt brýnna í lýðræðisríki en að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi hefur boðað til um nýja stjórnarskrá. Allt annað þarf að víkja við slíkar kringumstæður og þá um leið áhugi einstakra þingmanna á að vinna að öðrum málum í heilt kjörtímabil. Þetta skildu og virtu sjálfstæðismenn á Alþingi 1942 og 1959. Til þess fá þeir nú aftur tækifæri eftir kosningar.

Haldi Sjálfstæðisflokkurinn áfram að hunza þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012 þurfa Píratar, Sf og Vg að veita sjálfstæðismönnum sömu meðferð á Alþingi og sjálfstæðismenn ásamt vinstri flokkunum veittu Framsókn 1942 og 1959. Það gekk þá, m.a.s. mjög vel. Gerum það aftur. Ef ekki, förum þá hina leiðina og látum staðfestingu Alþingis í eitt skipti og þjóðaratkvæðagreiðslu duga til að koma nýju stjórnarskránni í höfn.

# Meiri menningu … og meira pönk!



Arnar Eggert Thoroddsen
tónlistarblaðamaður og aðjúnkt við Háskóla Íslands

Það var fróðlegt að sitja Fund fólksins þar sem ég tók þátt í pallborðsumræðum um listir og fjölmiðlaumfjöllun. Mættir voru, ásamt mér, málsmetandi menn frá miðlunum, rit- og dagskrárstjórar menningarlegrar umfjöllunar og einnig fulltrúar frá nokkrum af aðildarfélögum BÍL, Bandalags íslenskra listamanna.

Leiðarstefið varð dálítið á þá lund að það væri tilfinnanlegur skortur á gagnrýni og vandaðri umfjöllun um listir og menningu í íslenskum miðlum, sjónarmið sem ég get persónulega tekið heilshugar undir. Ég hef starfað við menningarblaðamennsku í bráðum tuttugu ár og það er svo einkennilegt að staðan í dag, heilt yfir, er um margt lakari en fyrir ca. fimmtán árum. Þrátt fyrir meiri möguleika (netið t.d.) á því að bregðast hratt og skjótt við menningarviðburðum virðist hreinlega skorta áhuga á því að setja fé í þessa starfsemi, sem er því miður upphaf og endir alls í svona löguðu. Fjármagnið, og hvert það fer, ræður.

En svartagallsraus var þetta alls ekki. Það var t.d. gaman að heyra frá fulltrúum Ríkissjónvarpsins sem eru í sókn hvað þessi mál varðar, þróun á vefviðmóti og almenn framleiðsla í góðum gír, meira og minna.

> **Ég trúi því einlæglega að hægt sé að keyra þokkalega menningarumfjöllun og vel það hérlendis og það var þægilegt að heyra að sumir eru komnir í stellingar og ætla að nýta til fulls þann miðil sem er orðinn miðlægur í lífi okkar allra, þ.e. netið.**

**Komnir í stellingar**

Mín reynsla er dálítið sérstök. Ég hef fyrst og síðast sinnt gagnrýni á dægurtónlist og man ég tímana tvenna að því leytinu til. Er ég hóf störf á Morgunblaðinu dældum við út gagn- og djúprýni á þann geira og menningar- og listaumfjöllun var til mikillar fyrirmyndar. Síðustu árin hef ég hins vegar furðað mig á því, svo ég fókuseri á þennan eina þátt, hversu lítil nýliðun í rauninni er í menningarpennaflórunni. Við sem þjóð stærum okkur af allri þessari stórkostlegu dægurtónlist sem ber hróður landsins um allar koppagrundir en á sama tíma vantar tilfinnanlega umfjöllun um fyrirbærið. Of oft er keyrt á köldum fréttatilkynningum; mat, rýni og pælingar – allt er þetta í of litlum mæli.

Sífrið um fámennið er þreytandi. Ég trúi því einlæglega að hægt sé að keyra þokkalega menningarumfjöllun og vel það hérlendis og það var þægilegt að heyra að sumir eru komnir í stellingar og ætla að nýta til fulls þann miðil sem er orðinn miðlægur í lífi okkar allra, þ.e. netið. Og þar ætti öll menning að sprikla saman í dáindisgír; veri það rokk, sígild tónlist, arkitektúr, myndasögur, bókmenntir eða veggjakrot. Sjá t.d. snilldarlega vefi BBC og Guardian. Við miðum okkur að sjálfsögðu bara við þá bestu á þessu „stórasta“ landi í heimi!

## VINNINGASKRÁ

9. flokkur 2016
útdráttur 6. september 2016

## HAPPDRÆTTI SÍBS

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGUR** kr. 5.000.000
10076

**AUKAVINNINGAR** kr. 100.000
10075 10077

**PENINGAVINNINGAR** kr. 500.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 381 | 12870 | 41562 | 43345 | 49900 | 52399 | 53592 | 63176 | 65926 | 69052 |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 50.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 547 | 5723 | 13964 | 19143 | 25683 | 33627 | 38915 | 48194 | 52446 | 58602 | 66736 | 73635 |
| 915 | 5761 | 14095 | 19268 | 26101 | 33688 | 39395 | 48590 | 52964 | 58795 | 66982 | 73774 |
| 1177 | 6053 | 14138 | 19478 | 26299 | 33903 | 40082 | 48614 | 53143 | 58982 | 68390 | 73880 |
| 1420 | 6221 | 14659 | 19559 | 26532 | 34029 | 41211 | 48841 | 53317 | 59554 | 68818 | 74326 |
| 2223 | 6301 | 14781 | 19715 | 26726 | 34439 | 41456 | 48955 | 53548 | 59733 | 69305 | 74397 |
| 2438 | 6454 | 15057 | 20575 | 27743 | 34815 | 42782 | 49382 | 53766 | 60413 | 69533 | 75794 |
| 2540 | 7734 | 15248 | 21156 | 29902 | 34857 | 43053 | 49758 | 53907 | 60738 | 69575 | 76031 |
| 2597 | 9446 | 15471 | 21429 | 30428 | 34938 | 43266 | 50094 | 54111 | 61111 | 69681 | 76278 |
| 2822 | 9736 | 15615 | 21434 | 30440 | 35688 | 43888 | 50105 | 54803 | 61327 | 70683 | 76385 |
| 2932 | 10141 | 15685 | 21884 | 31259 | 36252 | 43905 | 50313 | 56148 | 61446 | 70788 | 77171 |
| 3479 | 10336 | 15832 | 22378 | 31631 | 36361 | 44232 | 50378 | 56167 | 62468 | 70794 | 77220 |
| 3578 | 10411 | 15873 | 22756 | 31652 | 36500 | 44705 | 50486 | 56786 | 62743 | 71209 | 78005 |
| 3799 | 10503 | 16264 | 23665 | 31740 | 37040 | 44825 | 50782 | 57028 | 63099 | 71260 | 78550 |
| 4259 | 10517 | 16847 | 23723 | 31945 | 37140 | 45694 | 50788 | 57066 | 63533 | 71557 | 79029 |
| 4358 | 11283 | 17264 | 23923 | 32020 | 37300 | 46012 | 50833 | 57199 | 64048 | 71791 | 79037 |
| 4384 | 11540 | 17396 | 23942 | 32148 | 37560 | 46179 | 50850 | 57289 | 64348 | 72469 | 79520 |
| 4484 | 11749 | 18244 | 24230 | 32165 | 37696 | 46418 | 50888 | 57446 | 64621 | 72576 | 79834 |
| 4793 | 12643 | 18481 | 24234 | 32363 | 38335 | 46481 | 50939 | 57459 | 64941 | 72742 | 79905 |
| 4849 | 12711 | 18527 | 24612 | 33273 | 38439 | 46565 | 51141 | 58185 | 65004 | 72839 | 79995 |
| 5306 | 13522 | 18894 | 25058 | 33465 | 38544 | 46899 | 51306 | 58246 | 65232 | 72928 | |
| 5500 | 13951 | 19095 | 25296 | 33512 | 38833 | 47662 | 51727 | 58396 | 65545 | 73242 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM** kr. 30.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6631 | 13428 | 19952 | 28395 | 35123 | 41034 | 46729 | 52375 | 60689 | 67612 | 74970 |
| 61 | 6758 | 13433 | 19979 | 28512 | 35143 | 41058 | 46777 | 52479 | 60710 | 67693 | 74988 |
| 276 | 6900 | 13468 | 20419 | 28589 | 35201 | 41108 | 47072 | 52562 | 60873 | 67751 | 75112 |
| 343 | 7082 | 13519 | 20629 | 28775 | 35449 | 41137 | 47206 | 52681 | 61129 | 67907 | 75224 |
| 489 | 7085 | 13693 | 20641 | 28831 | 35744 | 41141 | 47306 | 52903 | 61333 | 67943 | 75334 |
| 724 | 7336 | 13714 | 20697 | 28931 | 35901 | 41166 | 47337 | 53079 | 61564 | 68072 | 75622 |
| 850 | 7651 | 13915 | 20847 | 29003 | 35914 | 42026 | 47379 | 53306 | 61610 | 68091 | 75692 |
| 1178 | 7841 | 14219 | 20860 | 29027 | 35961 | 42110 | 47452 | 53371 | 61866 | 68206 | 75694 |
| 1399 | 7955 | 14223 | 20971 | 29162 | 35978 | 42116 | 47476 | 53552 | 61895 | 68225 | 75864 |
| 1460 | 8019 | 14301 | 21047 | 29503 | 36046 | 42154 | 47491 | 53626 | 61937 | 68462 | 76123 |
| 1498 | 8035 | 14351 | 21447 | 29520 | 36166 | 42202 | 47554 | 53820 | 62072 | 68464 | 76296 |
| 1738 | 8219 | 14470 | 21518 | 29522 | 36602 | 42223 | 47663 | 53969 | 62134 | 68625 | 76357 |
| 1748 | 8306 | 14626 | 21698 | 29613 | 36643 | 42238 | 47804 | 53990 | 62135 | 68714 | 76726 |
| 1888 | 8550 | 14834 | 21705 | 29745 | 37173 | 42322 | 48102 | 54063 | 62174 | 68715 | 76728 |
| 2208 | 8651 | 14852 | 21827 | 29821 | 37191 | 42417 | 48292 | 54120 | 62208 | 68781 | 76745 |
| 2510 | 8785 | 14987 | 21863 | 29836 | 37465 | 42419 | 48348 | 54128 | 62294 | 68783 | 76777 |
| 2783 | 8887 | 15630 | 22143 | 30079 | 37487 | 42676 | 48378 | 54326 | 62382 | 68842 | 77224 |
| 2841 | 9402 | 15671 | 22810 | 30438 | 37590 | 42727 | 48505 | 54483 | 62579 | 68979 | 77300 |
| 2892 | 9649 | 15710 | 22840 | 30503 | 37632 | 42838 | 48582 | 54739 | 62582 | 69336 | 77504 |
| 3110 | 9653 | 15816 | 23122 | 30703 | 37682 | 43047 | 48853 | 55018 | 62630 | 69572 | 77520 |
| 3130 | 9724 | 15956 | 23240 | 30789 | 37741 | 43410 | 48997 | 55192 | 62718 | 69676 | 77568 |
| 3145 | 9725 | 16049 | 23285 | 31038 | 37952 | 43443 | 49128 | 55277 | 62918 | 69698 | 77611 |
| 3149 | 9983 | 16097 | 23342 | 31139 | 37985 | 43643 | 49361 | 55300 | 62958 | 70288 | 77759 |
| 3246 | 10021 | 16106 | 23397 | 31173 | 38202 | 43696 | 49412 | 55481 | 62987 | 70407 | 78061 |
| 3260 | 10196 | 16173 | 23552 | 31222 | 38232 | 43730 | 49450 | 55483 | 63242 | 70780 | 78093 |
| 3261 | 10219 | 16215 | 23828 | 31313 | 38327 | 43956 | 49468 | 55538 | 63298 | 71045 | 78299 |
| 3487 | 10286 | 16669 | 23918 | 31368 | 38383 | 44110 | 49498 | 55561 | 63336 | 71081 | 78352 |
| 3558 | 10376 | 17209 | 24159 | 31501 | 38415 | 44212 | 49528 | 55901 | 63475 | 71379 | 78376 |
| 3756 | 10404 | 17278 | 24299 | 32054 | 38468 | 44321 | 49546 | 55942 | 63743 | 71502 | 78394 |
| 3865 | 10777 | 17413 | 24386 | 32529 | 38571 | 44374 | 49567 | 55980 | 63951 | 71571 | 78435 |
| 3932 | 10811 | 17430 | 24536 | 32622 | 38792 | 44553 | 49660 | 55984 | 64128 | 71588 | 78629 |
| 4121 | 10978 | 17434 | 24777 | 32677 | 38816 | 44879 | 49683 | 56376 | 64403 | 71592 | 78687 |
| 4224 | 11027 | 17510 | 24825 | 32681 | 38972 | 44894 | 49754 | 56757 | 64429 | 71688 | 78852 |
| 4238 | 11045 | 17535 | 24954 | 32740 | 39129 | 44937 | 49762 | 56908 | 64758 | 71900 | 78883 |
| 4487 | 11195 | 17718 | 25486 | 33020 | 39306 | 45006 | 49988 | 57241 | 64791 | 72172 | 78897 |
| 4524 | 11272 | 17759 | 25504 | 33204 | 39549 | 45011 | 50089 | 57377 | 64966 | 72254 | 78941 |
| 4530 | 11331 | 17793 | 25697 | 33336 | 39677 | 45039 | 50135 | 57381 | 65186 | 72304 | 79282 |
| 4653 | 11592 | 18051 | 25798 | 33414 | 39772 | 45052 | 50159 | 57428 | 65369 | 72530 | 79292 |
| 4809 | 11941 | 18367 | 25910 | 33470 | 39961 | 45267 | 50198 | 57482 | 65416 | 72628 | 79310 |
| 4905 | 11946 | 18378 | 26190 | 33857 | 39968 | 45287 | 50298 | 57927 | 65854 | 72690 | 79503 |
| 4913 | 12004 | 18383 | 26491 | 33897 | 40011 | 45297 | 50526 | 58039 | 65868 | 72980 | 79527 |
| 4943 | 12069 | 18443 | 26848 | 33937 | 40136 | 45326 | 50534 | 58073 | 65891 | 72983 | 79533 |
| 5283 | 12167 | 18587 | 26857 | 34021 | 40241 | 45380 | 50874 | 58366 | 65981 | 73002 | 79677 |
| 5382 | 12249 | 18762 | 26860 | 34064 | 40436 | 45463 | 50896 | 58402 | 66136 | 73135 | 79720 |
| 5413 | 12275 | 18773 | 26903 | 34106 | 40457 | 45541 | 51091 | 58673 | 66172 | 73196 | 79937 |
| 5491 | 12300 | 18910 | 26912 | 34186 | 40572 | 45872 | 51243 | 58676 | 66201 | 73331 | |
| 5775 | 12384 | 19024 | 26945 | 34191 | 40714 | 46000 | 51361 | 59070 | 66203 | 73419 | |
| 5806 | 12446 | 19054 | 27090 | 34245 | 40777 | 46119 | 51391 | 59392 | 66571 | 73483 | |
| 5969 | 12706 | 19088 | 27157 | 34442 | 40791 | 46140 | 51551 | 59625 | 66658 | 73645 | |
| 5998 | 12938 | 19218 | 27366 | 34455 | 40866 | 46190 | 51715 | 59704 | 67062 | 73736 | |
| 6097 | 12940 | 19272 | 27878 | 34654 | 40872 | 46508 | 51789 | 59721 | 67184 | 73914 | |
| 6202 | 13043 | 19418 | 27905 | 34814 | 40892 | 46526 | 51837 | 60050 | 67240 | 74001 | |
| 6251 | 13321 | 19614 | 28314 | 34867 | 40894 | 46590 | 52033 | 60167 | 67267 | 74021 | |
| 6336 | 13420 | 19717 | 28322 | 35020 | 40903 | 46639 | 52038 | 60650 | 67489 | 74068 | |
| 6427 | 13423 | 19811 | 28371 | 35081 | 41030 | 46726 | 52094 | 60675 | 67594 | 74353 | |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 20.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 129 | 7393 | 13672 | 20589 | 27623 | 33938 | 40235 | 47861 | 53979 | 61802 | 67637 | 74409 |
| 198 | 7505 | 13687 | 20734 | 27635 | 34052 | 40271 | 48047 | 54166 | 61952 | 67709 | 74530 |
| 240 | 7512 | 13745 | 20830 | 27665 | 34293 | 40319 | 48163 | 54219 | 61972 | 67723 | 74590 |
| 399 | 7545 | 13750 | 20841 | 27681 | 34310 | 40392 | 48241 | 54318 | 62074 | 67741 | 74628 |
| 446 | 7556 | 13773 | 21013 | 27839 | 34361 | 40478 | 48323 | 54328 | 62083 | 67795 | 74630 |
| 614 | 7623 | 13835 | 21042 | 27876 | 34374 | 40512 | 48395 | 54349 | 62090 | 68056 | 74747 |
| 619 | 7914 | 13862 | 21299 | 27908 | 34535 | 40766 | 48409 | 54374 | 62122 | 68096 | 74932 |
| 697 | 8059 | 13874 | 21300 | 27992 | 34539 | 40844 | 48421 | 54549 | 62156 | 68219 | 75015 |
| 799 | 8093 | 13917 | 21308 | 28091 | 34552 | 40847 | 48472 | 54694 | 62181 | 68241 | 75176 |
| 888 | 8094 | 13942 | 21359 | 28177 | 34774 | 40871 | 48692 | 54711 | 62182 | 68322 | 75210 |
| 930 | 8126 | 14053 | 21775 | 28228 | 34801 | 40912 | 48843 | 54713 | 62330 | 68367 | 75474 |
| 948 | 8249 | 14386 | 22019 | 28410 | 34808 | 40983 | 49110 | 54787 | 62340 | 68403 | 75493 |
| 949 | 8472 | 14450 | 22020 | 28500 | 34969 | 41042 | 49232 | 54822 | 62501 | 68574 | 75588 |
| 1089 | 8480 | 14533 | 22038 | 28599 | 34971 | 41096 | 49243 | 54850 | 62636 | 68652 | 75594 |
| 1134 | 8524 | 14647 | 22076 | 28709 | 35026 | 41120 | 49568 | 54862 | 62724 | 68755 | 75624 |
| 1174 | 8545 | 14649 | 22222 | 28739 | 35103 | 41152 | 49650 | 54911 | 62983 | 68802 | 75734 |
| 1327 | 8619 | 14654 | 22343 | 28854 | 35122 | 41156 | 49653 | 55197 | 63081 | 68873 | 75853 |
| 1371 | 8773 | 14684 | 22364 | 28857 | 35307 | 41157 | 49728 | 55346 | 63253 | 68913 | 75869 |
| 1415 | 8846 | 14710 | 22387 | 28958 | 35353 | 41318 | 49844 | 55371 | 63309 | 69003 | 75880 |
| 1465 | 9334 | 14783 | 22538 | 29071 | 35405 | 41361 | 49849 | 55415 | 63353 | 69033 | 75921 |
| 1589 | 9410 | 14984 | 22838 | 29093 | 35541 | 41369 | 49866 | 55660 | 63586 | 69213 | 75925 |
| 1682 | 9413 | 15108 | 22844 | 29230 | 35544 | 41448 | 49932 | 55823 | 63665 | 69314 | 76033 |
| 1734 | 9426 | 15283 | 23386 | 29237 | 35580 | 41490 | 49940 | 55836 | 63745 | 69665 | 76060 |
| 1903 | 9437 | 15368 | 23512 | 29272 | 36056 | 41531 | 50027 | 55912 | 63794 | 69764 | 76101 |
| 1912 | 9476 | 15377 | 23604 | 29357 | 36141 | 41606 | 50134 | 55958 | 63924 | 69771 | 76112 |
| 2017 | 9708 | 15432 | 23678 | 29363 | 36154 | 41651 | 50148 | 56022 | 63979 | 69878 | 76137 |
| 2135 | 9813 | 15440 | 23989 | 29468 | 36210 | 41700 | 50256 | 56023 | 64164 | 69960 | 76343 |
| 2198 | 9962 | 15451 | 24066 | 29772 | 36412 | 41788 | 50284 | 56024 | 64240 | 70065 | 76502 |
| 2232 | 10050 | 15516 | 24119 | 29797 | 36505 | 41803 | 50316 | 56337 | 64287 | 70176 | 76521 |
| 2436 | 10082 | 15534 | 24178 | 29833 | 36546 | 41865 | 50466 | 56401 | 64308 | 70335 | 76542 |
| 2523 | 10088 | 15552 | 24194 | 29865 | 36614 | 41994 | 50642 | 56517 | 64354 | 70356 | 76577 |
| 2568 | 10094 | 15633 | 24279 | 29949 | 36662 | 42180 | 50818 | 56602 | 64448 | 70368 | 76868 |
| 2655 | 10227 | 15666 | 24345 | 30000 | 36730 | 42258 | 50829 | 56615 | 64543 | 70633 | 76923 |
| 2684 | 10414 | 15698 | 24402 | 30027 | 36883 | 42270 | 50834 | 56674 | 64631 | 70721 | 76959 |
| 2756 | 10437 | 15724 | 24556 | 30245 | 36929 | 42297 | 50951 | 56861 | 64899 | 70728 | 76989 |
| 2837 | 10504 | 15896 | 24651 | 30268 | 36975 | 42407 | 51008 | 56914 | 64903 | 70789 | 77067 |
| 2880 | 10533 | 15994 | 24708 | 30416 | 37012 | 42536 | 51028 | 56977 | 64949 | 71100 | 77117 |
| 3071 | 10568 | 16070 | 24813 | 30535 | 37032 | 42548 | 51247 | 57144 | 65035 | 71104 | 77168 |
| 3298 | 10596 | 16243 | 24918 | 30607 | 37054 | 42565 | 51448 | 57170 | 65094 | 71156 | 77624 |
| 3500 | 10639 | 16246 | 25089 | 30657 | 37126 | 42588 | 51483 | 57518 | 65190 | 71390 | 77668 |
| 3791 | 10720 | 16456 | 25125 | 30682 | 37160 | 43072 | 51584 | 57851 | 65301 | 71403 | 77716 |
| 3886 | 10945 | 16495 | 25186 | 30722 | 37212 | 43117 | 51675 | 57868 | 65404 | 71534 | 77895 |
| 4061 | 11016 | 16635 | 25206 | 30835 | 37227 | 43134 | 51690 | 57878 | 65426 | 71707 | 77963 |
| 4071 | 11122 | 16648 | 25297 | 30970 | 37350 | 43160 | 51709 | 58090 | 65451 | 71737 | 78077 |
| 4209 | 11204 | 16672 | 25300 | 31086 | 37377 | 43338 | 51796 | 58156 | 65481 | 71775 | 78265 |
| 4337 | 11255 | 16803 | 25362 | 31093 | 37649 | 43355 | 51839 | 58190 | 65536 | 72037 | 78332 |
| 4382 | 11379 | 16978 | 25364 | 31252 | 37746 | 43379 | 51871 | 58280 | 65662 | 72234 | 78411 |
| 4395 | 11436 | 17124 | 25406 | 31393 | 37804 | 43670 | 52165 | 58321 | 65750 | 72245 | 78636 |
| 4410 | 11469 | 17382 | 25444 | 31527 | 37843 | 43691 | 52206 | 58747 | 65793 | 72420 | 78788 |
| 4489 | 11568 | 17492 | 25481 | 31528 | 38014 | 44378 | 52227 | 58823 | 65803 | 72461 | 78966 |
| 4672 | 11605 | 17537 | 25489 | 31534 | 38094 | 44592 | 52261 | 58854 | 65874 | 72634 | 78991 |
| 4872 | 11717 | 17574 | 25650 | 31782 | 38279 | 44650 | 52369 | 58958 | 65982 | 72689 | 79015 |
| 4924 | 11731 | 17972 | 26076 | 31807 | 38516 | 44738 | 52395 | 58959 | 66015 | 73078 | 79092 |
| 4931 | 11790 | 18030 | 26210 | 31832 | 38636 | 44755 | 52396 | 58973 | 66160 | 73197 | 79123 |
| 5162 | 11874 | 18122 | 26312 | 31877 | 38727 | 44775 | 52416 | 58995 | 66221 | 73255 | 79176 |
| 5172 | 12043 | 18193 | 26343 | 31921 | 38813 | 44826 | 52666 | 59010 | 66233 | 73293 | 79226 |
| 5312 | 12108 | 18411 | 26407 | 32131 | 38818 | 45185 | 52716 | 59257 | 66719 | 73312 | 79297 |
| 5535 | 12231 | 18542 | 26508 | 32619 | 38889 | 45457 | 52740 | 59315 | 66742 | 73370 | 79530 |
| 5565 | 12245 | 18588 | 26519 | 32664 | 38924 | 45501 | 52769 | 59729 | 66810 | 73559 | 79582 |
| 5659 | 12250 | 18712 | 26643 | 32690 | 39061 | 45510 | 52845 | 59942 | 66841 | 73594 | 79584 |
| 6072 | 12408 | 18768 | 26654 | 32727 | 39065 | 45750 | 52871 | 59947 | 66881 | 73600 | 79759 |
| 6305 | 12488 | 18931 | 26736 | 32786 | 39194 | 45938 | 53056 | 59960 | 66925 | 73699 | 79770 |
| 6351 | 12730 | 18964 | 26914 | 32842 | 39249 | 45950 | 53149 | 60047 | 66968 | 73755 | 79836 |
| 6374 | 12762 | 18965 | 26949 | 32923 | 39302 | 46454 | 53246 | 60471 | 67121 | 73762 | 79963 |
| 6423 | 12811 | 18997 | 26961 | 32937 | 39592 | 46772 | 53314 | 60495 | 67127 | 73772 | 79997 |
| 6439 | 12914 | 19102 | 26972 | 32954 | 39673 | 46829 | 53380 | 60497 | 67251 | 73793 | |
| 6676 | 12959 | 19531 | 26996 | 32974 | 39758 | 46844 | 53387 | 60541 | 67261 | 73797 | |
| 6815 | 12962 | 19603 | 27103 | 33187 | 39879 | 46944 | 53509 | 60733 | 67274 | 73799 | |
| 6844 | 13073 | 19627 | 27179 | 33260 | 39894 | 47200 | 53641 | 60778 | 67304 | 73942 | |
| 6954 | 13114 | 19750 | 27301 | 33335 | 39928 | 47272 | 53658 | 60906 | 67376 | 74018 | |
| 7074 | 13133 | 19755 | 27358 | 33483 | 39935 | 47438 | 53687 | 61068 | 67386 | 74057 | |
| 7080 | 13224 | 19927 | 27371 | 33641 | 40049 | 47566 | 53749 | 61162 | 67388 | 74102 | |
| 7106 | 13254 | 19936 | 27505 | 33670 | 40056 | 47657 | 53791 | 61461 | 67399 | 74214 | |
| 7257 | 13400 | 20264 | 27506 | 33707 | 40137 | 47753 | 53888 | 61590 | 67403 | 74282 | |
| 7376 | 13510 | 20380 | 27620 | 33835 | 40153 | 47766 | 53951 | 61642 | 67552 | 74298 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. september 2016
Birt án ábyrgðar um prentvillur

# Grasrótarpólitík að kvikna?



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Þegar ég hóf langskólanám undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar, voru námslánin enn lágt hlutfall af framfærslukostnaði. Flest, ef ekki öll, áttum við á þeim árum aðgang að mikilli launavinnu yfir sumarmánuðina. Fæstir unnu með náminu á sjálfum námstímanum. En með þessu tvennu, námslánum þótt lág væru og mikilli sumarvinnu, tókst okkur að kljúfa kostnaðinn enda byggðu lög sem sett voru árið 1967 á því „að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu þeirra til fjáröflunar“. Það er ekki fyrr en seinna, þegar endurgreiðslubyrðarnar höfðu verið þyngdar á lántakandann, að námsfólk fer að vinna með náminu og þá til þess að sleppa við að taka lán yfirleitt. Námsmenn úr hæstu tekjuhópum samfélagsins hafa svo alltaf getað staðið utan allra kerfa með því að teygja sig ofan í vasa foreldranna.

**Grafið undan góðu kerfi**

En hvað um það, sæmilega réttlátt kerfi með lágum vöxtum og tekjutengdum afborgunum þróaðist á þessum árum. Þetta var á tímum róttækrar vinstri stefnu í grasrótinni – hvort sem var utan skólanna eða innan. Smám saman skilaði barátta námsmanna hærra lánshlutfalli. Fyrst í stað voru lánin óverðtryggð og reyndist verðbólgan við þær aðstæður himnasending fyrir lántakandann því lánin gufuðu upp og urðu þar með nánast að ígildi námsstyrkja.

Síðan var farið að verðtryggja og svo aftur þrengja afborgunarskilmála með hærri vöxtum og með því að draga úr tekjutengingum afborgana. Þá fór að síga á ógæfuhliðina. Smiðshöggið á þessa óheillavegferð vill núverandi ríkisstjórn reka með nýju lánasjóðsfrumvarpi sínu þar sem tekjutengdar afborganir eru hreinlega afnumdar. Þessi þróun er ágætlega rakin í prýðilegri greinargerð sem fylgir frumvarpi ríkisstjórnarinnar, og er hún nánast það eina sem gott má sjá í því þingmáli.

**Varasöm stúdentapólitík**

Sannast sagna brá mér við hamaganginn í Stúdentaráði Háskóla Íslands síðastliðið vor þegar reynt var að knýja á um afgreiðslu frumvarpsins með hraði. Kom þá upp í hugann að hægri sinnaðir stúdentar hafa verið sigursælir í kosningum í HÍ undanfarin ár. Þetta ætti að minna stúdenta á að pólitíkin innan veggja menntastofnana getur skipt máli.

**Hin sögulega úttekt á þróun námslánakerfisins sem fylgir frumvarpi menntamálaráðherra er fróðleg upprifjun. Sá kafli, sem núverandi ríkisstjórn vill skrifa með umræddu lagafrumvarpi, verður vonandi aldrei skrifaður.**

Eflaust hefur eitthvað farið framhjá mér af málflutningi vinstri sinnaðra stúdenta en ég hef þó saknað þess að hafa ekki heyrt meira frá þeim á róttækum pólitískum nótum. Í stúdentapólitíkina sem víðar þykir mér vanta átökin.

Hvers vegna segi ég það? Ég segi það vegna þess að með peningafrjálshyggjuna í öndvegi tíðarandans eins og nú gerist, verða án kröftugrar mótspyrnu, allar félagslegar umbætur liðinna ára rifnar niður og eyðilagðar. Og það sem meira er, ef við ætlum að þoka þjóðfélaginu áfram til félagslegra umbóta þá kallar það á enn meiri baráttu og miklu meiri baráttu. Menn þurfa með öðrum orðum að svitna.



**Kröftugur málflutningur birtist**

En vonandi eru betri tímar framundan. Nefni ég til marks um það bráðgóðar, vekjandi og málefnalegar blaðagreinar sem birtast nú hver á fætur annarri um málefni námsmanna. Ég nefni til dæmis greinar Málfríðar Guðnýjar Kolbeinsdóttur og Óskars Steins Ómarssonar í Fréttablaðinu í vikunni sem leið.

Ég ætla ekki að fjölyrða um inntak þessara greina hér en þær fjalla um félagslegar hliðar á námslánakerfinu og mikilvægi þess að eyðileggja ekki þá þætti kerfisins, sem enn eru til staðar og stuðla að því að fólki í tekjulægri hluta samfélagsins verði auðveldað að stunda langskólanám. Ég hvet lesendur til að kynna sér þessar greinar en þær eru aðgengilegar á netinu.

**Þurfum meiri vinstri pólitík – alls staðar**

Námslánakerfið er eitt mikilvægasta jöfnunartæki í samfélaginu. Sem slíkt má nota það til að jafna lífsgæðin. En það má líka nota það til að auka á misskiptinguna, sem tæki ójöfnuðar.

Hin sögulega úttekt á þróun námslánakerfisins sem fylgir frumvarpi menntamálaráðherra er fróðleg upprifjun. Sá, kafli sem núverandi ríkisstjórn vill skrifa með umræddu lagafrumvarpi, verður vonandi aldrei skrifaður. Svo bíð ég þess spenntur að sjá hver verða átakamálin í stúdentapólitíkinni næst þegar námsmenn kjósa. Vonandi mun skíðloga í grasrótinni þar á bæ. Það myndi vita á gott um framtíðarþróun stjórnmálanna í landinu.

# Verð til bænda of hátt!



Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Tvær fréttir á vef Bændablaðsins vekja athygli. Í annarri, dagsettri í lok júlí, er sagt frá því að sauðfjárbændur vilji 12,5% hækkun á skilaverði í haust, segja tilkostnað hafa hækkað. Í hinni, dagsettri í lok ágúst, er sagt frá því að sauðfjárbændur mótmæli harðlega (12%) lækkun afurðaverðs.

Sauðfjárbúskapur á Íslandi stendur frammi fyrir margþættum vanda. Dæmi: Afleiðingar ofbeitar á afréttum og stórhættuleg lausaganga fjár á fjölförnum þjóðvegum eru ljóslifandi hverjum þeim sem ferðast um landið. Lítill vilji virðist meðal sauðfjárbænda til að takast á við þessi vandamál. Annar vandi snýr að því að neysla sauðfjárafurða hefur dregist stórlega saman á sama tíma og bændur kvarta sáran undan skilaverðinu.

Offramleiðsluvandinn tengist ofbeitarvandanum og neyslusamdrættinum. Tölur segja sína sögu:

Neyslan var nálægt 80% af heildarframleiðslunni en er nú ríflega 65%. Offramleiðslan hefur aukist úr að vera 30% umfram innanlandsmarkaðinn í að vera rösklega 50%.



**Framleiðsla og neysla kjöts af sauðfé á Íslandi 1983 til 2015**

| Ár | Heildarframleiðsla | Framleiðsla á mann | Neysla á mann | Neysla % af framleiðslu |
|---|---|---|---|---|
| 1983 | 13 þúsund tonn | 55 kg | 45 kg | 82% |
| 1997 | 8 þúsund tonn | 30 kg | 24,4 kg | 81% |
| 2015 | 10 þúsund tonn | 30 kg | 19,5 kg | 65% |

*Heimild Hagstofa Íslands*

Sífelld markaðsátök erlendis hafa hugsanlega skilað söluaukningu, en sílækkandi skilaverð dugar ekki til að standa undir kostnaði við framleiðsluna og markaðssetninguna. Markaðsátök (að ekki sé sagt markaðsofbeldi vegna innflutningstálmana) innanlands hafa hugsanlega hægt á samdrætti innlendu neyslunnar. En hverjum manni sem skoðar strauma í kjötneyslu nágrannaþjóða má vera ljóst hvert stefnir. Neysla Dana og Svía nemur 1 kg af kjöti af sauðfé á ári, neysla Norðmanna nemur um 5 kg á mann á ári. Sé horft 10-20 ár fram í tímann er líklegt að neysla á mann á Íslandi verði ekki meiri en 10 kg á ári, kannski nær 5 kg á mann ári. Þ.e.a.s. heildarneyslan ætti að vera á bilinu 2-4 þúsund tonn á árunum 2026 til 2036. Ef ekki á að halda áfram á slóð gegndarlausrar offramleiðslu þarf að minnka sauðfjárstofninn á landinu um 60–80% á næstu 10-20 árum. Augljóslega er verðhækkun til bænda ekki hluti af því aðlögunarferli. Þar þarf önnur meðöl til. Þetta mættu þingmenn hafa í huga nú þegar þeir fjalla um búvörusamninga.

# Sameinumst



Helgi Hjörvar
þingflokksformaður Samfylkingarinnar

Hægri flokkarnir eru sundurklofnir. Framsókn að innan og sjálfstæðismenn í tvo flokka. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar staðið saman og á sameiginlegar hugsjónir um róttækar kerfisbreytingar.

Forgangsmálin eru uppbygging opinberrar heilbrigðisþjónustu og menntakerfis, stjórnarskrármálið, húsnæðismál unga fólksins, kerfisbreyting í bankamálum, þjóðaratkvæðagreiðslur og sameign á auðlindum. Hér er stórkostlegt tækifæri til sameiginlegrar verkefnaskrár fyrir nýjan meirihluta og samstöðu í kosningum.

Sameinuð umbótaöfl um málefni, ólík áherslum klofinna stjórnarflokka, eru sá skýri valkostur sem kjósendur eiga skilið. En hann er líka forsenda fyrir því að stjórnarandstaðan verði trúverðugur valkostur í kosningum. Til þessa hafa hægri öflin sótt trúverðugleika í samstöðu sína gegn sundruðum félagshyggju- og lýðræðisöflum. Nú er sögulegt tækifæri til að snúa því við. Nýtum það.

**Sameinuð umbótaöfl um málefni, ólík áherslum klofinna stjórnarflokka, eru sá skýri valkostur sem kjósendur eiga skilið.**

# Hví eru stjórnvöld hér neikvæð gagnvart öldruðum?



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Margir undrast það hve neikvæð stjórnvöld hér eru gagnvart eldri borgurum. Þessu er á annan veg farið í grannlöndum okkar. Þar eru stjórnvöld jákvæð í garð aldraðra og leitast við að fylgjast með því á hvern hátt þau geti létt undir með lífsbaráttu þeirra. Hér standa stjórnvöld gegn kjarabótum aldraðra eins lengi og þau telja það nokkurn kost. Það má eiginlega segja að neyða verði stjórnvöld hér til þess að veita öldruðum sjálfsagðar og eðlilegar kjarabætur í takt við launahækkanir launþega. Grunnlífeyrir er þrefalt hærri í grannlöndum okkar en hér. Og heildarlífeyrir er miklu hærri í nágrannalöndum okkar. Þá þekkjast þar ekki þessar miklu tekjutengingar, sem hér eru.

Fyrir alþingiskosningarnar 2013 fór ég sem formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík á fund formanna allra þingflokka stjórnmálaflokkanna og ræddi við þá um kjaramál aldraðra. Með mér í för voru 2-3 fulltrúar kjaranefndar. Fundir þessir gengu nokkuð vel. Stjórnarandstöðuflokkarnir á þingi voru áberandi jákvæðari gagnvart erindi okkar um kjarabætur. Leiddu viðræður okkar við þá til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn tóku upp í stefnuskrár sínar 2013 ýmsar óskir kjaranefndar um kjarabætur aldraðra. Hreyfingin tók erindi okkar svo vel, að Margrét Tryggvadóttir, þingmaður flokksins, flutti þingmál í samræmi við okkar óskir. Það náði þó ekki fram að ganga.

En björninn var ekki unninn þó Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn tækju mikilvæg kjaramál eldri borgara upp í stefnuskrár sínar. Við í kjaranefndinni fögnuðum þessu en gleði okkar stóð ekki lengi. Umræddir flokkar stóðu ekki við fyrirheit þau, sem þeir gáfu öldruðum og öryrkjum í stefnuskrám sínum. Þeir hafa ekkert gert í því að efna mikilvægasta fyrirheitið, þ.e. að leiðrétta lífeyri vegna kjaragliðnunar krepputímans. Hitt fyrirheitið var að afturkalla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá árinu 2009. Þar var um 6 atriði að ræða. Aðeins 3 þeirra hafa verið afturkölluð og í rauninni aðeins 2, þar eð eitt rann úr gildi af sjálfu sér. Það var tímabundið.

Það er verkefni sálfræðinga að rannsaka hvers vegna stjórnmálamenn og ráðamenn hér hafa neikvæða afstöðu til eldri borgara. Það getur hver maður séð, að kjör þeirra lífeyrisþega, sem hafa einungis tekjur frá almannatryggingum, eru óásættanleg. Það væri einnig eðlilegt og rökrétt að stjórnvöld og stjórnmálamenn væru jákvæð í garð eldri borgara vegna þess hve mikið eldri kynslóðin hefur gert til þess að skapa það þjóðfélag, sem við búum í. Vonandi verður breyting á.

**Það er verkefni sálfræðinga að rannsaka hvers vegna stjórnmálamenn og ráðamenn hér hafa neikvæða afstöðu til eldri borgara. Það getur hver maður séð, að kjör þeirra lífeyrisþega, sem hafa einungis tekjur frá almannatryggingum, eru óásættanleg.**










# Gæði og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*


KRÓNAN
-22%
399 kr. pk.
Verð áður 499 kr. pk.
Vínber rauð og græn í öskju 500g, Spánn
Ferskt alla daga
-20%
449 kr. pk.
Verð áður 579 kr. pk.
Pink Lady epli 8 stk., Chile
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 11. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
1439 kr. kg
Lambalæri
af nýslátruðu
-20%
798 kr. kg
Verð áður 998 kr. kg
Lambasúpukjöt af nýslátruðu
Kjötmeistari Krónunnar mælir með
1979 kr. kg
Lambahryggur
af nýslátruðu
Ali
FERSKUR
KJÚKLINGUR
BRINGUR
..hollt..
• Ekki viðbætt vatn
• Engin aukaefni
• Hrein afurð
..og gott
2399 kr. kg
Ali kjúklingabringur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
Gott verð Stórkaup!
1898 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
-20%
KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
879 kr. kg
Verð áður 1099 kr. kg
Krónu kjúklingur með grillkryddi
TILBOÐIN GILDA TIL 11. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS



KRÓNAN
-25%
Af Now vítamínum
1042 kr. stk.
Verð áður 1389 kr. stk.
D-3 Vítamín, 120 töflur
Nýtt!
Vítamín Boomba!
399 kr. pk.
Lífrænt te, úrval bragðtegunda
-25%
Af Gula miðanum
577 kr. stk.
Verð áður 769 kr. stk.
Kalk og magnesíum, 100 töflur
999 kr. stk.
Verð áður 1198 kr. stk.
Himnesk hollusta kókoshnetuolía, 500ml
LÍFRÆNT
-25%
Af Bio-Kult vítamínum
1649 kr. pk.
Verð áður 2198 kr. pk.
Bio-Kult, 60 hylki
Ódýrt
499 kr. stk.
Gestus kókosolía, 500ml
TILBOÐIN GILDA TIL 11. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
Ódýrt
Alpro jurtamjólk 1L
289 kr. stk.
Ódýrt
Krónu Chia fræ, 300g - 997 kr.kg
299 kr. pk.
Ódýrt
Frosin jarðarber, 400g - 423 kr.kg
169 kr. pk.
VEGAN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 11. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Stolt af Samfylkingunni



Margrét S. Björnsdóttir
félagi í Samfylkingunni

Um næstu helgi verða prófkjör í Samfylkingunni í fjórum kjördæmum, í Reykjavík, Suðvestur- og Norðvesturkjördæmi. Stillt verður upp í tveimur kjördæmum.

Óþarft er að fjölyrða um erfiða stöðu Samfylkingarinnar og ef til vill ögurstund. Ekki síst þess vegna hef ég glaðst innilega við að fylgjast með nýrri kraftmikilli kynslóð jafnaðarmanna sem mætt er til leiks í fyrrnefndum prófkjörum. Þau eru mörg, þau eru ungt, hugrakkt, sjálfsöruggt hugsjónafólk sem stígur fram og er tilbúið til að leggja jafnaðarmannaflokknum lið þrátt fyrir mjög erfiða stöðu. Ungar konur og karlar með margháttaða reynslu og víðtæka menntun á mörgum sviðum. Fólk sem ekki endilega kemur innan úr Samfylkingunni, heldur úr samfélaginu þar sem það hefur unnið að hugsjónamálum sínum.

Við sem berum framtíð Samfylkingarinnar fyrir brjósti og trúum á mikilvægi erindis hennar verðum að styðja þetta unga fólk í prófkjörunum. En ekki síður eftir prófkjörin, því ekki eru nógu mörg þingsæti til skiptanna sem stendur. Það má ekkert þeirra hverfa frá án þess að fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr og þau tækifæri getum við boðið. Samfylkingin er gott samfélag.

Flokkurinn þarf hins vegar endurnýjun. Við þurfum á þessari nýju kynslóð að halda til liðs við eldri kempur okkar, svo sem mína góðu félaga jafnaðarmennina Árna Pál Árnason og hinn síunga Össur Skarphéðinsson, sem ég styð báða heils hugar.

Ég er bjartsýn á framtíð Samfylkingarinnar – Jafnaðarmannaflokks Íslands. Flokkur sem laðar til sín ungt hæfileikafólk í þeim mæli, sem ofan greinir, á framtíðina fyrir sér.

# Fyrsta fasteignin eða hvað



Pétur Sigurðsson
fasteignasali í Flórída

Enn einu sinni er verið að hringla með aðstoð eða ekki aðstoð við kaupendur sem eru að kaupa fyrstu fasteign sína á Íslandi. Sumir halda því fram að nýju tillögurnar séu til þess gerðar að hygla sumum en öðrum ekki. Því er haldið fram að nýju tillögurnar séu eingöngu fyrir þá sem eru betur settir en þeir sem lifa frá launaseðli til launaseðils séu skildir eftir og fái ekki neitt. Hérna í Flórída býðst þeim sem eru betur settir og hafa yfir 120% af meðallaunum einungis að taka bankalán eða húsnæðisstjórnarlán.

Þau 16 ár sem ég hef verið í fasteignasölu í Flórída, þá hafa næstum engar breytingar verið gerðar á aðstoð sem kaupendur á fyrstu fasteign geta fengið. Sá sem ekki hefur átt fasteign í þrjú ár, telst vera að kaupa fasteign í fyrsta sinn. Allir sem skulda í fasteign geta dregið vextina sem þeir greiddu frá tekjum og lækkað þannig skattskildar tekjur. Sá sem er að kaupa fasteign sem á að vera hans lögheimili getur fengið húsnæðisstjórnarlán (FHA) allt að 96,5% af verði eignarinnar. Þeir sem taka húsnæðisstjórnarlán verða að greiða tryggingu, um 5.850 kr. á mánuði, þar til lánshlutinn er kominn niður fyrir 80% af fasteignaverðinu. Allir sem eru með minna en 120% af meðaltekjum á svæðinu eiga möguleika á aðstoð við að kaupa fyrstu fasteign.

Ég skoðaði meðalhús sem kaupendur að fyrstu fasteign myndu líklega kaupa, húsið er 128 fm með þremur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, eldhúsi, fjölskylduherbergi og einföldum bílskúr. Ásett verð á húsið er 13.923.000 kr. (miðað við gengi USD 117 kr.). Þeir sem kaupa þetta hús og eru með undir 120% af meðallaunum á svæðinu eiga möguleika á að fá aðstoð frá allt að 12 kerfum. Grunnkrafa til kaupandans frá öllum kerfunum er að kaupandinn sýni ábyrgð á fjármálum sínum og hafi möguleika á að taka húsnæðisstjórnarlán. Einnig verða allir að hafa lokið viðurkenndu námskeiði sem fjallar um fjármál heimilanna ásamt viðhaldi og rekstri fasteigna, þetta er helgarnámskeið.

**Fjöllum nú aðeins um aðstoðina sem er í boði en hún er á bilinu frá að vera 234.000 kr. skattaafsláttur á ári upp í að vera allt að 5.850.000 kr. styrkur. Þetta fer eftir fjölskylduaðstæðum hvers og eins, það er tekjum og fjölda einstaklinganna í fjölskyldunni.**

**Kemst í eigið húsnæði**

Fjöllum nú aðeins um aðstoðina sem er í boði en hún er á bilinu frá að vera 234.000 kr. skattaafsláttur á ári upp í að vera allt að 5.850.000 kr. styrkur. Þetta fer eftir fjölskylduaðstæðum hvers og eins, það er tekjum og fjölda einstaklinganna í fjölskyldunni. Flest af þessum kerfum bjóða 862.000 kr. styrk til húsnæðiskaupanna miðað við að kaupandinn eigi að minnsta kosti 117.000 kr. af eigin fé til húsnæðiskaupanna. Þessi kerfi eru fjármögnuð með stimpilgjöldum af eignum og lánum, þegar eign er seld í Flórída þarf að greiða (vanalega seljandi) $7 af hverjum $1.000 sem eignin selst á. Af lánum greiða menn $3,5 af hverjum $1.000 sem þeir taka að láni.

Stundum kemur það fyrir að aðstoðarkerfin eru búin með fjármagnið sem þeim var úthlutað og það þarf að bíða þar til þau fá næst úthlutað fé. Við sem höfum verið lengi í fasteignabransanum látum það ekki stoppa okkur, ef kaupandinn á 117.000 og er ábyrgur í fjármálum þá getur hann fengið 96,5% húsnæðisstjórnarlán. Við bendum kaupandanum á að hann má biðja fjölskylduna um að gefa sér 3,5% sem vantar upp á og síðan biðjum við seljandann um að greiða lántökukostnaðinn. Til þess að seljandinn samþykki þetta þurfum við yfirleitt að skrifa kaupsamninginn á ásett verð og sleppa því að prútta um verðið. En niðurstaðan verður sú að fjölskyldan sem er að kaupa kemst í eigið húsnæði og húsnæðiskostnaður hennar lækkar.

Ástæðan fyrir þessari stuttu samantekt hjá mér er að mér blöskrar þessar eilífu breytingar á forsendum þeirra sem eru að kaupa eða eiga fasteignir á Íslandi. Það þarf að koma þessum málum í eðlilegt og varanlegt horf þannig að fjölskyldurnar á Íslandi geti skipulagt líf sitt og fjármál.

# Ósanngjörn skattheimta í nafni umhverfisverndar



Bryndís Loftsdóttir
í prófkjöri XD í SV-kjördæmi



Vörugjöld af bifreiðum eru í dag breytileg eftir skráðri losun koltvísýrings og eru á bilinu 10-65%. Þessu til viðbótar er 24% virðisaukaskattur lagður ofan á reiknað vörugjald þegar söluverð ökutækisins er reiknað út.

**Ríkið leggur 80% skatt á algenga stærð**

Dæmi: Stór fjölskyldubíll er fluttur til landsins. Innkaupsverð og flutningskostnaður eru samanlagt 4,5 milljónir. Bíllinn lendir í vörugjaldsflokki D, sem er 45%. Ríkið innheimtir 2.025.000 krónur í formi vörugjalds auk 486.000 kr. virðisaukaskatts sem lagður er á vörugjaldið sem samanlagt verður því um 2,5 milljónir. Virðisaukaskattur leggst einnig á verðmæti bifreiðarinnar. Þannig tekst ríkissjóði að innheimta ríflega 3,5 milljónir af kaupanda bifreiðar sem kostaði 4,5 milljónir þegar henni var skipað í land, það jafngildir rétt um 80% heildarskattheimtu. Í þessu dæmi er ekki gert ráð fyrir álagningu umboðs eða annars innflutningsaðila.

Eigandi bifreiðarinnar er ekki þar með laus undan álögum ríkisins, þessu til viðbótar greiðir hann tvisvar á ári bifreiðagjald auk eldsneytisgjalda sem renna beint til ríkissjóðs. Eldsneytisgjaldinu til varnar þá er það mun réttlátari leið til þess að sporna við mengun þar sem skattlagt er í beinu hlutfalli við notkun og losun koltvísýrings

**Þannig tekst ríkissjóði að innheimta ríflega 3,5 milljónir af kaupanda bifreiðar sem kostaði 4,5 milljónir þegar henni var skipað í land, það jafngildir rétt um 80% heildarskattheimtu.**

**Þungar álögur á stórar fjölskyldur**

Auðvitað eigum við sem þjóð að vera samtaka í að draga úr mengun. En fólk kaupir stærri bifreiðar af nauðsyn frekar en einbeittri löngun til mengunar. Við verðum að sýna því skilning að hér á landi býr fólk sums staðar við afleitar vegasamgöngur. Eyðslugrannir smábílar henta illa á vestfirskum fjallvegum og ósanngjarnt að skattleggja fólk sérstaklega fyrir að kaupa bifreið sem hentar umhverfi þess.

Fjölmargar starfsstéttir þurfa einnig að komast til vinnu sinnar, hvernig sem viðrar. Þegar almenningssamgöngur liggja niðri og snjómokstursstæki hafa ekki undan, rýkur heilbrigðisstarfsfólk ekki á vakt á smábílum. Þá er fjölskyldusamsetning fjölbreytt hér á landi og fjöldi barna á heimilum stundum töluvert hærri en meðaltöl segja til um, jafnvel þótt það eigi bara við um aðra hverja viku. Rekstur smábíls getur varla talist umhverfisvænn ef fara þarf tvær ferðir til að koma öllum á áfangastað. Þegar fjórða barninu er fagnað er stuðningur ríkissjóðs í formi aukinnar skattheimtu. Nema foreldrar bregði á skilnað til þess eins að geta komið öllum fjölskyldumeðlimum í 5 manna smábíl.

**Stærri ökutæki bera aðeins 0-13% vörugjald**

Ef ekki er grundvöllur til að afnema vörugjöld á bifreiðum með öllu er að minnsta kosti tímabært að endurskoða álagningarprósenturnar með aukinn jöfnuð og sanngirni í huga. Ekki síst þegar upplýst er að flest ökutæki, sem eru meira en 5 tonn að heildarþyngd, eru ýmist alveg undanþegin vörugjaldi eða bera aðeins 13% vörugjald, óháð útblæstri. Með 13% vörugjaldi líkt og til dæmis lagt er á sendibifreiðar, væri bíllinn í dæminu hér að ofan á 6,3 milljónir í stað 8 milljóna og heildarskattlagning ríkisins færi úr 80% í 40%. Það hljómar betur í mínum eyrum.

# Jafnaðarflokkur í 100 ár



Gunnar Ólafsson
heilsuhagfræðingur og tekur þátt í prófkjöri Samfylkingar í Reykjavík

Í ár fögnum við jafnaðarmenn 100 ára sögu stjórnmálahreyfingar okkar á Íslandi. Í mars 1916 var Alþýðuflokkurinn stofnaður sem stjórnmálaarmur Alþýðusambandsins og sókn jafnaðarmanna að betri lífskjörum, mannréttindum og frelsi var hafin. Á fyrstu tveim áratugum tuttugustu aldar bjó Alþýðuflokkurinn við óréttláta kosninga- og kjördæmaskipan. Sem dæmi má nefna að í kosningunum 1934 fengu Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur nánast jafn mörg atkvæði en Framsókn fékk 15 þingmenn kjörna en Alþýðuflokkurinn 10. Alþýðuflokkurinn gekk á móti ríkjandi skipulagi sem lagði áherslu á betri lífskjör, húsnæði, tryggari stöðu á vinnumarkaði, jafnan atkvæðisrétt og félagslegar tryggingar. Flokkurinn náði hægt og bítandi fram sínum baráttumálum, t.d. Vökulögunum árið 1921 sem tryggðu sjómönnum sex tíma lágmarkshvíld á sólarhring. Fleiri sigrar fylgdu í kjölfarið eins og lög um verkamannabústaði, löggjöf um alþýðutryggingar (m.a. atvinnuleysistryggingar) árið 1936 og lög um stéttarfélög árið 1938.

Upp úr 1940 skildi leiðir Alþýðuflokks og Alþýðusambands Íslands og jafnaðarmenn klofnuðu í tvo flokka, Alþýðuflokkinn og Sósíalistaflokkinn. Alþýðuflokkurinn átti fram að þessum tíma sæti í ríkisstjórnum, m.a. stjórn hinna vinnandi stétta frá 1934-1938 sem var fyrsta umbótastjórnin og kom mörgum þarfaverkum í framkvæmd. Frá fjórða áratug fram að Viðreisn snerust stjórnmál mikið um sjávarútveg, millifærslu- og haftakerfi sem og utanríkismál sem því miður skiptu jafnaðarmönnum í tvo aðskilda flokka í afstöðu þeirra til Atlantshafsbandalagsins og dvalar varnarliðsins á Íslandi. Árið 1959 tók við svo kölluð viðreisnarstjórn, ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, sem fram að því höfðu verið andstæðingar í stjórnmálum. Þetta ríkisstjórnarsamstarf var farsælt og er sú stjórn einna þekktust fyrir að afnema að stórum hluta víðtækt haftakerfi sem hafði ríkt fram til ársins 1960.

**Jafnaðarmannahreyfing sem byggir á glæsilegri arfleið baráttufólks fyrir 100 árum getur horft stolt fram á veginn, stolt af sínum verkum, baráttuglöð fyrir betra og réttlátara þjóðfélagi.**

Aðild Alþýðuflokksins að þeirri ríkisstjórn tryggði einhverja mestu húsnæðisbyltingu í sögu þjóðarinnar í samstarfi við verkalýðshreyfingu og atvinnurekendur þegar gert var stórátak í að útrýma braggahverfum með uppbyggingu á m.a. á heilu íbúðahverfi í Breiðholti. Alltaf var grunnstef jafnaðarmanna um húsnæði leiðarljós í starfi Alþýðuflokksins. Frá lokum Viðreisnar fram til ársins 2000 dreifðust kraftar jafnaðarmanna á fleiri flokka en Alþýðuflokkinn og Alþýðubandalag sem var arftaki Sósíalistaflokksins. Til að mynda komu fram á sjónarsviðið flokkar eins og Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Bandalag jafnaðarmanna og Þjóðvaki sem síðar varð hluti af Samfylkingu. Nýtt stjórnmálaafl, Kvennalistinn, kom fram á níunda áratugnum, og lagði áherslur á mál tengd auknum rétti kvenna, t.d. launajafnrétti kynjanna og aukið aðgengi barna að leikskóla.

**Þáttaskil**

Árið 2000 urðu þáttaskil í sögu jafnaðarmanna á Íslandi þegar nýr stjórnmálaflokkur varð til, Samfylking með sameiningu Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Kvennalistans. Jafnaðarmenn sameinuðust um jöfn tækifæri, betri lífskjör, úrbætur í húsnæðismálum, aukin félagsleg réttindi, eitt samfélag fyrir alla og nánari tengsl við Evrópu. Allar þessar hugsjónir hafa verið baráttumál jafnaðarmanna í gegnum tíðina, þó svo Evrópuhugsjónin sé tiltölulega nýleg í 100 ára sögu hreyfingarinnar. Jafnaðarmannahreyfing sem byggir á glæsilegri arfleið baráttufólks fyrir 100 árum getur horft stolt fram á veginn, stolt af sínum verkum, baráttuglöð fyrir betra og réttlátara þjóðfélagi. Þeirri baráttu lýkur aldrei og ómetanlegt að á hverjum tíma sé kröftugt og duglegt fólk tilbúið að berjast fyrir þessum réttindum. Ég verð alltaf hrærður þegar ég les um sögu jafnaðarmanna og hve mikið fólk hefur lagt á sig í gegnum tíðina fyrir þessa hugsjón. Þess vegna er ég sannfærður um að Samfylkingin mun dafna og þroskast og halda áfram að gera Ísland að betra samfélagi, öllum til góða. Að þessu sögðu, óska ég öllum jafnaðarmönnum til hamingju með 100 ára afmæli jafnaðarmannahreyfingar á Íslandi. Sækjum til sigurs.

# 30% AFSLÁTTUR AF HÆGINDASTÓLUM




**TILBOÐIN GILDA 8. – 14. SEPTEMBER**

# 40% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM

**FRÁBÆRT ÚRVAL – VERÐ FRÁ 1.194 kr. m/afslætti**



ANTON&BERGUR

the PIER

**GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS**



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Kjalvegur á samgönguáætlun



**Herbert Hauksson**
stjórnarformaður Mountaineers of Iceland

Mesti umferðarþungi er nú á Kjalvegi frá upphafi. Fyrir fjórum árum var 100 bílum á dag ekið eftir Kjalvegi mánuðina júní til ágúst. Nú eru þetta um 1.000 bílar á dag, sem er gífurleg fjölgun. Vegagerðin hefur viðhaldsfé í veginn sem dugar skammt þar sem umferðin grefur veginn niður á nokkrum vikum. Kjalvegur er hættur að vera fáfarinn vegslóði.

**Kjalvegur er byggður úr því efni sem er í næsta umhverfi við veginn. Það er svipað efni sem kom úr Eyjafjallajökulsgosinu, efni sem ekki er talið hollt til innöndunar. Það munið. Allir með öndunargrímur. Aðrir hlutar vegarins eru niðurgrafnar ýtuslóðir. Kjalvegur var ágætlega boðlegur árið 1980 en nú er 2016 og allt aðrar forsendur.**

Aukinn ferðamannastraumur innlendra sem erlendra ferðamanna er ástæðan fyrir aukinni umferð um Kjalveg. Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem við Kjalveg standa. Kjalvegur er lífæð margra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Enn fleiri hafa það að lífsviðurværi að skipuleggja og selja erlendum ferðamönnum inn á Kjalvegssvæðið. Gleymum ekki ríkissjóði sem hefur fínar tekjur af þessu. Vetrarferðamennska hefur stóraukist undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að um 120.000 meiraborgandi erlendir ferðamenn heimsækja Langjökul við Kjalveg alla 365 daga ársins. Við markaðssetjum og ferðumst um allan heim til að ná í þessa ferðamenn.

Kjalvegur er byggður úr því efni sem er í næsta umhverfi við veginn. Það er svipað efni sem kom úr Eyjafjallajökulsgosinu, efni sem ekki er talið hollt til innöndunar. Það munið. Allir með öndunargrímur.

Aðrir hlutar vegarins eru niðurgrafnar ýtuslóðir. Kjalvegur var ágætlega boðlegur árið 1980 en nú er 2016 og allt aðrar forsendur. Vegna mikillar umferðar er yfirborð vegarins með þeim hætti að hann telst ekki boðlegur fólki sem um veginn fer.

Við þurfum þrjár meginatvinnugreinar til að komast af í þessu landi. Ferðaþjónustan er ein þeirra en því miður hafa innviðirnir verið látnir sitja á hakanum. Vegagerðin hefur af veikum mætti reynt sem hún getur að klóra í bakkann. Starfsmenn Landverndar hafa nú ekki verið hjálpsamir og kært allt viðhald á veginum, áratug aftur í tímann. Kærum Landverndar hefur nú reyndar verið vísað frá þar sem ekki hefur verið hald í rökstuðningi.

Það eru alltaf einhverjir á móti vegabótum á hálendinu en ég lofa þeim því að þó Kjalvegur verði gerður betri eru eftir sem áður til fleiri þúsund kílómetrar af fáförnum, aurugum vegarslóðum til að leika sér á.

Kjalvegur er verkfæri til að komast að auðlind sem við öll höfum tekjur af með einum eða öðrum hætti. Ég skora hér með á alla þá sem vettlingi geta valdið í pólitík og stjórnkerfinu að setja Kjalveg inn á vegaáætlun og stuðla þannig að hagsæld fólksins í landinu.

# Uppboð aflaheimilda á Íslandi – Byrjum á byrjuninni



**Sigurjón Þórðarson**
frambjóðandi Dögunar í Norðvestur kjördæminu

Á Íslandi ríkir gríðarleg mismunun á milli útgerða sem reka eigin fiskvinnslu og þeirra sem eru sjálfstæðar og landa fiski á markað. Sjálfstæðar útgerðir fá alla jafna helmingi hærra verð fyrir fisk á markaði, en þær sem landa afla inn í eigin vinnslu, á málamyndaverði sem ákveðið er af Verðlagsstofu skiptaverðs.

Afleiðing þess er að útgerðir sem landa inn í eigin vinnslu greiða lægri laun til sjómanna og lægri hafnargjöld en hinar. Þessi munur hefur í för með sér gríðarlegan aðstöðumun hjá fiskvinnslum sem þurfa að kaupa sinn fisk á markaði á hærra verði en þær vinnslur sem eru í tengslum við útgerð. Tvöfalda verðlagningin opnar sömuleiðis greiða leið til þess að losa hagnað af vinnslunni í gegnum eigin sölufyrirtæki á erlendri grund; svokallaða „hækkun í hafi“ með skattaskjól sem ekki ólíklegan endapunkt.

Það er með engu móti hægt að réttlæta núverandi skipan út frá samkeppnissjónarmiðum eða hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta. Mismununin hefur verið réttlætt með því að með fyrirkomulaginu sé hægt að gera langtímasamninga og tryggja afhendingaröryggi. Þessar fullyrðingar standast enga skoðun enda ekki gerðir fimm ára samningar um verð og afhendingu á frosnum karfaflökum, ekki frekar en á nautakjöti eða appelsínum.

Með því að allur fiskur sé verðlagður á opnum frjálsum fiskmarkaði er verið að tryggja útgerðinni hæsta verð hverju sinni og ekki verið að taka eitt eða neitt frá neinum. Aðstöðumunur stærri fyrirtækja með eigin vinnslu hefur verið einn mesti hvatinn að hraðri og óæskilegri samþjöppun í sjávarútvegi á síðustu árum.

**Dögun leggur því gríðarlega áherslu á að allur fiskur sé verðlagður á frjálsum markaði en það tryggir hag sjómanna, einnig að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar en ekki er nokkur lifandi leið að stunda eitthvað sem kallast ofveiði með handfærum.**



**Sanngjarnari verðlagning**

Áður en farið verður í uppboð á aflaheimildum, í ætt við það sem Færeyingar eru að gera tilraunir með, þá verður að vera búið að girða fyrir þennan mikla aðstöðumun og það verður aðeins gert með því að allur fiskur sé verðlagður á markaði. Ef ekki, þá er einsýnt að heimildirnar lenda aðeins hjá stærri útgerðunum sem reka fiskvinnslu samhliða. Eins þarf að tryggja miklu betur en nú er gert að sjómenn verði ekki látnir taka þátt í kostnaði útgerða við uppboð en lenskan hefur verið sú að ýmsum kostnaði hefur verið velt í meira mæli yfir á þá.

Sanngjarnari verðlagning á fiski mun án efa leiða til bættrar stöðu hafna og launa sjómanna og þar af leiðandi auka skatttekjur ríkisins. Við breytinguna myndu tekjur hins opinbera aukast mun meira en sem næmi tvöföldun núverandi veiðigjalds og mun meira af arðinum dreifðist með heilbrigðari hætti um æðakerfi efnahagslífsins.

Mjög auðvelt er að tryggja að almenningur fái stærri skerf af sjávarauðlindinni og að hún renni ekki einungis til örfárra eða jafnvel úr landi. Ef það á að gerast þá þarf að byrja á réttum enda sem er að allur fiskur sé verðlagður á markaði og það áður en farið er í flóknar útfærslur á uppboðum á veiðiheimildum.

Dögun leggur því gríðarlega áherslu á að allur fiskur sé verðlagður á frjálsum markaði en það tryggir hag sjómanna, einnig að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar en ekki er nokkur lifandi leið að stunda eitthvað sem kallast ofveiði með handfærum. Frelsið mun aðeins gera lífið skemmtilegra hringinn í kringum landið.

# Íslenskt lýðræði, hvað er nú það?



**Örn Sigurðsson**
arkitekt

Í skugga misvægis atkvæða fara talsmenn Vatnsmýrarflugvallar nú hamförum í fjölmiðlum og á Alþingi í aðdraganda haustkosninga til að slá pólitískar keilur. Þeir gera atlögu að víðtækum almannahagsmunum til þess eins að bæta stöðu sína og flokka sinna. Athygli vekur framganga fyrrum forsætisráðherra og samgönguráðherra.

Jafn aðgangur að valdinu, sem mótar örlög borgaranna, er grundvöllur lýðræðissamfélaga. Misvægi atkvæða í þingkosningum er meira hér en þekkist í öðrum vestrænum ríkjum og hallar mjög á meirihluta kjósenda á höfuðborgarsvæðinu.

Afleiðing misvægisins er kerfisbundinn skekkjuvaldur í starfsemi Alþingis. Á lýðveldistímanum hefur kerfisgallinn kostað jafngildi tugþúsunda milljarða króna vegna óhefts kjördæmapots og annarrar misbeitingar þessa valds.

Misvægið er brot á mannréttindum höfuðborgarbúa, sem eru hálfdrættingar á við landsbyggðarbúa. Misvægið er um 100% en var a.m.k. 300% við upphaf lýðveldistímans.

ÖSE og Feneyjanefndin hafa árangurslaust bent íslenskum stjórnvöldum á að lýðræðishallinn gangi gegn anda íslenskra og alþjóðalaga og reglna um réttlæti og almannahag. En íslenskt lýðræði á sér fleiri skuggahliðar.

Misvægi er innbyggt og kerfisbundið í Sjálfstæðisflokknum sem á 860 mánaða lýðveldistíma hefur setið í ríkisstjórnum í 690 mánuði (80% tímabilsins) og átt forsætisráðherra í 490 mánuði (57% lýðveldistímans). Á sama tímabili hefur flokkurinn stjórnað Reykjavíkurborg í 52 af 72 árum (72% tímans).

Mikilvægt er að slíkt valdabákn sé lýðræðislegt. Og fljótt á litið virðist Sjálfstæðisflokkurinn vera það. Landsfundur annað hvert ár mótar stefnuna og ákvarðanir landsfundar eru bindandi fyrir ríkisstjórnir, þingmenn og borgarfulltrúa.

Í skipulagsreglum á vef Sjálfstæðisflokksins segir: „Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins ... hvert kjördæmi fái þrjá fulltrúa fyrir hverja 200 kjósendur flokksins og hvert sjálfstæðisfélag fái þrjá fulltrúa ...“

Þessar skipulagsreglur ættu að tryggja jöfnuð í Sjálfstæðisflokknum en landsbyggðarmenn hafa fundið ráð við þessu því á meðan sjálfstæðisfélög á höfuðborgarsvæðinu eru einungis 37 eru félögin í landsbyggðarkjördæmunum þremur orðin 129. Þannig hefur landsbyggðin 25 landsfundarfulltrúa umfram höfuðborgarsvæðið áður en leiðrétt er fyrir auknum fjölda meðlima í fjölmennari félögum; einn fulltrúi bætist jú við fyrir hverja 200 fullgilda félaga.

**Skýrir undarlega stefnu**

Að lokinni leiðréttingu hafa landsbyggðarkjördæmin enn hreinan meirihluta á landsfundum flokksins. Landsbyggðarsjónarmið móta því alla stefnu Sjálfstæðisflokksins.

Þetta misvægi í skipun landsfundarfulltrúa nemur 100% því að baki hverjum höfuðborgarfulltrúa eru 50 kjósendur en 25 að baki hverjum landsbyggðarfulltrúa. Þetta skýrir undarlega stefnu flokksins í mörgum mikilvægum málum.

Samverkandi neikvæð áhrif þessa tvíþætta misvægis eru líklega meiri en sjálfstæðiskjósendur í höfuðborginni gera sér grein fyrir. Þeir ættu því að hugsa sinn gang næst þegar þeir kjósa.

Líklega eru önnur hefðbundin landsframboð („fjórflokkurinn“) haldin ámóta kerfisskekkju en að fenginni langri reynslu er vitað að vegna misvægis atkvæða í alþingiskosningum eru öll landsframboð sjálfkrafa hallari undir landsbyggðarsjónarmið en borgarsjónarmið þegar slík sjónarmið skarast.

Á lýðveldistímanum hafa landsbyggðarþingmenn of oft misbeitt valdi misvægisins gegn borgarsamfélaginu til þjóns fyrir alla landsmenn. Á sama tíma hefur landsbyggðin farið sér að voða þrátt fyrir að „njóta ávaxtanna“ af misvægi atkvæða, af flugvelli í Vatnsmýri, af kerfisskekkju í Sjálfstæðisflokki og öðrum fjórflokkum og af óheftu kjördæmapoti í lykilnefndum Alþingis.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012 voru tillögur stjórnlagaráðs um stjórnarskrárbreytingar í lýðræðisátt samþykktar með afgerandi meirihluta atkvæða á landsvísu. Landsbyggðarkjördæmin skáru sig hins vegar úr vegna minni kjörsóknar en einkum vegna andstöðu gegn því að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt.

**ÖSE og Feneyjanefndin hafa árangurslaust bent íslenskum stjórnvöldum á að lýðræðishallinn gangi gegn anda íslenskra og alþjóðalaga og reglna um réttlæti og almannahag. En íslenskt lýðræði á sér fleiri skuggahliðar.**

Hérlendis eru því líklega djúp skil á milli landsbyggðar og borgarsamfélags í stjórnmálum og menningu áþekk skilum sem eru alkunn í mörgum Evrópuríkjum, í Bandaríkjunum og víðar.

Barátta frjálslyndra og víðsýnna afla borgarsamfélagsins fyrir bættum stjórnarháttum og auknu lýðræði á Íslandi var löngum erfið. Hún er það enn og verður eflaust um sinn: Að heimta einhvern réttlætisspón úr aski misvægisaflanna á landsbyggðinni.



SKOÐAÐ Í SKÁPINN

# PALLÍETTUJAKKINN VERÐUR NOTAÐUR MEIRA

**Þura Stínu á hafnaboltatreyju sem hefur ferðast um alla Evrópu og pallíettu-(Palla) jakka sem veitir skemmtilega tilfinningu þegar komið er í hann. Hún leyfir lesendum að kíkja inn í skápinn sinn sem geymir margar fallegar flíkur.**

Þura Kristín útskrifaðist sem grafískur hönnuður úr Listaháskóla Íslands nú í maí. Hún er einnig plötusnúður og spilar í hverri viku á ýmsum stöðum í Reykjavík sem og með hljómsveitinni Cyber og stundum með drottningum RVKDTR. MYND/EYÞÓR


















Þura Stína í uppáhaldsyfirhöfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is

Þura Stína Kristleifsdóttir, plötusnúður og grafískur hönnuður, er mjög upptekin í vinnu og verkefnum þessa dagana en hún segir að þeir sem þekki hana viti að þannig líði henni best. „Ég fór á Evróputúr sem plötusnúður Reykjavíkurdætra í sumar og var að koma úr mjög spennandi þróunarverkefni sem ég vann í sumar með vöruhönnuðum aðallega, þar sem við einblíndum á verðmætasköpun fyrir íslenskt hráefni og samstarf á milli hönnuða og fyrirtækja. Í seinustu viku byrjaði ég svo á stórkostlegu auglýsingastofunni Brandenburg og er mjög spennt fyrir komandi tímum þar."

**Hvaða flík notar þú mest?** Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi Monki buxna enda ótrúlega þægilegar. Þessa dagana er ég að vinna mikið með einar slíkar uppháar, smá „loose" og ekki alveg 100% svartar.

**Hver er uppáhalds yfirhöfnin?** Síð svört kápa frá Weekday sem ég keypti mér í Danmörku í sumar, ég hef ekki getað notað hana neitt ofboðslega mikið sökum góðs veðurs en bíð spennt eftir haustinu.

**Hvaða skór eru í mestu uppáhaldi?** Þegar ég spila þá stend ég oftast í lengri tíma, ég hef átt mjög marga þægilega strigaskó í gegnum tíðina en þeir eru eiginlega allir Nike.

**Hvaða skartgripi notar þú mest?** Ég er nánast alltaf með úr og hef alltaf átt hringi. Ég er mjög léleg að nota skartgripi í dag en á einn „alvöru" hring sem ég fékk í stúdentsgjöf 19 ára frá æskuvinkonum mínum. Án þess að vera neitt sérstaklega hjátrúarfull þá set ég hann alltaf upp þegar ég er að fara að gera eitthvað mikilvægt eða þegar mér veitir ekki af smá heppni.



Pallíettu (Palla) jakkinn minn var keyptur í Spúútnik og er keyptur notaður. Ég á ekkert í líkingu við pallíettufjöldann í honum en hef bara fundið eitt tilefni til að klæðast honum. Það er á stefnuskránni að klæðast honum oftar enda mjög skemmtileg tilfinning að vera í honum, það er örugglega mjög tryllt að vera Páll Óskar alla daga.



Hafnaboltatreyjan sem hefur ferðast um alla Evrópu. Hana keypti ég í mjög nettu fasjónátletti í útskriftarferð í Tallinn. Síðan þá hefur hún túrað með Reykjavíkurdætrum og verið til láns og fyrirmyndar en hangir núna heima á slánni í Norðurmýrinni.



Þessa „leður"-derhúfu keypti ég fyrir um tveimur árum. Mér fannst mjög skrýtið að máta derhúfu úr leðurlíki en þetta er besta snið á derhúfu sem ég hef nokkurn tíma átt og hún er mjög nett.



Leðurjakki frá PeleCheCoco er í miklu uppáhaldi en þeir framleiða bara vörur úr endurunnu leðri. Var búin að leita mér að nýjum leðurjakka í langan tíma svo að ég varð rosalega glöð. þegar ég fann hann loksins.



Þessir standa upp úr af öllum Nike-skónum en það er líklega af því að ég hef sjaldan verið svona djörf í litavalinu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




I will be
no angel,
*my angel*

NÝI HERRAILMURINN
DIESEL

diesel.com




„Tvær í einni" Úlpa á 14.900 kr.

- stærð S - XL (36/38 - 44) - svört öðru megin
- dýramynstur hinum megin - vasar báðum megin

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook




Inklaw Clothing eru f.v. Christopher Cannon, Guðjón Geir Geirsson, Anton Birkir Sigfússon og Róbert Elmarsson MYNDIR/ERNIR

# SIGRAR OG MISTÖK

Framleiðsla fyrir heildsölumarkað er næsta stóra skref hjá fatamerkinu Inklaw Clothing. Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt hjá eigendum fyrirtækisins en um leið afar skemmtilegt og lærdómsríkt.


**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is


Undanfarið ár hefur verið mjög viðburðaríkt hjá strákunum á bak við fatamerkið Inklaw Clothing. Á síðasta ári héldu þeir til Los Angeles þar sem þeir dvöldu í tvær annasamar vikur og í upphafi árs stóð til að flytja rekstur fyrirtækisins til New York. Þeir eyddu löngum tíma fyrr á árinu í leit að nýju og hentugu húsnæði og nýr liðsmaður, Christopher Cannon, bættist við starfsmannahópinn og eru þeir nú fjórir: Guðjón Geir Geirsson, Anton Birkir Sigfússon og Róbert Elmarsson auk Christophers.

Róbert segir undanfarna tólf mánuði hafa verið afskaplega skemmtilega en um leið krefjandi og mótandi fyrir þá félaga. „Við höfun svo sannarlega unnið marga sigra en jafnframt gert mörg mistök sem við höfum þó dregið lærdóm af sem nýtist á næstu árum. Núna er komið gott flæði í rekstrinum og salan eykst jafnt og þétt milli mánaða. Við höfðum alltaf fókusað mikið á alþjóðlegan markað en upp á síðkastið höfum við unnið að því að styrkja okkur heima og gengur það virkilega vel. Það er mikill áhugi fyrir vörum okkar hér og við viljum standa undir þeim væntingum sem viðskiptavinir gera til okkar. Næsta stóra skref er að undirbúa komu okkar á heildsölumarkað. Það þýðir að við þurfum að endurskipuleggja framleiðsluferlið og þá hugsanlega með því að útvista einhverjum hluta erlendis."

**STÓRT SKREF FRAMUNDAN**

Tíminn í Los Angeles og New York var mikil rússíbanareið en um leið afar lærdómsríkur tími að sögn Róberts. Og allt bröltið erlendis kenndi þeim mikilvæga lexíu. „Hún er sú, að þótt það sé gott að fá góða hjálp þá gerir enginn hlutina fyrir þig. Ef við ætlum okkur að gera Inklaw að stóru alþjóðlegu tískumerki þurfum við að gera það sjálfir. Vð erum tilbúnir að leggja mikið á okkur svo draumurinn geti orðið að veruleika. Ef þú heldur að ein mynd af einhverri stjörnu í fötunum þínum muni breyta öllu, þá er það kolrangt. Hún hefur bara ákveðinn líftíma, og markaðssetningin þarf að vera viðvarandi."



Fyrsti hluti haust- og vetrarlínu Inklaw Clothing var að koma á markað. Þar bæta þeir við sig nokkrum stílum ásamt fjölbreyttu camo-mynstri.

Hingað til hafa þeir nær eingöngu selt á netinu og framleiðsluaðferð þeirra hefur gert þeim erfitt fyrir að stunda heildsölu. Framleiðsla fyrir heildsölumarkaði krefst því róttækrar endurskoðunar á framleiðsluferlinu og nú er rétti tíminn til að stíga skrefið. „Við höfum á síðustu árum náð að byggja upp góða vörumerkjavitund erlendis og í gegnum tíðina fengið fjölmargar fyrirspurnir frá búðareigendum, einkum í Bandaríkjunum, um hvort hægt sé að kaupa fötin inn í heildsölu. Þetta er virkilega spennandi verkefni og er undirbúningur að þessu þegar hafinn."

**INSTAGRAM SKIPTIR MÁLI**

Félagarnir hafa lagt mjög mikla vinnu og metnað í markaðssetningu á samfélagsmiðlum, þá helst á Instagram sem er að sögn Róberts tískuvænsti samfélagsmiðillinn. „Markaðssetning á samfélagsmiðlunum snýst mikið um tilraunastarfsemi og að finna hvað virkar best fyrir markhópinn. Við höfum t.d. notast við áhrifavalda ásamt því að reyna að framleiða markaðsefni sem við vitum að virkar fyrir fylgjendahóp okkar. Við fáum sennilega 5-10 fyrirspurnir á dag frá erlendum áhrifavöldum um fatnað fyrir auglýsingu af einhverju tagi. Yfirleitt er um einhvers konar „mini-celeb" að ræða þótt stór nöfn hafi einnig sett sig í samband við okkur. Það er oft eins og að fólk þarna úti haldi að við séum eitthvert risa tískufyrirtæki af því að við erum með stóran Instagram-reikning. Það áttar sig kannski ekki á því að við erum bara nokkrir strákar frá Íslandi með netverslun að gera nánast hverja einustu flík eftir pöntun."





Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


ÍSLENSKA SVEITIN OG SS
Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örnu Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.
Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.
SS







Marjan Jonkman er í uppáhaldi hjá fjölmörgum hönnuðum enda gekk hún í 60 sýningum á síðasta tímabili.



Tami Williams er nýliði í greininni en hefur nú þegar gengið fyrir Valentino, Chanel, Dior og fleiri.



Katherine Moore þótti einn mest spennandi nýliðinn í tískuheiminum á síðasta tímabili.



Hin rauðhærða Elizabeth Moore gerði garðinn frægan á Gucci-sýningum síðasta tímabils.






# TÍSKUVIKAN BAKSVIÐS

Tískuvikan í New York hófst í gær. Tímaritið Elle mælir með nokkrum fyrirsætum sem gaman er að fylgjast með á Instagram til að vita hvað er að gerast á sviði, baksviðs og í partíum á tískuvikunni.



Dilone er fædd og uppalin í New York og því á heimavelli þessa vikuna. Hún þykir yfirmáta svöl enda gengur hún aðeins undir eftirnafni sínu.

Greta Varlese er virk á Instagram og sýnir myndir af sér við undirbúning tískusýninga og partýmyndir af sér með stjörnunum.

# GALLABUXUR VERÐA AÐ GLERAUGUM

Aðdáendur „denim on denim“ geta nú sett upp gleraugu í stíl en í lítilli vinnustofu í Cornwall í Englandi eru framleiddar gleraugnaumgerðir úr gallaefni. Fyrsta gleraugnalína Mosevic kom á markað í sumar.



Nokkur lög af efni eru pressuð saman.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Breska fyrirtækið Mosevic umbreytir gömlum gallabuxum í gleraugnaumgerðir. Línan kallast Worn og dregur nafn sitt af ástandi hráefnisins. Buxurnar eru klipptar niður og efnið gegnvætt í resíni og pressað í mót í nokkrum lögum. Þegar efnið er orðið hart eru umgerðirnar skornar út og þar á eftir steinþvegnar til að mýkja brúnir og svo að efnið verði „lúið“ að sjá. Til styrkingar er stálvír innan í umgerðunum sem að lokum eru slípaðar og skrúfaðar saman í höndunum. Allt ferlið við ein gleraugu tekur um tvær vikur. Engar tvær umgjarðir líta eins út þar sem mismunandi litatónar og mismunandi ástand gallabuxnanna ráða ferðinni en sex ólík form eru framleidd af umgerðunum.

Fyrirtækið Mosevic var sett á laggirnar í gegnum Kickstarter fyrir rúmu ári en hugmyndin hafði verið í mótun í nokkur ár fram að því. Á bak við Mosevic standa Jack Spencer og Alex Boswell. Jack hefur fengist við sjálfbæra hönnun og er sérstakur áhugamaður um gleraugnatísku. Hugmyndin að umgerðum úr gallaefni varð til þegar hann var að gera tilraunir með tuskur og resín og sá möguleikana í hörðu efninu. Þeir Jack og Alex settu þá upp vinnustofu í Cornwall í Englandi fyrir fimm árum og fer öll framleiðsla gleraugnanna þar fram. Þeir vonast til að komast í samstarf við fataframleiðendur og endurnýta afgangsefni en fyrsta línan kom á markaðinn í sumar.

**Nánar má forvitnast um Mosevic á Facebook og á mosevic.com**



Gamlar gallabuxur fá nýtt líf.



Efnið er gegnvætt í resíni og látið harðna.



Umgerðirnar eru settar saman í höndunum og pússaðar.

» Gallabuxurnar eru klipptar niður og efnið gegnvætt í resíni og að lokum pressað í mót í nokkrum lögum.



Breska fyrirtækið Mosevic umbreytir gömlum gallabuxum í gleraugnaumgjarðir. Línan kallast Worn og dregur nafn sitt af ástandi hráefnisins. myndir/Mosevic.com





„Áhugasamt fólk um umhverfismál ætti alls ekki að missa af þessari sýningu," segir Helgi Lárusson, stjórnarformaður Fenúr, sem er fagráð um endurnýtingu og úrgang. MYND/ERNIR

# Umhverfissýning í Perlunni

**Fenúr kynnir** Næstu tvo daga fer fram umhverfissýningin Saman gegn sóun í Perlunni. Ókeypis er inn á sýninguna þar sem fjölmörg fyrirtæki og stofnanir veita fróðleik og sýna ýmis tæki og tól. Helsti tilgangur sýningarinnar er að fræða almenning um hvernig hægt er að minnka sóun.

Umhverfissýningin Saman gegn sóun verður haldin í Perlunni á morgun, föstudag, milli kl. 14 og 18 og á laugardag milli kl. 12 og 17.30. Ókeypis er inn á sýninguna sem er ætlað að kynna fyrir almenningi leiðir til að minnka sóun en uppsetning hennar verður einstaklega fjölbreytt og áhugaverð fyrir alla fjölskylduna að sögn Helga Lárussonar, formanns stjórnar Fagráðs um endurnýtingu og úrgang (Fenúr), sem stendur að sýningunni ásamt Umhverfisstofnun. „Áhugasamt fólk um umhverfismál ætti alls ekki að missa af þessari sýningu. Fjölmörg fyrirtæki og samtök sýna í Perlunni og þar verður margt skemmtilegt og fræðandi í boði fyrir gesti á öllum aldri." Hann segir öllum ljóst mikilvægi þess að taka á umhverfismálum. „Íslendingar eru þar engin undantekning, hafa verið framarlega í umhverfismálum og duglegir að tileinka sér nýjungar á borð við flokkun í mislitar tunnur, plastpokalaus sveitarfélög, moltugerð, rafbíla, umhverfisvæna skóla og vinnustaði o.fl. Hér er kjörið tækifæri til að læra meira."

### MARGT Í BOÐI

Sýnd verða ýmis tæki og tól, gagnlegar ráðleggingar verða veittar og skýrt út hvað verður um ýmsan úrgang og margt fleira að sögn Helga. „Gestir geta tekið þátt í ratleik, lært allt um flokkun sem almenningur mun taka meira þátt í á næstu árum, smakkað ís, fengið fríar bækur, skoðað risavaxinn trjátætara, klifrað upp í nýjustu ruslabílana, skoðað ruslakompu svo aðeins fátt eitt sé nefnt. Flokkun og minni sóun er framtíðin svo það er ekki seinna vænna en mæta með alla fjölskylduna í Perluna á föstudag eða laugardag til að bæði fræðast um afar gagnlega hluti en ekki síður til að eiga skemmtilega dagstund"

### ÝMIS FRÓÐLEIKUR

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, setur sýninguna kl. 14.30 á morgun. Helgi er einnig framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar sem verður með bás á sýningunni. „Við munum m.a. sýna drykkjarumbúðir eins og þær koma til átöppunar og hvað verður um þær eftir notkun þeirra. Á básnum okkar má finna ýmsan fróðleik eins og þann að fimm manna fjölskylda notar um 1.750 drykkjarumbúðir á ári auk þess sem kolefnisjöfnun þess að endurvinna drykkjarumbúðir sem falla til hér á landi samsvarar kolefnisbindingu 6 milljóna trjáa á ári."

### ÁHUGAVERÐ ERINDI

Samhliða sýningunni verður haldin ráðstefna á vegum Fenúr og Umhverfisstofnunar, undir yfirskriftinni Saman gegn sóun. Hún fer fram fyrir hádegi á morgun í Nauthóli. „Þar mun fjöldi fyrirlesara halda áhugaverð erindi, t.d. um plastpoka- og kolefnislaus sveitarfélög, sorp frá hótelum, hringrásarhagkerfið o.fl."

**Nánari upplýsingar um sýninguna og ráðstefnuna má finna á fenur.is.**

# Hvetja íbúa til ábyrgrar umgengni

Ragna I. Halldórsdóttir er deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar SORPU. Mjög stórt og spennandi verkefni er framundan sem mun auka endurnýtingarhlutfall heimilisúrgangs í yfir 95%.

Hvert er helsta hlutverk Sorpu þegar kemur því að draga úr sóun og nýta betur auðlindir jarðar?

„SORPA er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og sér til þess að íbúar svæðisins hafi tækifæri til að koma úrgangi í endurnot og endurvinnslu. SORPA sinnir fræðslu- og kynningarstarfi fyrir skólabörn og íbúa á höfuðborgarsvæðinu og leggur áherslu á lágmörkun úrgangs og endurvinnslu á þeim vettvangi. Við hvetjum íbúa til að sýna ábyrga umgengni við úrgang, draga úr úrgangi eftir bestu getu og flokka nýtanleg efni svo þau geti orðið hráefni í nýjar vörur."

**Hvað ætlið þið að kynna á sýningu?** „SORPA vinnur að því þessa dagana að útbúa rafrænar upplýsingar sem verða aðgengilegar viðskiptavinum á næstum vikum. Þar munu þeir geta nálgast ítarlegar upplýsingar um flokkun úrgangs og hvert megi skila mismunandi tegundum svo hægt sé að nýta hráefnin í úrganginum.



„Við hvetjum íbúa til að sýna ábyrga umgengni við úrgang," segir Ragna I. Halldórsdóttir hjá SORPU. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grunnhugmyndin er að sýna á einfaldan hátt hvað er hægt að flokka og endurvinna."

**Eru einhver spennandi verkefni framundan hjá ykkur?** „Framundan hjá SORPU er mjög stórt og spennandi verkefni sem mun auka endurnýtingarhlutfall heimilisúrgangs í yfir 95%. Verkefnið felst í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar en þar verður lífræni hluti heimilisúrgangsins meðhöndlaður og úr honum framleiddur jarðvegsbætir og metangas. Til að ná sem bestum árangri þarf að tryggja flokkun úrgangs og ná sem mestu úr gráu tunnunni fyrir utan lífræna hlutann. Sýningin gengur út á að tengja þessi tvö verkefni; að flokka vel og skila mismunandi efnum í bláu tunnuna, í grenndargáma eða á endurvinnslustöðvar, s.s. pappír, textíl, gleri, plastumbúðum, nytjahlutum og spilliefnum og nýtingu lífrænna efna í gegnum gráu heimilistunnuna, s.s. eldhúsúrgangs, bleia og ryksugupoka."

**Á eitthvað sérstakt eftir að vekja áhuga sýningargesta?** „Ég held að sá árangur sem við ætlum að ná í endurvinnslu heimilisúrgangs á næstu árum muni koma fólki á óvart og vekja athygli sýningargesta."



Hressir og kátir Grænir skátar. Torfi er lengst til vinstri á myndinni.

## GRÆNIR SKÁTAR

Grænir skátar eru sérfræðingar í söfnun á skilagjaldsskyldum umbúðum. Félagið, sem heitir fullu nafni Þjóðþrif – Grænir skátar, er í eigu Bandalags íslenskra skáta og hefur starfað síðan 1989. Á vegum þeirra eru móttökustöðvar víðsvegar um landið þar sem allir geta losað sig við dósir og gefið áfram að sögn Torfa Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Grænna skáta. „Gámar frá okkur eru á öllum grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem við erum á öllum SORPU-stöðvum."

Einnig sjá Grænir skátar um að sækja dósir til fyrirtækja og félagasamtaka. „Þessi þjónusta hefur aukist mikið undanfarin ár. Þá er hringt til okkar og við beðin að sækja dósir sem við fáum gefins. Einnig bjóðum við fyrirtækjum að sækja dósir og greiða ákveðið hlutfall andvirðis þeirra til baka, t.d. í starfsmannasjóð fyrirtækisins."

Allur ágóði af starfsemi Grænna skáta rennur til skátahreyfingarinnar auk þess sem þeir reka verndaðan vinnustað sem býður sextán einstaklingum störf.

Nýlega voru settir skynjarar í alla gáma sem segja til um hversu margar dósir eru í hverjum gámi. „Það þýðir að við sækjum dósirnar þegar gámurinn er að fyllast. Fyrir vikið getur fólk alltaf gengið að því vísu að nóg pláss sé í gámnum þegar það skilar dósum. Þeir breyta öllu og hækka þjónustustig okkar enn frekar."

# Einföld ráð virka alltaf best

Starfsmenn Umhverfisstofnunar munu leggja áherslu á upplýsingagjöf og fræðslu í Perlunni. Mikil vakning er í samfélaginu þegar kemur að flokkun og endurvinnslu úrgangs og vilja starfsmenn taka þátt í þeirri vakningu.

Eitt af meginhlutverkum Umhverfisstofnunar er að beita sér fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Stofnunin er í grunninn stjórnsýslustofnun og hefur sem slík aðkomu að margvíslegum verkefnum sem tengjast auðlindanýtingu en er á sama tíma einnig þjónustustofnun og vill vera í góðum tengslum við almenning í landinu að sögn Guðmundar B. Ingvarssonar, teymisstjóra á sviði sjálfbærni hjá stofnuninni. „Frá þessu sjónarhorni kjósum við að nálgast sýninguna og leggjum því áherslu á upplýsingagjöf og fræðslu til almennings. Hér á Íslandi lifum við flest við allsnægtir, höfum nóg að bíta og brenna, og því miður er sóunin í samræmi við það. Við gleymum stundum að gjörðir okkar í dag hafa áhrif á komandi kynslóðir.“

**ÓÞARFA SÓUN**

Þótt landsmenn standi sig að ýmsu leyti ágætlega, t.d. þegar kemur að flokkun og endurvinnslu úrgangs, lifum við í neyslusamfélagi og því fylgir óþarfa sóun að sögn Guðmundar. „Núna er þó mikil vakning í samfélaginu um að taka á þessum málum og gera betur. Við hjá Umhverfisstofnun viljum taka virkan þátt í þeirri vakningu, ganga á undan með góðu fordæmi og með fræðslu aðstoða fólk í rétta átt.“

Á sýningunni er ætlunin að hitta almenning, ræða umhverfismál og gefa góð ráð um hvernig almenningur getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að búa komandi kynslóðum sem bjartasta framtíð. „Á sýningarbás okkar, sem unninn var í samstarfi við nokkra nemendur Listaháskóla Íslands, verður t.d. fjallað um matarsóun. Við munum sýna með mjög sjónrænum hætti nýjar niðurstöður úr rannsókn á umfangi matarsóunar, sem við höfum unnið að á þessu ári. Einnig verða sýnd ótrúleg gæði þeirra matvæla sem finna má í ruslagámum. Það má segja að þessi hluti sýningarbássins verði settur upp með svipuðu formi og listasýning. Okkur langar einnig að taka upp umræðu um þann einnota lífsstíl sem er algengur í dag, bæði gagnvart plasti og fatnaði.“

**VEITA AÐSTOÐ**

Ætlunin er þó ekki að einblína á það neikvæða heldur fyrst og fremst aðstoða fólk við að draga úr sóun og skilja þannig eftir þekkingu hjá gestum sýningarinnar. „Yfirleitt eru það einföldustu ráðin sem virka best, t.d. að læra að nota eigið nef við að meta hvort matvæli séu í lagi til neyslu, að raða matnum skipulega í ísskápinn, að nota margnota poka í verslunarferðum eða að staldra örlítið við áður en ný flík er keypt. Við ætlum að kynna fólki þessi ráð og miklu fleiri. Ég held líka að það muni koma á óvart hvað smávægilegar breytingar á neyslumynstrinu geta skilað miklum ávinningi. Einnig munum við kynna umhverfismerki fyrir gestum en með því að velja umhverfismerktar vörur er farin mjög auðveld leið til að draga úr álagi á auðlindir, svo ekki sé minnst á ávinninginn fyrir heilsuna.“



**„Við gleymum því stundum að gjörðir okkar í dag hafa áhrif á komandi kynslóðir,“ segir Guðmundur B. Ingvarsson, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun.** MYND/GVA

# Umhverfislegur ávinningur

Sífellt meiri áhugi er á flokkun meðal allra landsmanna. Á Saman gegn sóun mun starfsfólk Gámaþjónustunnar leiðbeina gestum sýningarinnar í þeim efnum með góðu spjalli.

Gámaþjónustan mun sýna ýmis flokkunarílát, tunnur og gáma á sýningunni í Perlunni. Fyrirtækið, þar á meðal dótturfélög þess Hafnarbakki og Efnamóttakan, hafa einsett sér að safna úrgangi og endurvinnsluefnum, finna leiðir til að koma sem mestu af því í farveg endurvinnslu og auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum flokkun að sögn Rögnu Dagbjartar Davíðsdóttur, sölustjóra hjá Gámaþjónustunni. „Með því næst hagkvæmni og umhverfislegur ávinningur. Sífellt meiri áhugi er á flokkun meðal landsmanna og mun starfsfólk Gámaþjónustunar leiðbeina gestum sýningarinnar í þeim efnum. Einnig verða kynntir djúpgámar og auðvitað sýndir bílar. Starfsmenn munu þó ekki dreifa bæklingum og blöðum því það er jú bara sóun og oftar en ekki enda þeir hjá okkur aftur. Þess í stað viljum við leggja áherslu á persónuleg samskipti þar sem fólk kemur og spjallar við ráðgjafa okkar. Síðast en ekki síst verðum við með bíla fyrir utan Perluna sem sýningargestir geta skoðað. Eftir þessa sýningu vonumst við til að gestir taki með sér heim frekari vitneskju um nauðsyn þess að draga úr neyslu, sóun og fara betur með auðlindir jarðar, t.d með því að flokka og skila til endurvinnslu.“



**Ragna Dagbjört Davíðsdóttir er sölustjóri hjá Gámaþjónustunni.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SNYRTILEG LAUSN**

Meðal nýrra lausna sem fyrirtækið sýnir í Perlunni eru djúpgámar. Þeir eru snyrtileg lausn þar sem pláss er lítið en safna þarf miklu af úrgangi. „Við vonumst einnig til að geta sýnt fyrsta þrískipta söfnunarbílinn á Íslandi en hann verður tekinn í notkun á Akureyri í haust. Hann mun auðvelda enn frekar söfnun á flokkuðum úrgangi og endurvinnsluefnum.“

Sífellt meiri eftirspurn er eftir skýrslum frá Gámaþjónustunni um magn úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda að sögn Rögnu. Hún segir fyrirtæki óska eftir slíkum skýrslum fyrir t.d. grænt bókhald og til að fylgjast með hvernig gengur að ná ákveðnum markmiðum sem þau hafa sett sér í úrgangsmálum, ekki síst hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda. „Rétt meðhöndlun úrgangs og endurvinnsluefna er stór þáttur á þeim vettvangi. Þeim fyrirtækjum fer fjölgandi sem leggja aukna áherslu á að lágmarka þann úrgang sem endar í urðun. Þessu fylgir auðvitað líka aukin eftirspurn eftir ráðgjöf og kynningum.“

> „Sífellt meiri áhugi er á flokkun meðal landsmanna og mun starfsfólk Gámaþjónustunar leiðbeina gestum sýningarinnar í þeim efnum. Einnig verða kynntir djúpgámar og auðvitað sýndir bílar.
>
> Ragna Dagbjört Davíðsdóttir

**BÆKUR OG ÍS**

Hún á von á skemmtilegri sýningu enda margt áhugavert í boði fyrir alla aldurshópa. „Hvað mig varðar þá hlakka ég til að gramsa í gefins bókum og auðvitað að fá mér ís. Hins vegar verður mest að gera hjá mér við að svara fyrirspurnum um flokkun og leiðbeina fólki með ílát undir úrgang og endurvinnsluefni. Það hefur verið mikil vakning á Íslandi varðandi flokkun úrgangs og fólk vill almennt gera þetta vel.“



## SAMAN GEGN SÓUN

Saman gegn sóun er fjölbreytt og fróðleg sýning fyrir alla fjölskylduna og verður haldin í Perlunni í Reykjavík um helgina.

- Hægt að taka þátt í ratleik
- Lærðu allt um flokkun
- Fáðu bók gefins
- Skoðaðu trjátætara
- Skemmtileg tæki og tól
- Ruslabílar

Sýningin stendur yfir milli kl. 14 og 18 á föstudag og milli 12 og 17.30 á laugardag.
Ókeypis er inn á sýninguna.

Nánari upplýsingar á www.fenur.is.

## HREINSUNARGLAÐIR HERMENN

Blái herinn var stofnaður árið 1995 og hefur undanfarna tvo áratugi skipulagt og framkvæmt yfir 100 hreinsunarverkefni í nokkrum sveitarfélögum á landinu. Upphaflega var Blái herinn hópur nemenda Tómasar J. Knútssonar sem námu sportköfun hjá honum á sínum tíma. Nemendur voru mjög margir og unnu við alls kyns hreinsunarstörf í höfnum á Suðurnesjum að sögn Tómasar. „Við tíndum dekk, rafgeyma og alls konar drasl. Við fjármögnuðum þessi verkefni með því að leita og kafa eftir gömlum akkerum sem mikið var af í víkinni út af Keflavík. Þannig gátum við safnað nóg fyrir litlum gúmmíbát og lyftibelgjum sem við notum svo þegar við hreinsum rusl af hafsbotni.“

Í kjölfarið hóf hópurinn að hreinsa strandlengjuna við þá köfunarstaði sem hann stundaði, t.d. við bryggjurnar í Garði, Höfnum og í Keflavík. „Blái herinn hefur sífellt verið í því hlutverki að hvetja sveitarfélög til hreinsunarverkefna í sínum byggðarlögum í gegnum árin. Sú hvatning hefur skilað mikilli umhverfisvakningu meðal fólks á svæðinu og erum við afar ánægð með það.“

Á undanförnum árum hafa liðsmenn Bláa hersins haldið tugi fyrirlestra um umhverfismál, heimsótt marga leik-, grunn- og framhaldsskóla og haldið bæði fyrirlestra og sýnt sjávardýr til fróðleiks fyrir yngstu kynslóðirnar. „Við höfum einnig fundað með og rætt við alla umhverfisráðherra frá því að embættið var stofnað og barist fyrir grænni byltingu og sjálfbærni á Íslandi.“

Verkefnin í ár hafa verið af ýmsum toga að sögn Tómasar. „Það má m.a. nefna verkefnið Hafskógar Bláa hersins, úr sjó í skóg. Þar hvöttum við sveitarfélög á Suðurnesjum og víðar til að hreinsa fjörur á meðan við útveguðum tré til ræktar á móti. Einnig gengu nokkrir erlendir hópar til liðs við okkur í sumar, t.d. sjóliðar af herskipum, nemendur við MIT-háskólann í Bandaríkjunum og um daginn mættu yfir 50 manns í samstarfsverkefni okkar og bandaríska sendiráðsins sem fór fram við Selvogsvita.“



**Blái herinn kemur víða við í hreinsunarverkefnum sínum**

## BÍLAR & FARARTÆKI

PLANIÐ bílasala 5170000



SUZUKI Swift 4x4. Árgerð 2015, ekinn 5 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.107381.



TOYOTA Corolla wagon terra vvti. Árgerð 2007, ekinn 184 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.107317.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

BRAUT BÍLASALA



**SÁ ÖFLUGI.**

MERCEDES BENZ E 500 avantgarde Árgerð 2002 ekinn 185 Þ.KM bensín sjálfskiptu rnýskoðaður 17 . Tilboðs Verð kr 1.750.000. Rnr.102267.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

Toyota Kauptúni



Leikritið hefur tekið stöðugum breytingum á æfingartímanum, að sögn Sólveigar. Fyrst átti það að vera einleikur en svo enduðu þær María á að hafa eiginmanninn með á sviðinu. „Þetta er óumdeilanlega saga þeirra hjóna. Ég leik Sóleyju Rós og Sveinn Ólafur Gunnarsson leikur Halla, manninn hennar. Við Sveinn Ólafur erum búin að leika mikið saman og þekkjumst vel," segir hún.

Sólveig segir leikritið lýsa sögu hvunndagshetju og líkir Sóleyju ræstitækni við Bjart í Sumarhúsum og Þóru í Hvammi sem Íslendingar þekkja úr Sjálfstæðu fólki og Dalalífi. „Hvunndagshetjur eru allt í kringum okkur og hafa alltaf verið. Það sem er spennandi við þetta efni er að það speglar þann samtíma sem við lifum í. Þetta er falleg og einlæg frásögn og mikilvæg sýning, ekki síst miðað við umræðuna sem hefur verið í gangi í þjóðfélaginu að undanförnu. Ástæðan fyrir því að konan fyrir norðan var tilbúin til að segja sína sögu er sú að það þarf að tala um svona mál og hlusta á þá sem eru tilbúnir til að tala um þau."

gun@frettabladid.is



# Halda tónleika í gömlu sláturhúsi

Nokkrar hæfileikakonur úr KÍTÓN, félagi kvenna í tónlist, halda ókeypis tónleika annað kvöld í Sjávarborg á Hvammstanga, sem breyst hefur úr sláturhúsi í fallegan veitingastað og menningarhús. Konurnar hafa dvalið í bænum frá 4. september í tónsmiðju og unnið saman í pörum við að semja tónlist og texta. Nú ætla þær að flytja afrakstur þeirrar vinnu.

Þátttakendur í tónsmiðjunni eru Ásbjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Elsa Turchi, Ingunn Huld, Unnur Sara Eldjárn, Unnur Birna og Þóra Björk.

„Það var mikilvægt fyrir okkur að geta komist frá amstri hversdagsleikans og unnið óhindrað í tónlist á nýjum stað. Hvammstangi er gersamlega yndislegur staður og fólkið ekki síðra. Við leggjum áherslu á samstarf við heimamenn enda búa hér þvílíkar hæfileikabombur.“

**gun@frettabladid.is**



**Tónlistarkonurnar hafa sótt sér innblástur á Hvammstanga og gefa til baka með ókeypis tónleikum annað kvöld.** MYND/NANNA HÖJGAARD GRETTISDÓTTIR



**Sigurður Halldórsson sellóleikari verður með hádegisfyrirlestur í tónlistardeild LHÍ á morgun.**

# Hverju breytir tónlist?

Fyrsti hádegisfyrirlestur tónlistardeildar á þessu starfsári verður 9. september kl. 12.45. Fyrirlesturinn fer fram í Sölvhóli, Sölvhólsgötu 13, og er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

Á fyrirlestrinum fjallar Sigurður Halldórsson tónlistarmaður um þá fjölmörgu möguleika sem í tónlistinni felast og geta nýst samfélaginu til góðs umfram annað tjáningar- og samskiptaform eða aðrar listgreinar, og hvernig starfsvettvangur góðra og vel menntaðra tónlistarmanna á sér nánast engin takmörk. Hann lýsir dæmum úr nokkrum skapandi tónlistarverkefnum sem eiga það sammerkt að taka á fjölmörgum þáttum mannlegrar tilveru.

Tónlistarmenn eru í kjöraðstöðu til að tengja, efla, byggja upp, sætta og jafnvel lækna ásamt því sjálfgefna; að fullnægja andlegum þörfum. En eru þeir að nýta vel hæfni sína og þjálfun til að virkilega hreyfa við hlutum? Eru þeir að sjá tækifærin sem felast í þeim dýrmætu hæfileikum sem þeir búa yfir? Pýramídavæðing iðnbyltingarinnar segir okkur að við eigum að einbeita okkur að einum þætti og láta aðra um hitt. En allt „hitt“ sem tónlistin hefur er þó það mikilvægasta, vanmetnasta og var áður en einstaklingshyggja ruddi sér til rúms jafnframt að líkindum sá vaki sem hreyfði við fólki í árþúsundir til að sameinast í listrænni tjáningu. Þar sem hópur verður að einni veru – einu afli þar sem traust ríkir og getur tengt, eflt, byggt upp, sætt og jafnvel læknað.

Sigurður Halldórsson nam sellóleik hjá Gunnari Kvaran við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Guildhall School of Music í London hjá Raphael Sommer. Auk þess að stunda nám á selló við einleikaradeild Guildhall School lærði hann einnig söng, kammertónlist og Performance and Communication Skills (PCS) sem tekur á ýmsum félagslegum þáttum þess að vera starfandi tónlistarmaður í síbreytilegum heimi. **– mg**


# Alþjóðlegur dagur sjúkraþjálfara

## 8. september

Sjúkraþjálfarar eru sérhæfðir í hreyfigreiningu, þjálfun og forvörnum. Þeir greina hreyfivanda og annan vanda sem aftrar fólki frá því að vera virkt og sjálfstætt. Þeir finna leiðir fyrir fólk til aukinnar þátttöku með meðferð, endurhæfingu, þjálfun og hvatningu.

Tæplega 600 sjúkraþjálfarar starfa á sjúkra- og endurhæfingarstofnunum, hjúkrunarheimilum, á einkareknum starfsstofum sjúkraþjálfara og hjá íþróttafélögum.

Sjúkraþjálfarar sinna árlega um 50 þúsund landsmönnum um allt land, frá rúmliggjandi sjúklingum til afreksíþróttamanna.

FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA





**Atriði úr kvikmyndinni Eiðurinn eftir Baltasar Kormák.** MYND/ LILJA JÓNS ©RVK STUDIOS

# Sálfræðitryllir og hefndarsaga í fínum umbúðum

**KVIKMYNDIR**

**Eiðurinn**
★★★☆☆

**Leikstjóri:** Baltasar Kormákur
**Framleiðendur:** RVK Studios, Agnes Johansen, Baltasar Kormákur og fleiri
**Aðalleikarar:** Baltasar Kormákur, Gísli Örn Garðarsson, Hera Hilmarsdóttir, Margrét Bjarnadóttir
**Myndataka:** Óttar Guðnason
**Klipping:** Sigvaldi J. Kárason

Seint verður sagt að Baltasar Kormákur sé ekki þjarkur í sínu fagi, miðað við þann fjölda verkefna sem hann dælir út. Fínt er þó að sjá manninn vera með annan fótinn í Hollywood en samtímis reglulega halda hinum hér á heimavelli. Með Eiðnum snýr hann sér að dramatrylli um hvert foreldraeðlið getur farið með mann undir mjög strembnum kringumstæðum, þemu sem eru Balta alls ekki ókunnug á ferlinum.

Baltasar leikur skurðlækninn Finn, sem í fyrstu virðist vera með allt sitt í blússandi standi. Fljótlega uppgötvar hann að dóttir hans, Anna, er komin í neyslu og í samband við skuggalegan dópsala, Óttar. Dóttirin sér ekki sólina fyrir nýja kærastanum en Finnur neitar að horfa upp á hana sökkva dýpra. Lausnin er þá að losa sig við glæpamanninn, hvað sem það mun kosta, en þá er spurningin hvort Finnur sé tilbúinn að taka afleiðingunum.

Leikstjórinn sækir örlítið í tóninn sem hann lék sér að í myndum eins og Mýrinni og Inhale, en síður skilaboð þeirra og innihald. Hann hefur góð tök á andrúmsloftinu og sér til þess að halda því bláköldu og raunsæju að mestu. Aðstæður í myndinni skiptast gjarnan á milli þess að vera afar grípandi og býsna ótrúverðugar, en útkoman gengur upp.

Handrit þeirra Baltasars og Ólafs Egilssonar þræðir saman lágstemmdan sálfræðitrylli og dökka hefndarsögu. Framvindan heldur áhorfandanum við efnið og tekst að bæta upp fyrir ýmsar holur í handritinu með sannfærandi samtölum og spennuuppbyggingu sem sýnir að myndin hefur púls. Áhugavert er hvernig sagan spilar með samúð áhorfandans í garð ákveðinna persóna. Það helsta sem hefði mátt fjúka eða lagfæra er lokahluti myndarinnar. Hann passar sérstaklega illa við og kæmi ekki á óvart ef margir Íslendingar myndu ósjálfrátt hugsa til annarrar frægrar myndar sem skartar mörgum sömu leikurum. Segi ekki hverrar …



MYND/LILJA JÓNS ©RVK STUDIOS

Kvenpersónur myndarinnar hafa reyndar ekki úr miklu að moða, án þess að það bitni á frammistöðu Heru Hilmarsdóttur, sem blæs miklu lífi í Önnu. Fínt hefði verið að fá meira af tengingu aðalpersónunnar við dóttur sína og ekki síður eiginkonu. Einnig fær Ingvar E. Sigurðsson ósköp lítið að gera í hlutverki samstarfsmanns Finns.

Sumar ákvarðanir Finns virðast ekki alltaf vera í samræmi við karakter hans, en þó er unnið ágætlega úr þróun persónunnar. Baltasar túlkar hann af fagmennsku og kemur vel út í forgrunninum, í flottu formi þar að auki – sem reyndar er ítrekað lögð áhersla á í gegnum tómstundir Finns. Baltasar hefur ekki sést á bíótjaldi síðan Reykjavík-Rotterdam kom út en hann sýnir áreynslulaust hversu gefinn hann er fyrir smáatriði í tilfinningasenum. Í hlutverki Finns tekst honum að vera viðkunnanlegur, afslappaður, ófyrirsjáanlegur og áhorfendur ná að tengja við persónuna. Gísli Örn Garðarsson er sömuleiðis góður með þynnra hlutverk í höndunum og gefur ómenninu Óttari eitthvað smávegis auka. Sterkustu senurnar eru yfirleitt með þeim Balta saman.

Því miður verður söguþráðurinn fyrirsjáanlegri eftir því sem á líður en þá fer formúlum fjölgandi. Hvað tæknivinnslu varðar er heildin glæsileg. Klippingin er flott og kvikmyndatakan er til mikillar fyrirmyndar að ógleymdum nokkrum þrælmögnuðum þyrluskotum. Það verður ekki tekið af leikstjóranum Baltasar að í kvikmyndum sínum nýtir hann umgjörðina fyrir allan aurinn.

Helstu kostir Eiðsins skrifast að mestu á Baltasar og tök hans á efninu fyrir framan og aftan vélina, þrátt fyrir vankanta hér og þar. Myndin fær enga plúsa fyrir frumlegheit en tilfinningakjarninn heldur henni gangandi og það ætti að lyfta henni upp í prýðisfín meðmæli.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Eiðurinn stendur betri verkum Baltasars nokkuð að baki og skilur í heildina ekki mikið eftir sig, en hún er faglega gerð og mátulega spennandi.



# HELGAR-STEIKIN

Goða hryggur - Frosinn
Verð
**1.699**
Kr. Kg.

GOÐI



OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30 | |
| WAR DOGS VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10:30 | |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | L |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 - 10:40 | |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 | L |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| BEN-HUR | KL. 10:20 | |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 8 | L |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 | |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | L |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 5:30 | L |
| BEN-HUR | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 | |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 | L |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 - 10:30 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 | |
| BEN-HUR | KL. 8 | |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 | |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| BEN-HUR | KL. 8 | |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 | |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | L |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WAR DOGS | 8, 10:25 |
| NÍU LÍF | 6 |
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| SAUSAGE PARTY | 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 6 |
| JASON BOURNE | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. SEPTEMBER

### Fundir

**Hvað?** Konur sem stjórna: Rætt um stöðu kvenna í pólitík
Hvenær? 20.00
Hvar? Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
Konur á Alþingi hafa brotið glerþakið og eru í dag 46% þingmanna. Kynjahlutfallið hefur aldrei verið jafnara. Meirihluti þeirra flokka sem bjóða fram lista í alþingiskosningunum tryggir að kynjahlutfallið sé sem jafnast, en ekki allir. Kvenréttindafélag Íslands heldur fund um konur í pólitík í samstarfi við kvennahreyfingar stjórnmálaflokkanna sem sitja nú á þingi. Hver er reynsla kvenna af starfi á Alþingi? Hver er reynsla kvenna í stjórnmálum og á opinberum vettvangi? Skiptir máli að tryggja jafna þátttöku kynjanna í pólitík? Á meðal þeirra sem koma til með að ávarpa fundinn eru Fríða Rós Valdimarsdóttir, Björt Ólafsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Ásta Guðrún Helgadóttir. Allir eru velkomnir.

**Hvað?** Fyrsti viðburður nýs starfsárs UAK
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Nauthóll
Í kvöld verður haldinn fyrsti viðburður Ungra athafnakvenna starfsárið 2016 til 2017. Viðburðurinn er opinn öllum þeim sem hafa áhuga á starfsemi félagsins. Stuttlega verður farið yfir starfsemi Ungra athafnakvenna og farið yfir þá viðburði sem liggja fyrir í vetur. Á viðburðinn mætir engin önnur en frú Vigdís Finnbogadóttir og mun hún segja nokkur orð. Kristín Friðgeirsdóttir mun einnig mæta og deila reynslu sinni með gestum en hún er með doktorsgráðu í rekstrarverkfræði og starfar sem dósent við London Business School.

**Hvað?** Ofbeldi, áhrif á heilsufar og líðan
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Sigrún Sigurðardóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, heldur fyrsta fyrirlestur haustmisseris í fyrirlestraröð RIKK í hádeginu í dag. Fyrirlestur Sigrúnar nefnist „Ofbeldi, áhrif á heilsufar og líðan“. Fyrirlestraröðin fæst við kynbundið ofbeldi og áhrif kynjakerfisins á heilsufar. Sigrún er sérfræðingur í erfiðum upplifunum í æsku og áhrifum þeirra á heilsufar og líðan síðar á ævinni og hefur hún unnið að þróun þverfaglegs meðferðarúrræðis sem nefnist Gæfusporin.

**Hvað?** Fjölbreyttar leiðir til læsis
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð
Menntavísindasvið Háskóla Íslands stendur fyrir ráðstefnu um læsi í víðum skilningi í dag. Fjölbreytt dagskrá stendur yfir frá morgni til hádegis. Aðgangur er ókeypis og allir sem hafa áhuga eru velkomnir.

**Hvað?** Útboð á kvóta: Lærdómur Færeyja
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Sjóminjasafnið, Grandagarði
Samfylkingin býður til hádegisfundar í Sjóminjasafninu í dag en þar verður fjallað um útboð á kvóta og Sjúrður Skaale frá færeyska Jafnaðarmannaflokknum segir frá stefnumörkun færeyskra stjórnvalda í sjávarútvegsmálum. Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, setur fundinn. Í lok fundarins verða svo pallborðsumræður þar sem Valmundur Valmundarson, Heiðrún Lind Marteinsdóttir og Logi Már Einarsson ræða málin. Sérstakt tilboð verður á hádegisverði fyrir gesti fundarins.


Vigdís Finnbogadóttir mætir á fyrsta fund vetrarins hjá Ungum athafnakonum á Nauthóli kl. 20.00 í kvöld.

### Tónleikar

**Hvað?** Gyða Valtýsdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónleikar með tónlistarkonunni Gyðu Valtýsdóttur fara fram í kvöld. Gyða hóf tónlistarferilinn á táningsaldri með hljómsveitinni Múm. Hún yfirgaf sveitina til að einbeita sér að klassísku tónlistarnámi og lærði hún meðal annars í Rimsky-Korsakov Conservatory í St. Pétursborg. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur.

**Hvað?** DJ Margeir og Oculus
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Plötusnúðurinn DJ Margeir er búinn að vera að grafa upp gamlar og nýjar perlur úr plötusafninu sinu og ætlar að spila sérstakt vínylsett. Oculus ætlar svo að taka með sér alla samplerana og synthana sína og framleiða alls konar framúrstefnuleg hljóð og takta ásamt því að spila glænýtt frum-


DJ Margeir spilar hressa tóna á Paloma í kvöld klukkan 22.00.


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Einbýlishús á einni hæð í Fossvogi

Höfum fengið til sölumeðferðar virkilega glæsilegt og mikið endurnýjað 255 fermetra einbýlishús á einni hæð á mjög fallegri og gróinn lóð á afar eftirsóttum stað neðarlega í Fossvoginum.

Allar nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali
í síma 570-4500 eða á netfanginu gtj@fastmark.is



LUNDUR FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916


Karl Gunnarsson
lögg. fasteignasali
s. 898 2102


Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignasali
s. 896 1188


Unnur Karen
Karlsdóttir
s. 698 9056

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

www.lundur.is • lundur@lundur.is



Justin Bieber verður vafalaust tignarlegur á sviðinu í Kópavogi í kvöld.

# Bieber í Kórnum

Það er loksins komið að því – ein skærasta poppstjarna í heimi, Justin Bieber, syngur í Kórnum í Kópavogi. Í kvöld er búist við að um 17 þúsund manns mæti á svæðið til að berja drenginn augum svo að fólki er ráðlagt að mæta snemma og líklega er best að sem flestir mæti á svæðið í strætisvögnum. Veislan byrjar svo klukkan sjö. – **sþh**

**ÞAÐ VERÐUR FRÓÐLEGT AÐ FÁ AÐ HLUSTA Á FRÚ VIGDÍSI OG KRISTÍNU DEILA REYNSLU SINNI.**

Andrea Gunnarsdóttir, stjórnarmeðlimur Ungra athafnakvenna, en fyrsti fundur félagsins verður haldinn í kvöld.

samið efni sem hann hefur verið að vinna að í stúdíóinu.

**Hvað?** Upphafstónleikar: Lugansky og Tortelier
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Yan Pascal Tortelier býður upp á sérlega litríka og glæsilega efnisskrá á fyrstu tónleikum sínum sem aðalhljómsveitarstjóri SÍ. Þriðji píanókonsert Rakhmanínovs er einn sá kröfuharðasti sem saminn hefur verið, enda sérsniðinn að risavöxnum höndum tónskáldsins.

## Dans

**Hvað?** Salsa Iceland danskvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Iðnó
Salsa Iceland býður alla fimmtudaga í salsa- og bachata-danskvöld. Byrjendum er boðið í ókeypis prufutíma í salsa frá klukkan 19.30 til 20.30 og eftir það mun dansinn duna fyrir alla glaða. Áhugamenn um dans eru hvattir til þess að láta þennan viðburð ekki fram hjá sér fara. Það þarf ekki að hafa með sér félaga á kvöldið. Aðgangseyrir er 500 krónur eftir klukkan 20.00 en byrjendur fá ókeypis prufutíma ef þeir mæta fyrir það.

## Leikhús

**Hvað?** Leikhúskaffi – Blái hnötturinn
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Fyrsta leikhúskaffi vetrarins verður haldið seinnipartinn í dag á sjálfan bókasafnsdaginn. Dagskráin hefst klukkan 17.30 en þá mun leikstjóri Bláa hnattarins, Bergur Þór Ingólfsson, segja gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins á leikritinu. Eftir kynninguna verður rölt yfir í Borgarleikhúsið þar sem gestir leikhúskaffis fá stutta kynningu á leikmynd og annarri umgjörð sýningarinnar.

# Yoga Moves tvinnar saman jóga, dans og hugleiðslu

Yoga Moves hefur göngu sína að nýju í kvöld eftir sumarfrí. Umsjónarmaður og leiðbeinandi í tímunum er jógakennarinn Tómas Oddur Eiríksson en Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir leiðir hugleiðslu í lok tímans.

Að sögn Tómasar tvinna tímarnir saman jóga, dans og hugleiðslu á einkar lifandi hátt. Plötusnúðurinn Natalie Gunnarsdóttir, sem gengur undir listamannsheitinu DJ Yamaho, tekur að sér að þeyta skífum í kvöld. Áhersla verður lögð á djúpt og nærandi jógaflæði sem inniheldur að miklu leyti bakfettur og hjartaopnun.

Yoga Moves tímarnir hafa slegið í gegn og þykja með eindæmum skemmtilegir enda færa þeir smá djamm og skemmtun í hina annars afslöppuðu íþrótt jóga.

Tímarnir fara fram í húsnæði Dansverkstæðisins við Skúlagötu 30 og kostar þátttaka 2.500 krónur.



Yoga Moves tímarnir þykja einstaklega skemmtilegir enda tvinna þeir saman danstónlist og jóga.






### NCIS
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
365
Fáðu þér áskrift á **365.is**

### MASTERCHEF USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



### TYRANT
Frábærir og hörkuspennandi þættir um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



### BALLERS
Dwayne Johnson er geggjaður í þessum skemmtilegu þáttum um ævintýralegt líf atvinnumanna í bandaríska fótboltanum og lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá þessum sjarmörum.




### BLUE JASMINE
Jasmine neyðist til að flytja inn til systur sinnar í San Francisco eftir að eiginmaður hennar hendir henni út og skilur hana eftir allslausa.



### ONE BORN EVERY MINUTE UK
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.




Krakka Stöðin
### BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ
# Fimmtudagur

## STÖÐ 2
**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.50 The Middle**
**08.15 The Restaurant Man**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45 Marry Me**
**11.10 World's Strictest Parents**
**12.10 Léttir sprettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eat Pray Love**
**15.15 Regarding Susan Sontag**
**16.55 Tommi og Jenni**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Friends**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Undateable** Gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástamálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.



**19.40 The New Girl**
**20.05 Masterchef USA**
**20.45 NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**21.30 Tyrant**
**22.25 Ballers** Önnur syrpa þessara frábæru þátta með Dwayne The Rock Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp ameríska fótboltaleikara og fjölskyldur þeirra.



**22.55 Rizzoli & Isles**
**23.40 The Tunnel**
**00.30 The Third Eye**
**01.20 Aquarius**
**02.05 Mission: Impossible II**
**04.05 NCIS: New Orleans**
**04.50 Killers**

## SPORT
**09.05 Króatía - Tyrkland**
**10.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017**
**11.10 Tékkland - Norður-Írland**
**12.50 Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna**
**13.35 Spánn – Liechtenstein**
**15.15 NFL Hard Knocks**
**16.10 Noregur – Þýskaland**
**17.50 Slóvakía – England**
**19.30 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**20.20 Premier League World 2016/2017**
**20.50 NFL Hard Knocks**
**21.45 Formúla 1 2016 - Keppni**
**00.05 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**00.55 Premier League World 2016/2017**

## STÖÐ 3
**17.50 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Hið blómlega bú 3**
**20.25 Geggjaðar græjur**
**20.45 One Born Every Minute UK**
**21.35 Drop Dead Diva**
**22.20 NCIS: New Orleans**
**23.00 Fóstbræður**
**23.30 Entourage**
**23.55 Hið blómlega bú 3**
**00.25 Geggjaðar græjur**
**00.45 One Born Every Minute UK**

## KRAKKASTÖÐIN
**07.00 Kalli á**
**07.25 Ævintýri Tinna**
**07.47 Mæja býfluga**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.37 Stóri og Litli**
**10.49 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Kalli á þakinu**
**11.25 Ævintýri Tinna**
**11.47 Mæja býfluga**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá**
**12.47 Doddi litli og**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.37 Stóri og Litli**
**14.49 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Kalli á þakinu**
**15.25 Ævintýri Tinna**
**15.47 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.37 Stóri og Litli**
**18.49 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Hákarlabeita 2**



## GOLFSTÖÐIN
**08.00 Golfing World 2016**
**08.50 Scottish Open**
**10.20 Deutsche Bank Championship**
**16.50 PGA Tour 2016 – Highlights**
**17.45 Golfing World 2016**
**18.35 Inside the PGA tour 2016**
**19.00 BMW Championship**
**23.00 Champions Tour Highlights 2016**

## BÍÓSTÖÐIN
**12.00 Trip to Italy**
**13.50 Just Friends**
**15.25 Big Daddy**
**17.00 Trip to Italy** Gamanmynd frá árinu 2014 sem fjallar um grínistana Steve Coogan og Rob Brydon sem eru sendir til Ítalíu til þess að prófa hina ýmsu veitingastaði.
**18.50 Just Friends**
**20.25 Big Daddy** Gamanmynd um Sonny Koufax, karlmann á fertugsaldri sem skortir skýr markmið í lífinu. Þrátt fyrir að hafa numið lög er hann enn í hlutastarfi og framtíðin er ekki björt. Kærastan er að gefast upp á honum en þá ákveður Sonny að sýna henni að hann sé fær um að axla ábyrgð. Hann gengur fimm ára strák í föðurstað og heldur þar með að öll vandræði sín séu úr sögunni en það er nú öðru nær.
**22.00 Blue Jasmine**
**23.40 The Thin Red Line**
**02.30 Escape Plan**
**04.25 Blue Jasmine**

## RÚV
**11.45 ÓL fatlaðra 2016**
**16.20 Violetta**
**17.05 Sjöundi áratugurinn – Heimur á heljarþröm**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Eðlukrúttin**
**18.12 Vinabær Danna tígurs**
**18.25 Sanjay og Craig**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Steinsteypuöldin**
**20.45 Ljósan**
**21.10 Vammlaus**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 ÓL fatlaðra 2016: Samantekt**
**22.35 Glæpahneigð**
**23.20 Dicte II**
**00.10 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Black-ish**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 My Kitchen Rules**
**09.45 Secret Street Crew**
**10.35 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Odd Mom Out**
**13.55 Survivor**
**14.40 America's Funniest Home Videos**
**15.05 The Bachelor**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**20.15 Girlfriends' Guide to Divorce**
**21.00 BrainDead**
**21.45 Zoo**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Harper's Island**
**00.35 Sex & the City**
**01.00 Law & Order: Special Victims Unit**
**01.45 American Gothic**
**02.30 BrainDead (9:13)**
**03.15 Zoo**
**04.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.40 The Late Late Show with James Corden**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ER NÝR BÚVÖRUSAMNINGUR Í ÞÁGU NEYTENDA?

## VERÐMYNDUN Á INNFLUTTUM OSTI





**Samkvæmt núverandi samningum á fullum gjöldum án tollkvóta**

**Innkaupsverð** 500 kr/kg
**+30% tollur** 150 kr/kg

---

**+magntollur** 430 kr/kg
**Samtals** 1.080 kr/kg

**Samkvæmt tillögu í nýjum búvörusamningi á fullum gjöldum án tollkvóta**

**Innkaupsverð** 500 kr/kg
**+30% tollur** 150 kr/kg

---

**+magntollur 715** kr/kg
**Samtals 1.365** kr/kg

Samtals þýðir þetta að kostnaðarverð á osti sem fluttur er á fullum gjöldum til landsins **hækkar um 285 krónur á kíló**.

Þá er eftir að taka tillit til annarra opinberra gjalda og álagningar, þannig að verðhækkunin til neytenda er á endanum enn meiri.

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Tölurnar í þessari auglýsingu eru eingöngu í dæmaskyni og ber ekki að líta á þær sem nokkurs konar verðleiðbeiningu.



# Tískan í háloftunum

Yfir flugfreyju- og flugþjóna starfinu ríkir viss glamúrblær og hafa flugfreyjubúningar breyst mikið á síðustu áratugum og endurspegla vel tísku hvers tíma. Fréttablaðið fékk Önnu Margréti Jónsdóttur, fyrrverandi flugfreyju og tískulöggu, til að segja okkur sína skoðun.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Ég fór snemma að vinna í tískuverslun með skóla og varð enn „verri“ tískufíkill eftir það. Ég hélt að þessi áhugi á tísku myndi eldast af mér en svo var ekki, allavega ekki enn og mun sennilega ekki breytast úr þessu. Ég hef mörgum sinnum verið hið svokallaða ‘fool for fashion’ og á mjög mörg tískuslys að baki, herðapúðar og hársprey á áttunda áratugnum eru þar á meðal,“ segir Anna Margrét Jónsdóttir, einn eigenda ferðaskrifstofunnar Around Iceland, spurð út í áhuga sinn á tísku.

Anna Margrét starfaði áður sem flugfreyja og hefur séð hvernig tískan í háloftunum hefur þróast í gegn um árin. Sjálf hefur hún klæðst bæði flugfreyjubúningum WOW air og Icelandair.

**AÐ MÍNU MATI MÁ EINKENNISFATNAÐUR EKKI VERA OF HÁÐUR TÍSKU, HANN ÞARF AÐ VERA KLASSÍSKUR OG GOTT AÐ VINNA Í HONUM.**



„Á tímabili reyndi ég að rokka upp einkennisfatnaðinn minn sem flugfreyja, við litlar undirtektir yfirmanna minna. Að mínu mati má einkennisfatnaður ekki vera of háður tísku, hann þarf að vera klassískur og gott að vinna í honum."

Anna segir einkennisbúninga Icelandair hafa tekið allmörgum breytingum í gegn um árin eins og gefur að skilja. Að hennar mati er núverandi búningur flugfélagsins, sem hannaður var af Steinunni Sigurðardóttur, sá fallegasti.

„Búningurinn sem er í notkun hjá Icelandair núna er ansi flottur en það er samt sem áður kominn tími á endurbætur. Flugfreyjur og -þjónar Icelandair eru mjög stór hópur og á breiðu aldursbili og hefur Steinunni tekist að gera búning sem hentar flestum. Í dag er í boði að vera í buxum en persónulega finnst mér alltaf dragtin með hvítri skyrtu, aðsniðnum jakka, hatturinn og eins háir hælar og mögulegt er, vera málið,“ segir hún.

Undanfarin ár hefur einkennisbúningur WOW air vakið töluverða athygli, en hann er virkilega áberandi vegna fjólubláa litarins.

„Einkennisfatnaður WOW air er ansi djarfur, og held ég að hann eigi að vera það. Mjög djarfur litur og fer flestum vel. Það er ekki eins breiður aldurshópur hjá WOW air eins og er hjá Icelandair og þess vegna er hægt að rokka þann búning meira en hinn,“ segir Anna og bætir við að persónulega finnist henni meiri klassi yfir einkennisfatnaði Icelandair. **gudrunjona@frettabladid.is**



**Búningurinn sem er í notkun hjá Icelandair núna er ansi flottur en það samt sem áður kominn tími á endurbætur.**



**Einkennisfatnaður WOW air er ansi djarfur, og held ég að hann eigi að vera það.**



# VERÐHRUN!

Allt að **90%**

# AFSLÁTTUR

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## Rýmingarsala bókaútgefenda

BÆKUR FRÁ 99 KR.

## Mörkinni 1

**Opið frá 10-18**




ÁRNASYNIR

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, hefur ákveðið að halda námskeið haustið 2016.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 26. september til 6. október 2016. (Tímar frá 09:15-12:00 og frá 13:15 eða 14:15-17:00 eða 18:00) Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 12. til 26. október. Nánari upplýsingar um fjölda kennslustunda og fyrirkomulag kennslu verða kynntar síðar.

Stefnt er að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 31. október til 9. nóvember 2016. Þá er stefnt að því að próf í síðari hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 14. til 18. nóvember 2016.

Verklega prófraun skal þreyta eftir að fyrri hluta prófi er lokið og eigi síðar en einu ári eftir að lokið er síðari hluta prófi.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 300.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafélags Íslands á slóðinni www.lmfi.is. Við skráningu skal leggja fram afrit prófskírteinis eða vottorð háskóla til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is eða senda á skrifstofu Lögmannafélagsins að Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 22. september 2016.

***Innanríkisráðuneytinu, 6. september 2016***

# Taylor Swift enn og aftur á lausu



Fyrr í vikunni bárust þær fréttir að Taylor Swift væri hætt með leikaranum Tom Hiddleston en þau höfðu aðeins verið saman í tvo og hálfan mánuð. Það varð mikið fjaðrafok þegar þau byrjuðu saman en það var aðeins tveimur vikum eftir að hún hætti með plötusnúðnum Calvin Harris.

Ástalíf Taylor hefur í gegnum tíðina verið mikið á milli tannanna á fólki. Frá því að hún steig fyrst inn í sviðsljósið hefur hún verið dugleg að njóta lífsins með hinum ýmsu mönnum en stundum vill fólk hneykslast á því hversu marga kærasta hún hefur átt.

Fréttablaðið fer yfir stefnumótasögu Swift en hún er ansi fjölbreytt. Nú þegar mikið hefur gengið á er spurning hvort það sé ekki von á plötu frá söngkonunni enda syngur hún mest um sitt eigið ástalíf.




Sjafnarbrunnur 5-19
Byggingarverkefni - raðhúsalóðir




Svan G. Guðlaugsson, aðstm. fasteignasala
svan@miklaborg.is sími: 697 9300

Óskar R. Harðarson lögg. fasteignasali
oskar@miklaborg.is sími: 569 7000





Um er að ræða 8 raðhúsalóðir tilbúnar til að hefja framkvæmdir á

**Sjafnarbrunnur 5-9**
þrjú raðhús á tveimur hæðum hvert að stærð um 220 fm

**Sjafnarbrunnur 11-19**
fimm raðhús á tveimur hæðum hvert að stærð um 230 fm

Allar teikningar fylgja með nema raflagnateikningar
Báðar raðhúsalengjurnar er á sama byggarreit og því hagræðing fyrir þann sem vill kaupa báðar raðhúsalengjurnar

Möguleiki á að yfirtaka hagstætt lóðarlán frá Reykjavíkurborg

Selst saman eða í sitt hvoru lagi

Verð: 84,0 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

# CLINIQUE

## Clinique dagar í snyrtivöruverslunum Hagkaups dagana 8. -14. september.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900,- kr. eða meira*

**Kaupaukinn inniheldur:**
Take the Day Off Makeup Remover – augnfarða- og varalitahreinsi, 50 ml
Liquid Facial Soap – andlitssápu, 30 ml
Smart Custom – Repair Serum – alhliða serum, 10 ml
Deep Comfort Hand and Cuticle Cream – handáburð, 30 ml
All About Aeyeshadow Quad – augnskuggabox með 4 augnskuggum
Quickliner For Eyes Intense – svartan augnblýant
Chubby Lash Fattening Mascara – svartan maskara
Long Last Soft Matte Lipstick – varalit, matte magneta, full stærð.
Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast.




Létt kremgel sem veitir húðinni fullkominn raka í 24 stundir. Það gefur fallegan ljóma og er olíulaust.

**TAXFREE DAGAR**




CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 31.08.16 – 06.09.16




1 Harry Potter and the Cursed Child
J.K. Rowling




2 Hættuspil
Viveca Sten




3 This is Iceland
Ýmsir höfundar




4 Vefur Lúsífers
Kristina Ohlsson




5 Iceland in a Bag
Ýmsir höfundar




6 Næturgalinn
Kristin Hannah




7 The Sagas of Icelanders
Ýmsir höfundar




8 Almenn líffræði
Ólafur Halldórsson




9 Enskar Málfræðiæfingar
Barbo Carlsson og Lena Sjöholm




10 Independent People
Halldór Laxness

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






**Hörður Jóhannesson (t.h.) og Björn Arnar Hauksson (t.v.) eiga og reka Kaffi Laugalæk sem er til húsa í gamla gamla Verðlistanum í Laugarneshverfi. Á milli þeirra stendur yfirkokkur staðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Æskudraumur rætist með Kaffi Laugalæk

Kaffihúsið **Kaffi Laugalækur** opnar dyr sínar fyrir viðskiptavinum í fyrsta sinn nú á morgun föstudag. Kaffihúsið er í eigu tveggja æskuvina og er sannkallað fjölskyldufyrirtæki, en rekstur og hönnun staðarins er meira og minna í höndum vina og ættingja.

Nýtt kaffihús verður opnað í húsnæði gamla Verðlistans við Laugarnesveg á morgun. Staðurinn nefnist einfaldlega Kaffi Laugalækur og er í eigu tveggja æskuvina, Harðar Jóhannessonar og Björns Arnars Haukssonar. Eigendurnir tveir og helstu starfsmenn staðarins eru allir búsettir í Laugarneshverfinu.

Að sögn Harðar, sem mun stýra daglegum rekstri Kaffi Laugalækjar, hefur það lengi verið draumur þeirra félaga að fara út í rekstur saman. Þegar húsnæði Verðlistans bauðst var því ákveðið að láta tækifærið ekki úr greipum ganga.

„Þetta er æskudraumur okkar Björns að rætast. Við höfum talað um að fara út í rekstur saman nánast frá blautu barnsbeini þannig að þegar við sáum þetta hús til sölu var ekkert annað í boði en að stökkva á tækifærið,“ útskýrir Hörður og segir Laugalæk vera „blússandi“ fjölskyldufyrirtæki: Öll smíðavinna var í höndum tengdaföður og mágs Harðar, Svanhildur Una, kona Harðar, sér um bókhaldið og Kristín, kona Björns, sá um að innrétta og hanna hið glæsilega barnahorn staðarins.

„Besti vinur okkar Björns, hann Óli, mun svo standa vaktina í eldhúsinu ásamt yfirkokknum Bjarka Þór Sólmundssyni.“

Matseðill Kaffi Laugalækjar, eða ‘verðlistinn’ líkt og hann nefnist, samanstendur af góðum heimilismat og þjóðlegum súrdeigsflatbökum og er hráefnið sótt til nágrannanna í Frú Laugu og Pylsumeistaranum eftir fremsta megni.

Kaffi Laugalækur verður þó ekki einungis hverfis-kaffihús þeirra Laugnesinga, því mikil áhersla verður einnig lögð á hvers kyns menningarstarfsemi sem og þjónustu við hjólreiðafólk sem á leið um svæðið.



**Magnea Guðmundsdóttir og Eva Huld Friðriksdóttir tóku að sér að hanna rýmið sem er norrænt og grænt; ekki ólíkt nánasta umhverfi kaffihússins, en útivistarsvæðið í Laugardal er aðeins steinsnar frá.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## ÞJÓÐLEGUR MATSEÐILL

Matseðill Kaffi Laugalækjar er einkar frumlegur. Í hádeginu er boðið upp á þrjá rétti: súpu, graut og rétt dagsins.

Á kvöldin verður hins vegar hægt að panta gómsætar súrdeigsflatbökur að hætti hússins, sumar hverjar með ansi þjóðlegu ívafi

**Svið og sulta**
Baka með pönnusteiktum sviðum, rauðlaukssultu, kapers, klettasalati og hægelduðum tómötum

**Hjarta-rætur**
Baka með grilluðum lambahjörtum, kryddlegnum í fardagakáli, og íslensku rótargrænmeti

**VIÐ HÖFUM TALAÐ UM AÐ FARA ÚT Í REKSTUR SAMAN NÁNAST FRÁ BLAUTU BARNSBEINI ÞANNIG AÐ ÞEGAR VIÐ SÁUM ÞETTA HÚS TIL SÖLU VAR EKKERT ANNAÐ Í BOÐI EN AÐ STÖKKVA Á TÆKIFÆRIÐ.**

„Við ætlum að vera dugleg við að bjóða upp á lifandi tónlist, halda regluleg bíó- og upplestrarkvöld og listasýningar. Yfirkokkurinn er líka myndlistarmaður og hann mun koma til með að halda utan um gallerí staðarins. Við höfum sett af stað tólf mánaða sýningaröð með ungum og framsæknum listamönnum og mun hin hæfileikaríki Qwick ríða á vaðið með sýningu sem verður opnuð annað kvöld,“ segir Hörður að lokum. **sara@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Hard Rock CAFE

REYKJAVIK

# HVERSU HARD ROCK ERT ÞÚ?

**Það verður rokk og ról í Reykjavík á laugardaginn þegar áheyrnarprufur Hard Rock Cafe fara fram í Lækjargötu. Þá leitum við að rokkstjörnum til starfa á nýjum og mögnuðum veitingastað okkar.**

Þeir sem mæta í áheyrnarprufurnar þurfa ekki endilega að hafa reynslu af veitingabransanum en þurfa að vera 18 ára eða eldri. Við viljum taka viðtöl við alls konar áhugavert fólk sem hefur brennandi áhuga á að ganga til liðs við Hard Rock-bandið.

Þetta verður alvöru partí að hætti Hard Rock Cafe, djúsbar frá **Joe & The Juice**, tónlist í boði **DJ Gullfoss** og stuð frá upphafi til enda.

Við leitum að fólki í fjölbreytt störf, m.a. þjónum í sal, barþjónum, móttökustjórum ásamt starfsfólki í verslun og eldhús.

**Hard Rock Cafe** er þekkt um heim allan og státar af 168 veitingastöðum í 71 landi. Starf á Hard Rock Cafe er krefjandi, skemmtilegt og getur opnað þér spennandi leiðir út í heim, t.d. að starfa á öðrum Hard Rock Cafe-stöðum í útlöndum.

Ef þú ert efni í alvöru rokkstjörnu og hefur rétta attitjúdið, þá hvetjum við þig til að mæta og negla djobbið.

Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu **Hard Rock Cafe Reykjavik** ásamt laufléttu rokkstjörnuprófi sem þú getur tekið til að hita þig upp fyrir áheyrnarprufurnar.

**Rokk og ról!**

HIRING ROCK STARS!

Visit us on Facebook for details



HARD ROCK CAFE REYKJAVIK  HRCREYKJAVIK  #THISISHARDROCK

PIPAR\TBWA · SÍA

©2015 Hard Rock International (USA), Inc. All rights reserved.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Hve glötuð vor æska?

Árið 1991 fór ég á mína fyrstu stórtónleika. Það voru alvöru tónleikar. Brjótum ísinn í Kaplakrika. Þarna komu fram Quireboys, Slaughter, Bullet Boys, GCD, Artch og Eiríkur Hauksson. Poison hætti við á síðustu stundu af því að bassaleikarinn puttabrotnaði. Ég var nýorðinn 13 ára og hafði nú ekki ráðgert sérstaklega að mæta á þessa tónleika. Ómurinn heyrðist hins vegar alla leið heim til mín í Garðabæinn og mér fannst þetta allt mjög spennandi.

Ég hjólaði af stað og elti hávaðann yfir hraun og læk þangað til ég var kominn í fjörðinn. Þegar þangað var komið tók við rammgirt Kaplakrikasvæðið og kostaði frá 4.500 kr. til 5.500 kr. inn. Það var alveg ljóst að launin sem ég fékk fyrir að bera út DV á þessum tíma buðu ekki upp á slíkan lúxus. Ég endaði á að svindla mér inn á viðburð sem átti eftir að breyta lífi mínu til frambúðar. Tónleikarnir voru stórkostlegir. Bubbi Morthens og Rúni Júl langflottastir.

Blindfullir rokkarar og unglingar í sleik alls staðar og ég fann einhverja undarlega spennu sem ég hafði aldrei upplifað áður. Rokkið hafði náð á mér tökum sem halda enn til dagsins í dag. En nú er öldin önnur. Krakkarnir eru vissulega að fara á tónleika í kvöld. Mamma og pabbi splæsa og miðaverðið er 30 þúsund krónur. Tónlistin er blöðrupopp frá helvíti og strákurinn sem treður upp er með danssveit með sér á sviðinu. Nú er mér ljóst að Sjálfstæðisflokkur og Framsókn eru ekki lengur helsta ógn lands og þjóðar. Nei, það er miklu frekar hin ráðvillta æska sem mætir í Kórinn í kvöld. Guð blessi Ísland.








